ann hefði
ósjálfrátt. Hann fann
endurtók það
hann
Hún þaut áfram —
— Nei, þetta má
— Hún ætlar að taka
Hann sky
og hnipraði sig
og þrýsti andlitinu í
blíðas
hjarta hennar þrútnaði af
hefir vei
álgaðist,
— Það hlýtur að
,Það er hjartað
Undarlegt en slík
gu hennar myrkrinu og
hún er fögur — og hvo
þurrkaði af sér
og fylltist djúp
starði, un
með fullan m
rödd hennar.
draumur.
um hann og lofaði
hræðilega áríðandi

Neistar

Skýringar á táknum

Paraverkefni

Hópverkefni

Neistar

Texta- og verkefnabók í íslensku

ISBN 978-9979-0-1893-3

© 2014 Davíð A. Stefánsson, Sigrún Valdimarsdóttir
© 2014 Teikningar: Lára Garðarsdóttir
Höfundar og rétthafar texta sem vísað er til: Sjá lista á bls. 175

Ritstjórar: Aldís Yngvadóttir og Sigríður Wöhler

Faglegur yfirlestur á 2. og 7. kafla: Bjarki Karlsson
Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2014
Námsgagnastofnun
Kópavogi

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun
Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – Umhverfisvottuð prentsmiðja

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með
ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt,
að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Davíð A. Stefánsson

Sigrún Valdimarsdóttir

Neistar

Texta- og verkefnabók
í íslensku



Efnisyfirlit

Mikilvæg skilaboð til þín 4
Gott að vita um *Neista* 6

1. kafli – Heimurinn vill heyra í þér! 8
Listin að láta í sér heyra 8
Ræðum um umræður og æfum ræður og ræðum æfur 9
Gátlisti og undirbúningur fyrir framsögn 13
Nokkrir gagnlegir molar um tjáningu 14
Þín rödd er aðeins þín 18
Gátlisti og undirbúningur fyrir umræður 20
Að lokum – þetta um framsögn og umræður 24
Taktu stöðuna! 24
Neisti – Að sitja á sér 25

2. kafli – Málfræ, æði og fleira til 26
Málnotkunin, ó málnotkunin 26
Hvað einkennir talmál? 29
Hvað einkennir ritmál? 29
Málfræðin, ó málfræðin 38
Óbeygjanleg orð – Smáorð 39
Atviksorð 43
Samtengingar 46
Aðalsetningar og aukasetningar 48
Upphrópanir 50
Nafnháttarmerki 51
Að lokum – þetta um málfræði og málnotkun 52
Taktu stöðuna! 52
Neisti – Mynd segir meira en þúsund orð 53

3. kafli – Ólíkur texti, alls konar ritun, en alltaf sömu lögmálin 54
Hugsa minna – dansa meira 55
Hjálp í viðlögum – að nýta sér tæknina og netið 57
Við hvern ertu að tala? 60
Leggðu góðan grunn! 62
Blogg um málefni líðandi stundar 64
Rökfærsluritun 65
Alls konar ritun – bland í poka 68
Að lokum – þetta um ritun 72
Taktu stöðuna! 72
Neisti – Það má – eða má ekki ... þú ræður 73

4. kafli – Þú ert grænjan: Um lestur, læsi og úrvinnslu 74
Hvað er fyndið og af hverju? 74
Að skilja eitt með því að lesa um annað 76
Barn náttúrunnar 78
Kjarninn og hismið 80
Lesendur – almennar ráðleggingar 87
Að gera flókið mál einfalt 89
Tölfræði – gluggað í gröfin 90

Tölfræðin sendir skilaboð . . . 93
Að lokum – þetta um læsisgræjuna . . . 94
Taktu stöðuna! . . . 94
Neisti – „Sjö hundruð titlar til viðbótar … “ . . . 95

5. kafli – Heimildaritun er skipulögð hugsun . . . 96
Af hverju heimildaritun? . . . 96
Hugmyndavinna – undirbúningur . . . 98
Heimildir og heimildavinna . . . 99
Hvar er góðar upplýsingar að finna? Ekki gúggla eingöngu! . . . 100
Hvaða upplýsingar teljast áreiðanlegar og hverjar teljast minna öruggar? . . . 101
Uppsetning á heimildaritgerð . . . 106
Undirbúningur fyrir ritun . . . 110
Heimildaritun er alls konar . . . 112
Að lokum – þetta um heimildaritun . . . 114
Taktu stöðuna! . . . 114
Neisti – Rita þú ritgerðina . . . 115

6. kafli – Smásögur – meira en augað nemur . . . 116
Hvar er allan sannleikann að finna? . . . 117
Sögur eftir ungt fólk . . . 118
Kitlandi byrjun á sögu . . . 123
Að skrifa sögu . . . 128
Að læra að hlusta á sig . . . 133
Að lokum – þetta um smásögur . . . 134
Taktu stöðuna! . . . 134
Neisti – Þúsund sögusvið og fleiri hugmyndir … . . . 135

7. kafli – Málfræði og gryfjur til að forðast . . . 136
Sagnorð . . . 136
Persóna og tala . . . 137
Áhrifssagnir og áhrifslausar sagnir . . . 140
Hættir . . . 142
Málsnið og málnotkun . . . 150
Málfræ sem falla í grýttan jarðveg . . . 151
Meira um málfræði og málnotkun . . . 154
Ensku áhrifin – Af hverju að berjast gegn þeim? . . . 154
Að lokum – þetta um málfræði og málnotkun . . . 156
Neisti – Einmitt þannig er listin … . . . 157

8. kafli – Ljóð eru óð og góð . . . 158
Myndmál – Er hægt að verða sjóveikur af ljóðum og myndmáli? . . . 160
Ljóðin auglýsa merkingu – og auglýsa eftir lesanda . . . 164
Meiri myndljóð . . . 166
Ljóð er listrænt viðbragð . . . 169
Ljóðaheitur pottur – Rokk og sýnd og reynd og sitthvað fleira . . . 171
Að lokum – þetta um ljóð . . . 172
Taktu stöðuna! . . . 172
Neisti – Línur á kjölum, ljóð í hillum . . . 173
Að lokum með kveðjum . . . 174

Textatilvísanir . . . 175
Skrá yfir rétthafa ljósmynda og annars myndefnis . . . 176

Mikilvæg skilaboð til þín

Hvað er tungumál? Hvað er íslenska – þetta risastóra fyrirbæri sem bókin fjallar um?

Það er töfrandi titringur sem myndast í lungum, hálsi, tungu, gómi, vörum og raddböndum. Titringur sem ferðast til þín með hljóðbylgjum sem laumast inn í eyrun og upp í heila og skilst þar sem orð sem hafa merkingu.

Þetta er ótrúlegt og undarlegt ferli, en samt er það einmitt svona.

Hvað fleira er tungumálið? Ótal strik og tákn á blaði, sett saman með ólíkum hætti, sem mynda bókstafi, orð, setningar, málsgreinar, blogg eða blöð og bækur sem við lesum. Þegar við lesum endurbyggjum við heilan heim af hugmyndum, fólki og tilfinningum sem önnur manneskja hefur skapað í sínu höfði.

Þetta er ótrúlegt en samt satt.

Þetta er tungumálið. Hljóðbylgjur og tákn sem hafa að geyma lýsingar á heiminum, nöfn á hlutum og tilfinningum. Tungumálið er margslungið og heillandi verkfæri og við beitum því dag eftir dag, oft áreynslulaust og meistaralega vel!

Hefurðu pælt í því hvað tungumálið er magnað?

Hefurðu pælt í því hvað þú ert klár í tungumálinu?

Íslenskan er okkar og við eigum að leika okkur með hana!

Þegar þú lærir íslensku er gott að setja sér markmið um á hvaða sviðum þú vilt bæta árangurinn. Til þess þarftu að vita hvar þú stendur vel og hvar þú þarft að taka þig á – þá fyrst geturðu einbeitt þér að þeim atriðum sem þú vilt bæta.

Hvernig bætirðu árangur þinn í lestri, ritun, hlustun, umræðum og framsögn? Með því að tileinka þér þær ólíku aðferðir sem nýtast best við hvert verkefni. Rétt eins og í annarri þjálfun er stundum gott að vinna einn og stundum í hóp.

Allir þurfa að æfa sig – og æfa sig reglulega, því að enginn verður tröllvaxinn af því að fara einu sinni í mánuði í ræktina í fjóra klukkutíma í senn.

Snillingar þurfa líka að æfa sig – og þeir eru einmitt snillingar vegna þess að þeir vita að þeir þurfa að æfa sig … og þeir æfa sig.

Góðar stundir!
Höfundar

Gott að vita um
Neista

Rétt eins og í *Kveikjum* snýst íslenskunámið í þessari bók um leik, sköpun, skynjun og rannsóknarvinnu á tungumálinu og öllu okkar umhverfi. Við höldum áfram að auka færni í því að nota íslenskuna. Í *Neistum* er lögð áhersla á framsögn, umræður, ritun af ýmsum toga, læsi, málfræði og málnotkun.

Neistar snúast um að auka sjálfstraust og getu til að vinna á sjálfstæðan hátt úr þeim efnivið sem þú vinnur með hverju sinni, hvort sem hann kemur frá þínu eigin brjósti eða frá öðrum.

Hugleiðingar hér og þar

Í bókinni er að finna ýmislegt um tungumálið og málnotkun sem þú getur velt fyrir þér. Stundum eru það hugleiðingar, skýringar á hugtökum eða gagnlegar ábendingar. Einnig er að finna fjölmargar pælingar sem henta vel til umræðna í bekknum. Við hvetjum þig eindregið til að nýta öll slík tækifæri til að læra enn meira og hafa gaman af að leika þér með málið ásamt bekkjarfélögum þínum!

Í tungumálinu er allt mikilvægt – og ekkert smávægilegt.

Námsmat

Í *Neistum* er að finna fjölbreytt verkefni sem ætlað er að auka þekkingu þína og færni í íslensku. Öll verkefnin verða unnin í stílabók og eru hluti af námsmati þínu í vetur. Sum eru stór en önnur smá, sum eru einföld, hefðbundin og fljótleyst á meðan önnur krefjast meiri vinnu og taka lengri tíma. Passaðu vel upp á verkefnin þín og vandaðu þig strax frá upphafi við vinnuna.

Kveikjur = frelsi og frumkraftur

Þú ert skapari, alla daga, og allt í kringum þig eru kveikjur sem geta komið neistum af stað. Sýndu áræðni í framkvæmd, leyfðu eigin hugmyndum að fæðast og leyfðu þinni rödd að fá rými og byr undir báða vængi.

Neistar = úrvinnsla og undirbúningur

Þú berð ábyrgð á eigin neistaflugi og getur breytt litlum neista í stórt bál með því að vinna úr því sem kviknar innra með þér. Leggðu áherslu á vandvirkni, talaðu og skrifaðu skýrt þannig að tekið sé mark á þér og lærðu að færa rök fyrir máli þínu og vinna með fróðleik og þekkingu á markvissan og skipulegan hátt.

Pældu í þessu!

- Hvað kanntu í íslensku?
- Hvað þarftu að kunna? Af hverju?
- Hvað þarftu að læra betur? Af hverju?
- Til hvers þarftu að æfa framsögn?
- Hvers vegna þarftu að geta fært rök fyrir máli þínu?
- Hvernig getur það nýst þér að þekkja ólík málsnið?
- Hvaða hag hefur þú af því að geta skrifað ólíkar textategundir?
- Hvernig gagnast þér að fá gagnrýni á verkefnin þín?
- Af hverju þarftu að skilja það sem þú lest?
- Til hvers þarftu að efla gagnrýna hugsun?
- Hvers vegna þarftu að kunna að afla þér upplýsinga?
- Af hverju þarftu að læra að þekkja áreiðanlegar upplýsingar?
- Hvers vegna þarftu að kunna að skrifa fræðilegan texta?
- Hvað þarf saga að innihalda?
- Til hvers þarftu að læra um skáldskap? Sögur og ljóð?
- Hvað græðir þú á að leika þér með tungumálið?
- Hvað græðir þú á því að hafa góðan orðaforða?
- Af hverju þarftu að æfa þig að fara með vandað mál?
- Til hvers þarftu að kunna málfræði?
- Til hvers þarftu að kunna rétta stafsetningu?
- Hvað finnst þér skemmtilegast í íslensku? Af hverju?
- Hvað finnst þér leiðinlegast í íslensku? Af hverju?

1. kafli

Heimurinn vill heyra í þér!

Markmið með þessum kafla er að efla færni þína í framsögn og tjáningu. Að þú skiljir og skynjir að það sem í þér býr er engum öðrum gefið … og að þess vegna eigir þú að láta í þér heyra sem allra oftast. Enginn verður óbarinn biskup (að minnsta kosti mjög fáir sem vitað er um) og þess vegna notum við allan veturinn í að æfa framsögn og tjáningu. Gangi þér vel … að láta í þér heyra!

Enginn hefur aðgang að því sem býr innra með þér – nema þú hleypir því út.

Þess vegna bíður heimurinn eftir því að heyra í þér.

Listin að láta í sér heyra

Við hefjum kraftmikinn íslenskuvetur með því að fjalla um framsögn, tjáningu og umræður. En af hverju þarf að þjálfa framsögn, tjáningu og umræður? Strangt til tekið geturðu komist í gegnum lífið án þess að tjá þig sérstaklega mikið – sumar starfsstéttir og áhugamál krefjast stöðugrar og ríkrar tjáningar á meðan annað fer fram í þögn og einrúmi. En líf hverrar einustu manneskju er stútfullt af tækifærum þar sem henni býðst að tjá hug sinn og skipta þar með máli – hafa áhrif. Liður í lýðræðislegri þátttöku er að láta rödd sína heyrast. Stundum hefurðu ekki einu sinni val um það og verður að taka þátt og stundum verður þú að taka þátt vegna þess að þú vilt hafa áhrif á þitt eigið umhverfi.



Hér er dæmi:

Þú ert 16 ára og um vorið óskar skólastjórinn eftir því að þú haldir ræðu fyrir útskriftarárganginn þinn í grunnskóla. Um svipað leyti er fjölskyldan að velta fyrir sér framtíðinni – foreldrar þínir ætla í framhaldsnám erlendis og þú ræðir við þá og systkini þín kosti og galla ólíkra landa.

Þú sækir um vinnu í ísbúð og á frístundaheimili og ferð í tvö atvinnuviðtöl vegna þess.

Um vorið hittirðu fallega manneskju sem hreyfir við hjarta þínu og allt í einu langar þig svo mikið til að tjá þig, tala um það hvernig þér líður og segja falleg orð um þennan fallega einstakling.

Þetta snýst um listina að láta í sér heyra, stundum þegar við vitum það fyrirfram og getum undirbúið okkur en líka þegar fyrirvarinn er stuttur. Við leitum að sjálfstrausti til að flytja mál okkar eða texta með sannfæringu, ekki bara fyrirlestra heldur upplestur á fréttum, ljóðum eða skálduðum texta. Við pælum í því hvernig fólk tjáir sig á ólíkan hátt og leyfum okkur jafnvel að taka upp okkar eigin umræður til að heyra hvernig við tjáum okkur sjálf.

Ræðum um umræður og æfum ræður og ræðum æfur ...

Því að lífið er, satt best að segja, stútfullt af aðstæðum þar sem þér býðst að tjá þig og hafa áhrif. Ekki þurfa samt allir alltaf að gjamma öllu sem þeim dettur í hug – hluti af þroskaðri tjáningu er einmitt að vita hvenær á að segja eitthvað og hvenær á að þegja og hlusta á aðra. Svo eru sumir að eðlisfari feimnir og reyna jafnvel að haga lífi sínu þannig að þeir þurfi lítið að láta á sér bera. Auðvitað er það líka í lagi.

En framsögn og tjáning snýst um **að geta tjáð sig þegar maður vill eða verður**. Þetta snýst um að láta rödd sína heyrast, að þroska eigin skoðanir með því að kunna líka að hlusta á aðra og vega og meta þeirra skoðanir.

Að kunna að vera í samtali við fólk, við samfélagið og umhverfi sitt.

Svolítið stórt mál, er það ekki?



Umræður og vangaveltur

1. Hefurðu haldið ræðu í afmæli eða við annað svipað tilefni? Hvernig reynsla var það?
2. Hefurðu haldið ræðu við annað tækifæri? Var það öðruvísi reynsla?
3. Við hvaða tækifæri gætirðu helst hugsað þér að halda ræðu? Af hverju?
4. Við hvaða tækifæri gætirðu alls ekki hugsað þér að halda ræðu. Af hverju?

Að æfa flutninginn

Finnst þér mikið mál að flytja texta fyrir framan bekkinn? Það er alveg skiljanlegt. En að sama skapi er mikilvægt að komast yfir þann hjalla og skilja (með því að prófa) að það er allt í lagi þó slíkt verkefni takist ekki fullkomlega.

Ef þú ætlar að æfa þig heima er gott að fara inn í herbergi og spila jafnvel tónlist á meðan þú flytur ræðuna af blaði.

- Ertu feimin(n) við textann? Prófaðu að flytja hann með mjög ýktri röddu, t.d. eins og gömul kona, íþróttafréttaþulur eða eins og skrækur trúður.
- Í skólastofunni er gott að æfa framsögnina í þriggja til fjögurra manna hópum.

Á meðan ég flyt textann

1. Tala ég skýrt og rólega.
2. Treysti ég á eigin vitneskju og undirbúning.
3. Horfi ég yfir hópinn og næ augnsambandi við áhorfendur. Gott er að finna vinsamlegt andlit í salnum; einhvern sem ég þekki eða einhvern sem virkar jákvæður og opinn.
4. Nota ég líkamstjáningu og svipbrigði til að leggja áherslu á mál mitt.
5. Man ég að lesa ekki textann heldur tala einfaldlega til áhorfenda.
6. Huga ég að tónfalli og hrynjandi og gæti þess að verða ekki eintóna.

Að flutningi loknum

1. Hlusta ég á viðbrögð áhorfenda og kennara.
2. Legg ég bæði jákvæðar og neikvæðar athugasemdir á minnið og rifja þær upp næst þegar ég undirbý framsögn.
3. Fer ég að lokum yfir undirbúninginn og flutninginn. Fylgdi ég öllum ráðunum? Hvað gagnaðist mér vel? Hvað vil ég gera öðruvísi næst?

1.

Lestrarprufur, langar og mjóar, hægar og hljóðar

Oft er best að framkvæma til að skilja.

Veldu þér texta að eigin vali, a.m.k. tíu línur að lengd. Textinn getur t.d. komið úr kennslubók, úr dagblaði eða úr öðrum gögnum sem eru tiltæk í kennslustofunni. Með hvaða *ýktu* áherslum ætlar þú að lesa þinn texta fyrir bekkinn í þessari fyrstu æfingu? Veldu úr listanum.

- eintóna
- hægt
- hratt
- skrækt
- með áherslu á annað atkvæði hvers orðs
- með áherslu á skrýtið orð í setningunni
- setja ‘a’ í staðinn fyrir alla hina sérhljóðana
- setja ‘ö’ í staðinn fyrir alla hina sérhljóðana
- eins og ýktur fornmaður (segja ‘ek varr at fara’ í stað ‘ég var að fara’)
- með dönskum hreim
- með tölvurödd

2.

Ljóðalestur

Gríptu ljóðabók og finndu tvö ljóð, annað hefðbundið og hitt frjálst. Lestu þau fyrst í hljóði og pældu í því hvort þeirra er auðveldara að lesa – og af hverju þér finnst það.

Hvaða áhrif hefur rímið á ljóðið og flutninginn? En ljóðstafirnir? Er líka að finna stuðla, höfuðstafi eða einkennandi hrynjandi í frjálsa ljóðinu? Hvort áttu auðveldara með að túlka texta ljóðsins og lifa þig inn í hann í hefðbundna eða frjálsa ljóðinu?

Lestu svo bæði ljóðin upphátt, fyrst fyrir sjálfa(n) þig og síðan fyrir bekkjarfélaga.

3.

Mínútumas

Hver nemandi skrifar umræðuefni á miða og setur í pott. Gott er að notast við einfaldar hugmyndir, t.d. dýrategundir, heimilistæki eða bíómyndir.

Einn nemandi í einu fer upp að töflu, velur sér miða og fær eina mínútu til að tala. Markmiðið er einfalt: Að tala jafnt og þétt þangað til tíminn er útrunninn! Ekki er gerð krafa um að vera skýr, rökföst/fastur eða sannfærandi.

Hjálparleiðir inn í mínútumasið geta verið af ýmsum toga og bekkurinn getur líka búið sjálfur til eigin hjálparleiðir:

„Fyrst þegar ég heyrði um [umræðuefni, t.d. einhyrninga] hugsaði ég með mér … “

„Ef það er eitthvað sem ég hef aldrei þolað þá eru það [umræðuefni, t.d. mygluð epli]. Ástæðan er sú að … “

Kúnstin við framsögn

Það er ekki nóg að vera með góðan texta til að ná til áheyrenda, það þarf líka að huga að því hvernig hann er fluttur.

Hér eru nokkur góð ráð:

- Liðka talfærin með tunguæfingum og tungubrjótum.
- Skola munninn með vatni (sykraðir drykkir gera mig þvoglumælta(n)).
- Standa bein(n) í baki.
- Anda nokkrum sinnum djúpt áður en ég byrja – það er ótrúlega slakandi!
- Ekki byrja að tala fyrr en ég hef náð athygli allra.
- Tala skýrt: vanda framburð, gæta að eðlilegum talhraða og áherslum.
- Nota þagnir, bæði til að anda og til áherslu.

4.

Tveggja mínútnamas (með snúningi)

Í þessu verkefni tekurðu sama viðfangsefni og þú dróst í mínútumasinu, undirbýrð þig heima og flytur tveggja mínútna mas (ræðu).

5.

Hlutverkalestur

Vinnið fjögur eða fimm saman í hóp. Hafið ljóða-bók, dagblað, tímarit eða skáldsögu við höndina.

Hvert ykkar skrifar niður 4–6 orð (eitt á miða) sem lýsir því hvernig á að flytja textann (þið getið verið reið, spennt, hjálparlaus, döpur, feimin, glettin, örvæntingafull, þjáð o.s.frv.).

Safnið öllum miðunum saman og látið textann snúa niður. Skiptist á að draga miða og lesið nokkrar línur eins og fyrirmælin á miðanum segja til um. Hinir í hópnum giska síðan á það í hvernig hlutverki hver og einn átti að vera. Ef þeir geta rétt fær sá/sú sem var að lesa að halda spjaldinu sínu. Sá nemandi sem er með flest spjöld á hendi þegar öll hafa verið notuð – vinnur auðvitað!

Ertu með liðuga tungu?

Til að æfa skýran framburð og viðeigandi talhraða er gott að fara með erfiðar og óþjálar orðarunur, svokallaða tungubrjóta. Veldu þér tungubrjót og þyldu hann eins oft og þú þarft þar til þú getur þulið hann réttan og með eðlilegum áherslum.

Þessi sviffluguél er ekki ein af sviffluguélunum í Sviffluguélafélagi Íslands. En þessi sviffluguél er ein af sviffluguélunum í Sviffluguélafélagi Íslands.

Það fer að verða verra ferðaveðrið.

Petrína prjóna pantaði pakka af pulsum frá Pétri og Páli. Ef Petrína prjóna pantaði pakka af pulsum frá Pétri og Páli, hvar er þá pulsupakkinn sem Petrína prjóna pantaði?

Stebbi stóð á ströndu
og var að troða strý,
strý var ekki troðið,
nema Stebbi træði strý.
Eintreður Stebbi strý,
tvítreður Stebbi strý,
þrítreður Stebbi strý …

Þríbrotin blýkringla.

Frank Zappa í svampfrakka.

Grillið glamraði.

Kanntu fleiri tungubrjóta sem eru góðir í upphitun fyrir framsögn? Prófaðu að búa til þína eigin tungubrjóta.

Gátlisti og undirbúningur fyrir framsögn

Hér á eftir fer ítarlegur gátlisti sem gagnast öllum, bæði vönum og óvönum.

Ef framsögn reynist þér almennt auðveld geturðu notað gátlistann til að verða enn skarpari, áræðnari og rökfastari. Ef þér finnst hins vegar erfitt að standa fyrir máli þínu fyrir framan aðra getur gátlistinn gert þér kleift að komast yfir versta hjallann þannig að þú getir stigið fyrstu skrefin út úr óttanum. Ef þú nýtir þér aðstoðina sem felst í gátlistanum gætirðu komið þér rækilega á óvart!

Undirbúningur

Auðvitað getur góður ræðumaður flutt glæsilega ræðu um hvað sem er með litlum undirbúningi. En til að byrja með – á meðan við erum að venjast því að tjá okkur – er algert lykilatriði að notast við eitthvað sem við þekkjum vel.

1. Um hvað ætla ég að tala?
2. Hvað veit ég um efnið?
    - Ég punkta hjá mér *allt* sem ég veit nú þegar um efnið (og man að í upphafi eru engir punktar heimskulegir eða óþarfir).
    - Ég afla mér meiri upplýsinga.
3. Ég tek saman öll atriðin sem komin eru á blað og raða þeim niður eftir mikilvægi og gæti að rökréttu samhengi.
4. Ég hugsa um að velja atriðin vel:
    - Við hvern ætla ég að tala? Á hvaða forsendum? Hvað vakir fyrir mér?
    - Hvaða orð og stíll eru viðeigandi fyrir hópinn sem ætlar að hlusta á mál mitt?
5. Ég nota spjöld eða blöð og skrifa eitt atriði með skýrum stöfum á hvert spjald – auk stikkorða um dæmi, útskýringar og lykilsetningar.
6. Ég einset mér að vera skýr og set skilaboðin fram í einföldu máli.
7. Ég æfi mig á því að tala út frá spjöldunum og tek tímann.
    - Kannski þarf að bæta við atriðum eða stytta ræðuna.
    - Kannski dettur mér eitthvað alveg nýtt í hug sem ég get bætt inn í ræðuna.
8. Ég æfi mig aftur – og aftur – og aftur.

Raddbeiting, tjáning og líkamsstaða

Tjáning byggir á trausti og sannfæringu. Ef áheyrendur finna fyrir þér og finna að þú hefur áhuga á efninu þá gerast algerir töfrar. Tjáning okkar er líka stútfull af pínulitlum en mikilvægum atriðum sem hafa bein áhrif á það hvernig aðrir skilja okkur. Tónfall og hrynjandi er mjög þýðingarmikill hluti hverrar frásagnar. Þetta finnum við best þegar einhver talar með eintóna röddu. Slíkur ræðuflutningur er mjög óáheyrilegur.

Nokkrir gagnlegir molar um tjáningu

Það er auðvitað ekkert að óttast þegar maður stendur upp til að tjá sig eða láta í sér heyra, en samt fer blóðið að renna hraðar hjá flestum. Þegar kitlið í maganum eða hraði hjartslátturinn gerir vart við sig er mikilvægt að muna að þetta eru líkamleg viðbrögð sem hafa lítið með raunverulega hættu að gera. Og til að taka á þessu er hægt að fara ýmsar leiðir:

Andaðu – lífið mælir með því!

Nokkrir djúpir andardrættir, alveg niður í kviðarhol, gera alltaf kraftaverk.

Krepptu og slepptu!

Krepptu báða hnefana á meðan þú heldur niðri í þér andanum í nokkrar sekúndur … og slepptu svo bæði andanum og fingrunum lausum! Léttir!

Finndu þægilega líkamsstöðu

Það er óþarfi fyrir þig að útpæla alla þína líkamstjáningu að svo stöddu. En líkaminn er hannaður til að standa hreinn og beinn í baki – ef þú húkir eða kreppir þig saman þrengirðu að líkamsstarfseminni með þeim afleiðingum að stressið eykst. Auk þess er miklu fallegra og skemmtilegra að hlusta á hnarreistar manneskjur.

Finndu falleg augu

Það er gulls ígildi að finna í salnum vingjarnlegt andlit sem sýnir áhuga á máli manns. Stundum er það góður vinur en það getur líka verið einhver ókunnugur. Ef þú talar til þessarar manneskju mun öll framsögnin verða skýrari og persónulegri.

6.

Ræðuskrif og ræðumennska

Notaðu atriðin hér að framan til að undirbúa flutning á stuttri ræðu. Hafðu í huga að í upphafi er í góðu lagi að byrja smátt og einfalt. Veldu þér skýrt viðfangsefni sem þú hefur áhuga á.

Umræður og vangaveltur – Ólík áhrif

Hvaða áhrif hafa ólíkir tjáningarmátar? Ræðið í hópum um það hvernig mismunandi áherslur í ræðuflutningi skila ólíkum skilaboðum:

Hratt eða hægt

Hátt eða lágt

Skært eða djúpt

Eintóna eða upp og niður

Þagnir á milli setninga

Stuðlar og rím í máli

Notkun myndlíkinga

Tungubrjótar

Barbara Ara bar Ara araba bara rabbarbara.

Hnoðri í norðri verður að veðri þótt síðar verði.

7.

Kæra bæjarstjórn!

Þið eruð að fara á fund bæjar- eða sveitarstjórnarinnar þar sem þið búið og ætlið að sannfæra hana um nauðsyn þess að setja meira fjármagn í félagslíf unglinga í skólanum ykkar. Hvernig ætlið þið að bera ykkur að? Hvað ætlið þið segja? Hvernig ætlið þið að segja það? Á hverju ætlið þið að byrja? En enda?

Punktið hjá ykkur helstu atriði sem þið viljið koma á framfæri á fundinum og æfið svo flutninginn.

8.

Áhugamál

Segið hvort öðru frá áhugamáli ykkar. Hvað kveikti áhugann? Hvað viðheldur honum? Hvar stundarðu áhugamálið? Geturðu sinnt því ein eða einn? Hvað þarftu að hafa til að geta sinnt því? Hvers krefst það af þér? Er það kostnaðarsamt? Hversu mikinn tíma notar þú í það? Eru margir sem eiga þetta áhugamál? Er einhver nákominn þér sem deilir þessu áhugamáli þínu með þér? Sérðu fyrir þér að þú munir alltaf hafa þetta sem áhugamál? Er eitthvað annað áhugamál sem þú hefur lúmskan áhuga á en hefur aldrei þorað að prófa?

Punktið niður svörin og kynnið að lokum áhugamál viðmælanda fyrir öllum bekknum, án þess að nefna áhugamálið á nafn.

9.

Hvernig hljómar ljóðarapp?

Vinnið í þriggja til fjögurra manna hópum með textana á opnunni – þetta eru ástarljóð, texti við popplag og rapptexti.

- Finnið hvað er sameiginlegt með þeim og hvað aðgreinir þá.
- Má flytja rapptexta hvernig sem er? Prófið ólíkar aðferðir.
- Er hægt að syngja rapptextann?
- Er hægt að flytja hann eins og hefðbundið ljóð? (Hvernig flytur maður hefðbundið ljóð?)
- Hvað með textann við popplagið, er hægt að flytja hann eins og rapptexta? Prófið.
- Er auðvelt eða erfitt að semja laglínu við ástarljóð Kristínar Jónsdóttur? Er hægt að flytja hann eins og rapptexta?
- Veljið einn texta og æfið flutning á honum þar sem þið flytjið hann saman sem hópur.

Sumarmál

Þriðju nótt í sumri – þú og ég
þreytt og hljóð í geisla af fullum mána
sem leggur sína logabrú um ána.

Og fuglar þeir sem fóru um langan veg
fagnandi syngja, komnir heim til sín,
fundu sinn stað sem fari ég til þín.

Vornóttin mild og mitt hjarta er rótt
– á milli okkar verður fært að nýju.
Döggvaðar nætur, dagar fullir hlýju.

Því skal ég ganga glöð í þeirri nótt
sem gaf mér aftur frið og sátt við þig.
Ég veit að enn mun vora fyrir mig.

– Því skal ég ganga glöð í þeirri nótt.

Kristín Jónsdóttir

Þú fullkomnar mig

(Brot úr heildartexta)

Það rofar til inni' í mér
og lífið tekur lit.
Veit nú hvað gefur mér mest
og tilverunni glit.

Aldrei var sólin svo skær
né fugla fegurri hljóð.
Mér finnst ég skilja í dag
öll heimsins ástarljóð.

[viðlag]
Þú fullkomnar mig
ég finn að ég er annar en ég var.
Þú ert við spurnum mínum lokasvar,
lyftir mér upp, lýsir mér leið.

Ég vegsama þig
og vonir mínar bind ég aðeins þér.
Í blíðu jafnt sem stríðu fylgdu mér
í huga og hér, ævinnar skeið.

Stefán Hilmarsson

Hvolpaást

(Brot úr heildartexta)

ég lifi óeðlilega eðlilegu lífi
og ég eðla mig með elskhuga sem elskar mig samt lítið
brenndi mig á vökvanum, mjúkur tók ég skellinn
en ég er ekki barn svo ég kann ekki að forðast eldinn
gleymi mér í vitleysu en reyni samt að muna að
þessi hvolpaást er eitthvað sem fer beint í hundana
ég er schizo, ég er hundrað manns er reyni að finna
sjálfan mig,
ÞEYR, svo ég skunda af stað
en ég spyr mig, hvað er hamingja
er það hjónaband og ást eða losti milli jafningja
ég kann ekki ljóðið, þó ég hafi samið það
því það er í nútíð og ég er ekki þar í dag
áttavilltur, reyni að koma mér á kortið
og grafa eftir gulli en þessi jörð er alltof frosin
finn enga fiska svo ég ræ á burt
endir á regnboga var glópagull

[viðlag]
ég er búinn að eltast nóg
þarf bara kyrrlátt kvöld og kertaljós
ég þarf að festa rót
en hvern er ég að blekkja þó

(endurtekið)

Emmsjé Gauti

1.

2.

Þín rödd er aðeins þín

Þú ert þú og þín rödd er einstök. Enginn getur tjáð þínar skoðanir, þína sýn, þín viðhorf, þitt sjónarhorn í umræðum og spjalli um heima og geima. Heimurinn þarf þess vegna á þér að halda – til að verða ríkari og magnaðri. Annað fólk þarf á því að halda að heyra í þér. Lífið snýst um samtal á milli fólks, miðlun ólíkra upplýsinga, fróðleik sem berst frá manni til manns. Þú heyrir ótal pínulítil atriði hér og þar í kringum þig og smám saman mótast heimsmynd þín og sjálfsmynd. Við erum mótuð hvert af öðru.

Þess vegna er svo mikilvægt að allir geti tjáð sig opinskátt. Þorað að segja sína skoðun. Að allir geti staðið fyrir máli sínu, verið rökfastir og skýrir.

Kurteisi – að sjálfsögðu!

Umræður geta bæði verið afslappaðar (þar sem hugmyndum er varpað á milli á afslappaðan hátt) og fullar af átökum (þar sem þátttakendur keppast við að setja fram ólíkar og öndverðar skoðanir). Í umræðum þar sem átök fara fram er viss hætta á ferðum. Rétt eins og í öðrum átökum er hætt við því að fólki verði heitt í hamsi og þá er voðinn vís.

Eftirfarandi er gott að hafa í huga í öllum umræðum, ekki síst þegar blóðið hitnar.

- Tek ég hlutunum persónulega?
- Hlusta ég ekki á önnur sjónarmið og bíð aðeins eftir því að röðin komi að mér?
- Set ég fram málefnalegar athugasemdir?
- Tala ég niður til annarra eða geri lítið úr þeim?
- Reyni ég að koma höggi á aðra þátttakendur?

Allar þessar spurningar eru mikilvægar, vegna þess að þær koma í veg fyrir opna og lýðræðislega umræðu.

Málið er einfalt:

> **Allir græða á lifandi skoðanaskiptum – ef allir þátttakendur finna til frelsis og vita að þeir geta tjáð sig án þess að eiga á hættu að á þá verði ráðist.**

Samfélag okkar kennir sig við lýðræði – sem í sinni einföldustu mynd þýðir að við erum með í ráðum (því að við erum þessi „lýður“). En hugmyndin um lýðræði virkar einfaldlega ekki ef umræður og rökræður eru einhliða og í höndum fárra. Lýðræði virkar síður ef fáir taka þátt í að móta það.

> **Lýðræðisleg þátttaka þín skiptir máli.**

Hvernig tekur þú þátt í að stjórna þínu nærumhverfi eða hafa áhrif á það?

Hefurðu eins mikil áhrif og þú vildir hafa?

Geturðu aukið áhrif þín?

Fyrsta kastið beinum við sjónum okkar að þeim aðstæðum sem þú ert í nú, nefnilega þeim að vera nemandi í grunnskóla. Þar þarftu stundum að standa frammi fyrir bekkjarfélögum og kynna verkefni eða segja skoðun þína á ákveðnu málefni.

Við erum misgóð í því að tjá okkur frjálst og óundirbúið. En það er okkur öllum hollt að reyna, prófa og jafnvel mistakast. Það versta sem gerist er að þú standir á gati – og það er allt í lagi!

Gátlisti og undirbúningur fyrir umræður

Áður en ég tek þátt í umræðum:

1. Ég hugsa um hvaða skoðun ég hef á málinu sem er til umræðu.
2. Ég velti fyrir mér hvernig ég vil koma skoðunum mínum á framfæri og hvaða skoðanir séu mikilvægari en aðrar.

Í umræðunum

1. Ég hlusta vandlega á skoðanir allra viðstaddra, bæði þeirra sem ég er sammála og ósammála.
2. Ég sýni skoðunum annarra áhuga.
3. Ég spyr hiklaust ef eitthvað er óljóst.
4. Ég er kurteis og sýni öðrum tillitssemi og virðingu.
5. Ég grip ekki fram í fyrir öðrum.

Að umræðum loknum

1. Ég velti fyrir mér hvernig umræðurnar tókust:
   - **a.** Hlustuðu þátttakendur vel hver á annan?
   - **b.** Vorum við kurteis?
   - **c.** Fengu allir að segja sína skoðun?
   - **d.** Hvað get ég lært af þessari reynslu?
   - **e.** Hvað gerði ég vel og hvað hefði ég viljað gera betur?

10.

Ræðum málin!

1. hluti

Vinnið fjögur til fimm saman í hópi þar sem umræðuefnið er: **Það á að banna alla ofbeldisleiki innan 16 ára**. Veltið fyrir ykkur hvað mælir með banninu og hvað mælir á móti því. Hvernig getið þið komist að niðurstöðu? Þarf hópurinn að verða sammála? Verið tilbúin að kynna niðurstöðu hópsins fyrir bekknum hvort sem hún er einróma eða ekki.

2. hluti

Eftir umræðuna hugsar hver fyrir sig hvernig þátttaka hans eða hennar var í umræðunni:

- Lagði ég eitthvað til máls?
- Sagði ég skoðun mína?
- Hlustaði ég á aðra í hópnum?
- Sýndi ég kurteisi?



11.

Spjall

Vinnið þrjú eða fjögur saman í hóp. Ræðið saman um ákveðið málefni og takið upp spjallið. Hlustið á upptökuna að umræðum loknum og pælið í henni:

Vorum við málefnaleg?

Fengu allir að koma sínum skoðunum að?
Vorum við frjálsleg, hikandi, feimin?
Hvernig fannst okkur að hlusta?
Hvað getum við lært af þessu?

Möguleg umræðuefni:

- líkamsrækt og lífshollusta
- lýtaaðgerðir
- ofbeldisfullar kvikmyndir og tölvuleikir
- yngri systkini
- lestur og rafbækur

12.

Námsmenn á launaskrá?

Vinnið saman í sex til átta manna hópum og ræðið þetta álitamál:

Á að borga nemendum fyrir góðan námsárangur?

Hóparnir fara afsíðis, ræða saman og koma til baka með eina, sameiginlega niðurstöðu (með eða á móti).

Hver hópur velur sér málsvara til að kynna sínar niðurstöður og helstu þræði í umræðunni. Hér er einkar mikilvægt að hlusta vel, leyfa öllum í hópnum að segja sína skoðun og vera kurteis.

13.

Ágreiningur og málamiðlun

Vinnið þrjú eða fjögur saman í hóp. Byrjið á að nefna eins mörg ágreiningsefni milli foreldra og unglinga og þið getið. Kennari skráir hugmyndir allra hópa á töflu og raðar þeim eftir því hversu algeng þau eru (algengust í 1. sæti o.s.frv.).

Hver hópur velur sér tvö atriði af listanum til að ræða og markmiðið er að hópurinn komist að sameiginlegri niðurstöðu við að leysa ágreininginn.

- Hvaða vanda viljið þið leysa?
- Hverju viljið þið ná fram?
- Hvaða lausnir myndu foreldrar sættast á?
- Hvaða samkomulag getið þið lagt til?

RÆÐUKEPPNI

Mælskulist hefur lengi þótt göfug list og í henni hefur verið keppt lengi um allan heim.

Ræðumennska getur verið frábær leið til að æfa uppbyggingu á rökstuðningi, framsögn og tjáningu og þetta eru allt eiginleikar sem kemur sér vel að búa yfir. Hins vegar er gott að hafa í huga að keppnisform af þessum toga getur kallað fram einsleitni í tjáningu og farið að snúast meira um að koma höggi á andstæðinginn en að færa góð rök fyrir máli sínu. Markmiðið með ræðumennsku ætti alltaf að vera skýrt – að þjálfa eigin rödd og eigin sýn.

14.

Mikilvægasta veganestið

Fyrri hluti – einstaklingsverkefni unnið heima

Spurðu foreldra þína eða einhverja aðra fullorðna hvað þeim finnst mikilvægast að kenna þér og að þú tileinkir þér í lífinu og fáðu þá til að segja þér af hverju. Punktaðu þetta niður hjá þér.

Seinni hluti – hópverkefni í skólanum

Vinnið fjögur saman. Safnið saman upplýsingunum sem þið komuð með að heiman og setjið saman lista yfir mikilvægasta veganestið og ástæður fyrir því.

Hvað?	Af hverju?

Ræðið þau atriði sem fram koma í hópnum. Er einhver regla eða einhver gildi sem komu fram hjá fleiri en einum? Hver þessara atriða finnst ykkur mikilvægust og af hverju? En hvað finnst ykkur skipta minnstu máli? Af hverju? Eruð þið öll sammála eða greinir ykkur á? Hver þessara atriða mynduð þið vilja kenna börnum ykkar og af hverju?

15.

Skólareglur

Vinnið fjögur saman og ræðið skólareglurnar í skólanum ykkar:

- Hversu vel þekkið þið skólareglurnar? Hversu sýnilegar eru þær í skólanum?
- Er tilgangur þeirra allra skýr?
- Er augljós ástæða að baki hverrar reglu? Hver getur hún verið?
- Eru einhverjar reglur óþarfar eða of strangar? Hverjar og af hverju?
- Eru einhverjar reglur sem ykkur finnst eiga að gilda sérstaklega um unglinga? Hverjar og af hverju?
- Eru einhverjar reglur sem ykkur finnst alls ekki eiga að gilda um unglinga? Hverjar og af hverju?
- Ef ykkur finnst vanta reglu yfir eitthvað áríðandi hver væri hún?

Skráið þær tíu skólareglur sem ykkur finnst mikilvægastar. Þið getið bæði samið ykkar eigin og nýtt þær sem eru við lýði í skólanum ykkar.

Gerið samanburð við aðra hópa – eru áherslur ykkar svipaðar eða er mikill munur á milli hópa?

16.

Réttindi nemenda

Vinnið fjögur saman í hóp.

Hvaða **grundvallarréttinda** ættu allir grunnskólanemendur að njóta? Skrifið niður allar hugmyndir og komið ykkur síðan saman um fimm atriði sem ykkur finnst mikilvægust.

Semjið lagagrein um hvert atriði og skráið niður eftir mikilvægi.

17.

Stutt ræða

Semdu stutta ræðu um eitthvað sem þér finnst áhugavert eða brennur á þér. Notaðu allt sem þú hefur lært og kannt nú þegar í sambandi við ritun. Æfðu þig í að flytja ræðuna heima.

Að lokum – þetta
um framsögn og umræður

Vonandi hefur þú getað nýtt þér umfjöllun og verkefni í tengslum við framsögn og umræður. Ávinningur þinn af því að þjálfa framsögn, umræður og tjáningu er sá að þú eflir samskiptafærni þína og getur haft áhrif á samfélagið og umhverfi þitt.

Er það ekki verðugt markmið?

Taktu stöðuna!

Ég ...	SKILABOÐ
get útskýrt af hverju æfing í framsögn og tjáningu kemur sér vel.	
veit hvað þarf að hafa í huga þegar ég skrifa ræðu.	
er með á hreinu ýmis hjálpleg atriði til að nota við flutning á ræðu.	
veit hvaða áhrif öndun, skýrmæli og líkamstjáning hefur á framsögn.	

Textaboð Senda

Ég ...	SKILABOÐ
skil af hverju hlustun er mikilvæg í umræðum.	
skil mikilvægi þess að taka þátt í umræðum.	
skil mikilvægi þess að ég láti í mér heyra sem oftast.	
átta mig á mikilvægi skoðanaskipta í lýðræðislegu samhengi.	

Textaboð Senda

Neisti – Að sitja á sér

- Hver er eigandi þessa stóls? Hvernig myndi stóllinn lýsa honum?
- Settu þig í spor stólsins og segðu frá atviki sem átti sér stað kvöld eitt í þessu herbergi. Sem stóll geturðu ekki lesið hugsanir fólks, kannski ekki skilið mannamál en þú getur lesið í líkamstjáningu og hljóð.
- Þú þarft að losna við stólinn en getur ekki hugsað þér að henda honum þar sem hann hefur fylgt fjölskyldunni í fjölda ára. Semdu auglýsingu þar sem þú óskar eftir nýju heimili fyrir hann.

2. kafli

Málfræ, æði og fleira til

Markmið í fyrri hluta þessa kafla er að efla tilfinningu þína fyrir ólíkum málsniðum með því að skoða tvær ólíkar hliðar tungumálsins sem birtast í talmáli annars vegar og ritmáli hins vegar. Svo glittir í áhrif frá rafmáli og öðrum tungumálum líka. Í síðari hluta kaflans lærum við málfræðihugtök sem þér er þegar tamt að nota eins og ekkert sé.

Málnotkunin, ó málnotkunin

Þótt talmál og ritmál myndi sama tungumálið og byggi á sama grunni er svo margt sem greinir á milli þeirra að stundum er eins og þetta séu ekki systkini heldur tvær ólíkar dýrategundir.

1.

Hver er hvaða texti?

Skoðaðu textana á bls. 27 og 28 og veltu fyrir þér einkennum þeirra.

- Hvernig myndir þú flokka textana?
- Hvað er það í textanum sem fær þig til að ákveða hvaða flokki hann tilheyrir?
- Úr hvaða textategund heldurðu að textinn komi?

Texti 1

Y: „Við vorum að ræða hérna rétt áðan … allir í megrun í janúar.“

X: „Já, það er svona … er svona soltið mánuðurinn, bæði janúar og september soldið, þúst maður er búinn að vera í köldum grillsósum og lambakótilettum og hvað þetta heitir yfir sumarið.“

Y: „Já, þetta er soldið svona í kjólinn fyrir jólin.“

X: „Já.“

Y: „Svo taka allir bara … “

X: „Svo fer maður í sumarköttið, sko … “

Y: „Já. “

X: „… alveg þangað til koma páskar eða þang-að til maður springur á limminu.“

Y: Hlær „Einmitt, en við ætlum að, ég hérna fann á … ég fór á internetið og fann eee lista … “

X: „Já?“

Y: „sem að hérna, eða fór svona að forvitnast um þessa megrunarkúra og hverjir hafa verið svona viðloðandi í … í síðustu ár og áratugi. Emm það eru til dæmis einn sem er … var þekktur á Heilsubælinu í Hveragerði – og ég er ekki að grínast, og þ … leið og ég segi þetta … þá áttu eftir aa að vita nákvæmlega hvað ég er að tala um. Þetta er sem sagt Fletcherism enn ee það var einhver Fletcher gaur sem sagði að fólk myndi missa kíló ef þau myndu tyggja matinn að minnsta kosti þrjátíu og … sem sagt … þrjátíu og tvisvar sinnum.“

X: „Ég hef heyrt …já ég hef heyrt þetta með að tyggja matinn en mér fannst það ekki vera tengt við einhverja megrun …“

Y: „Jú.“

X: „En var þá fólk bara eitthvað að tyggja mat-inn …?“

Y: „Já …“

Texti 2

Mánudagar eru verstu dagar í veröldinni. Það voru ótrúleg mistök hjá Guði að búa þá til. Hann átti bara að byrja að skapa heiminn á þriðjudegi, gera vötnin og jörðina og ganga frá þessu öllu strax í staðinn fyrir að nota heila tvo daga til þess. Unnur var ekki í vafa um að ef Guð hefði verið í skóla þá hefði hann gert þetta svona. Hann hefði gert allt til að losna við hávaðann og lætin sem fylgja mánudögum.

Októbermorgunninn var dimmur og kuldalegur. Vindurinn beit hana í vang-ana þegar hún þrammaði af stað ásamt Evu systur sinni með skólatöskuna dinglandi á bakinu.

Það var hrollur í Unni. Fyrsti vetrardagur nýliðinn og ekkert nema ískaldur vetur framundan.

Texti 3

Samkvæmt nýrri rannsókn Háskólans á Akureyri minnkaði þjóðarstolt íslenskra unglinga umtalsvert frá árinu 2007 til 2012 og mun fleiri unglingar hyggjast nú flytjast af landi brott en áður. Athygli vekur að í fyrsta sinn frá árinu 1992 vildu umtalsvert fleiri íslenskir unglingar búa erlendis en á höfuðborgarsvæðinu. Yfir landið í heild vildu 43% unglinganna helst búa erlendis í framtíðinni en 32% á höfuðborgarsvæðinu. Til samanburðar má geta þess að 57% svarenda bjuggu á höfuðborgarsvæðinu veturinn 2009–10.

Texti 4

Fréttamaður: „Ég hérna, maður kannski sko, við vitum að Íslendingar bregðast vel við kallinu, ávallt, en maður kannski veltir því fyrir sér og einhver kann að velta því fyrir sér á þessu stigi, hvort það er ekki í raun í hlut stjórnvalda hverju sinni og ríkisins að sjá til þess að spítalarnir séu nútímavæddir?“

Viðmælandi: „Ja, við erum nú reyndar sjálf ríkið, svo við þurfum að hjálpa til, líka. En við erum nú orðin vön því að ríkið sjái vel fyrir okkur og þó í móti blási þá vitum við það að ríkið vill okkur vel og einmitt af því ríkið vill okkur vel þá verðum við að hjálpa ríkinu. Og ég er þeirrar skoðunar að það sé ákaflega fallegt á Íslandi hvernig orðið flýgur hratt og við vitum eiginlega alltaf hvað er að gerast vegna þess að við tölum þetta tungumál, skiljum allt sem við erum að segja hvert við annað, og nú flýgur orðið hratt og við vitum um að við þurfum að veita … uuu … Kvennadeildinni á Landspítalanum liðsinni og við gerum það með gleði.

Fréttamaður: „Einmitt. Heldurðu að það sé eitthvert svona, heldurðu að Íslendingar séu sérstakir í þessum efnum, þessi samtakamáttur og þeir bregðast vel við, þeir eru tilbúnir til að að gefa, það eru mörg, mýmörg dæmi þess í þessum söfnunum sem að hafa verið á undangengnum árum, er þetta eitthvað í þjóðarsálinni?“

Hvað einkennir talmál?

Hikorð – Hérna … sko … við ætluðum heim en þú veist (þúst) … það var svo gaman að þarna … að … við vorum bara lengur.

Endurtekningar – Þau hlupu í burtu, í burtu og ég sá þau ekki aftur.

Mismæli – Mmm, mamma hefur alltaf begg og eikon á sunnudagsmorgnum.

Slangur/slettur – Þetta er ógeðslega krípí mynd en bilað sánd og tækni-brellurnar voru geðveikt kúl.

Áhersluorð – Þau voru skíthrædd, öskruðu ógeðslega hátt.

Upphrópanir – Almáttugur, hvað gerðist? Á, þetta var vont.

Villur – ~~Bóndarnir~~ þurftu kannski að slátra ~~kýrunum~~ ef þeir áttu ekki nóg af heyi.

Hálfkláraðar setningar – Þeir fóru og … sérðu hvernig þetta, þú veist …

Óformleg orð – Pabbi og mamma (ekki faðir og móðir), bíll (ekki bifreið), fríspark (ekki aukaspyrna).

Hvað einkennir ritmál?

Í ritmáli er síður að finna hikorð og endurtekningar. Setningar eru oftast fullgerðar, misritun sjaldgæfari, orðaval oft formlegra og þar með ekki eins mikið um slangur og slettur.

Það er sem sagt talsverður munur á **ritmáli** – þar sem höfundur getur hugsað, valið og snurfusað – og talmáli þar sem sá sem talar er að móta hugsun sína og velja leiðir á sama tíma og hann talar.

2.

„Heyrðu, hérna, sko, þú veist“

Hvaða hikorð, upphrópanir, slangur/slettur og áhersluorð notar þú mest? Hugsaðu málið, hvaða orð notar þú mest? Fáðu bekkjarfélaga til að hlusta eftir því og segja þér niðurstöðurnar. Er eitthvað sem kemur þér á óvart? Athugaðu hvort þú tekur eftir því hvernig þú notar þessi orð þegar þú veist af þeim.

Gerið rannsókn á því hvaða hikorð, upphrópanir, slangur, slettur og áhersluorð kennararnir ykkar nota helst. Áður en þið kynnið þeim niðurstöðurnar skuluð þið spyrja hvort þeir viti sjálfir hvaða orð af þessu tagi þeir nota mest. Koma niðurstöðurnar þeim á óvart? Reynið að fylgjast með því hvort talmál þeirra breytist eftir að þeir heyra niðurstöðurnar.

3.

„Útfríkað æfintýr“

Hér er ljóð eftir Megas sem þó varð aldrei að söngtexta. Lesið hann vel yfir og flokkið orðin í *slangur* og *slettur, nafnorð, sagnorð, lýsingarorð, óbeygjanleg orð* og *önnur orð*. Athugið að sum orð geta fallið í tvo flokka. Í hvaða flokk fara flest orðin? En fæst?

ÚTFRÍKAÐ ÆFINTÝR

Bíddu ögn Lísa bráðum verður allri
bölvun af lífi okkar létt
syngjandi göngum við sólinni bökuð
og sóðal er notalegt pleis og pólitískt rétt
Lísa hefurðu í lífinu annað eins
litið augum dress?
löngum hafa léttvæg gagnsæ klæði
haft liðkandi áhrif á stress
tvo tvöfalda af kamparí koma sér
í kósí pleis og vera hress

En dæmið gekk ekki upp – allur skarinn
jú orðalaust flaug inn – hvað með mig?
við lísa í altöffasta tauinu ónei
tuddi í úniformi mátti til með að viðra sig (kór)

Þú hefur nú dæmt láttu dómsorð einnig fylgja
datt uppúr mér hann skildi ekki tungu slíka
ég mér og lísu lengst niðrúr gólfinu
það læddist glott á hvert feis sumir hlógu líka (kór)

Sannað er það sem sanna skyldi – nema hvað
sanngirni heims er einstök allsengu lík sem slík

það kemur allt í einn stað og þunglega niður
eitt sinn frík – ávalt frík (kór)

Megas

4.

Bla bla og ble ble

Spjallið saman í þriggja til fjögurra manna hópi og takið upp samtalið. Til að samtalið verði sem eðlilegast er hægt að velja ákveðið atvik til að ræða, t.d. uppákomu í skólanum, frétt af netinu eða hvaðeina sem kemur ykkur af stað.

Skráið spjallið síðan niður orð fyrir orð með öllum hikorðum, slangri, slettum og pásum sem í því leynast.

- Hvað einkennir samtalið?
- Greinið það í þessa flokka:
  nafnorð,
  sagnorð,
  lýsingarorð,
  hikorð,
  áhersluorð,
  upphrópanir,
  önnur orð.

  Athugið að nú þurfið þið að greina slangur og slettur í réttan orðflokk (ef þið notið slík orð).
- Teljið endurtekningar, mismæli og hversu oft setningum er ólokið.

Hvað kemur í ljós? Hvaða orð notið þið helst?
Er einhver flokkur eða flokkar algengari en aðrir?
Af hverju ætli það sé?

5.

Rás 1 og FM 957

Hlustið á tvær ólíkar útvarpsrásir (t.d. Rás 1 og FM 95,7) og greinið einkenni á málfari. Er einhver munur á málnotkun útvarpsfólksins eftir útvarpsstöðvum, t.d. hvað varðar formlegheit, hikorð og slettur? Hvað veldur þeim mun? Er það umræðuefnið, aldur þáttastjórnenda, markhópur útvarpsrásarinnar, hugsanlega undirbúningsvinna, eitthvað annað, allt af þessu eða ekkert?

Finnið a.m.k. fimm atriði sem einkenna málnotkun útvarpsfólksins og ræðið hver þeirra er aðeins að finna í talmáli.

6.

Þú ert á dagskrá

Vinnið þrjú saman og semjið 15 mínútna morgunþátt fyrir útvarp. Nauðsynlegt er að semja stuttan inngang, bjóða hlustendur velkomna, fjalla um daginn sem framundan er, jafnvel lesa úr blöðum dagsins. Að þessu loknu er gestur þáttarins kynntur til sögunnar en í viðtalinu er fjallað um tiltekið málefni sem hópurinn hefur ákveðið fyrirfram. Skiptið með ykkur verkum og þegar handritið með öllu sem tilheyrir er tilbúið skuluð þið taka þáttinn ykkar upp og hlusta á hann.

Að tala undir rós þýðir að tala í kringum hlutina og gefa þá í skyn. Ef þú spjallar við ættingja af eldri kynslóðinni geturðu t.d. fengið að vita að fyrstu símarnir höfðu lítið með einkalíf að gera. Sveitasímarnir svokölluðu voru allir tengdir saman á eina línu. Þetta þýddi að þegar þú hringdir á sveitabæinn Hól í Norðursveit heyrðu allir bæirnir í sömu sveit hringinguna. Þeir gátu tekið upp tólið og hlustað á símtalið. Þess vegna þurfti að ræða öll viðkvæm mál undir rós – að fara í kringum hlutina og gefa sitthvað í skyn.

7.

Kanntu að tala undir rós?

Skrifaðu stutt samtal á milli stráks og stelpu sem sitja með fleiri nemendum í matsalnum. Þau þurfa nauðsynlega að ræða viðkvæmt málefni og taka ákvörðun og þau verða að gera það strax.

Hvernig ferðu að þessu án þess að viðstaddir skilji hvað um er rætt?

Formfast talmál?

Talmál er ekki alltaf óformlegt og uppfullt af hikorðum, slettum og áhersluorðum. Ræður eru vissulega talað mál en oftar en ekki eru þær formlegar. Af hverju? Vegna þess að flestir punkta hjá sér ýmislegt um efnið sem þeir ætla að fjalla um; þeir eru því vel undirbúnir og vita (oft) nákvæmlega hvað þeir ætla að segja. Einhverjir lesa jafnvel beint upp af blaði – **hvort ætli það flokkist sem talmál eða ritmál?**

Hér eru tvær ræður sem fluttar hafa verið á Alþingi – hvor þeirra heldur þú að hafi verið lesin upp af blaði? Af hverju heldur þú það? Hvort myndir þú telja þessa texta formlegt eða óformlegt mál? Hvað í textunum fær þig til að segja það?

RÆÐA 1

Hæstvirti forseti.

Nú eru nokkrar vikur síðan óformlegur félagsskapur jákvæðra lifnaði á þessum vinnustað. Forsprakkar hópsins vilja þakka góðar undirtektir og fagna því af auðmýkt og gleði hve margir hafa lýst yfir áhuga á þátttöku. Margir hafa lagt lóð á vogarskálarnar og verið virkir í því að skoða vinnustaðarbraginn, velt fyrir sér samskiptaháttum og lagt sitt af mörkum til jákvæðra samskipta. Það er vel.

Viðbrögð við framtakinu innan þings sem utan benda eindregið til þess að eftirspurn sé eftir áherslum á jákvæðni. Einungis einn þingmaður hefur lýst yfir einbeittum vilja til að sitja hjá og taka ekki þátt í framtakinu. Viðkomandi hefur þó sýnt félagsskapnum mikinn áhuga svo ekki er öll nótt úti um þátttöku okkar allra.

Nú er boðað til stuttrar samkomu í Kringlunni í Alþingishúsinu á morgun, miðvikudag, kl. 12.30. Þar geta áhugasamir þingmenn viðrað skoðanir sínar og skipst á jákvæðum og uppbyggilegum hugmyndum. Vonandi sjáumst við sem flest.

RÆÐA 2

Forseti.

Það er ánægjulegt að heyra að þingmenn séu tilbúnir til þess að skoða þá miklu tímaskekkju sem felst í því að hægt sé að fangelsa fólk fyrir að tjá skoðanir sínar. Og ég fagna því og vona að þingmenn meirihlutans séu jafnframt opnir fyrir þessum breytingum, því að það á ekki við á 21. öldinni að fólk geti þurft að sitja í fangelsi fyrir að segja skoðanir sínar þó að þær falli ekki öllum í geð. Og vil ítreka það að við erum ekki að leggja til að það verði refsilaust, en aftur á móti að fólk þurfi ekki að fara og sitja í fangelsi fyrir það að hafa skoðanir.

Þegar stíllinn og efnið tala ekki saman ...

Rithöfundar, blaðamenn og aðrir sem skrifa texta nota oft samtöl í skrifum sínum.

Samtölin eru eins misjöfn og þau eru mörg og það fer auðvitað eftir efni og stíl hvers eðlis þau eru. Til að samtöl verði trúverðug þarf alltaf að vanda til þeirra, hver svo sem stíllinn er. Það væri t.d. hálf kjánalegt að lesa skáldsögu um unglinga á leið í ferðalag og samtalið væri á þessa leið:

Dísa: „Nú styttist í að við bregðum undir okkur betri fætinum og förum austur á firði, það eru ekki nema tveir dagar í brottför.“

Eygló: „Ég óttast nú hlýindin framundan, þeim fylgir jafnan asahláka með tilheyrandi hlaupi í ánum, og hvernig á þá bíllinn að komast yfir þær og skila okkur heilum á húfi á áfangastað?“

Dísa: „Þú ert alltaf við sama heygarðshornið, ekkert nema svartsýnisrausið. Getur ekki unnt stúlku þess að hlakka til og málar skrattann á vegginn eins og þér einni er lagið!“

Eygló: „Það er nú óþarfi að hlaupa upp þó ég hafi veðurspána eftir, við skulum bíða og sjá – það er nú ekki öll nótt úti enn.“

Má ekki nota talmálseinkenni í ritað mál? Eru reglur sem banna það?

Að sama skapi væri skrýtið að lesa samtal tveggja aldraða sjómanna sem liti svona út:

Gvendur: „Hey gaur, drífðu þig, við verðum alltof seinir maður og kallinn verður alveg kreisí!“

Geiri: „Uuuu – rólegur! Við getum alveg tjillað aðeins lengur, það er ekki eins og fiskarnir séu að fara eitthvað!“

Gvendur: „Ég er bara skítstressaður, kallinn á eftir að snappa á okkur!“

Geiri: „Kræst, hvernig nennirðu að tuða svona, djö ertu geðveikt leiðinlegur! Ég skal tala við sjomla, róaðu þig maður, þetta er ekkert mál.“

Flestir reyna að gera skrifuð samtöl eins raunveruleg og mögulegt er og sumir rithöfundar skrifa hikorð, slangur og slettur inn í samtöl. Þó eru fáir sem fara alla leið og skrifa samtöl með öllu því sem einkennir talmál. Hvað ætli ráði því?

8. Að skrifa upp

Skoðið samtalið sem þið skráðuð niður í verkefninu *Bla bla og ble ble* hér að framan og skrifið það upp eins og um samtal í bók væri að ræða.

- Þurfið þið að breyta einhverju til að samtalið falli vel að ritmáli?
- Hverju helst og af hverju?

9.

Hvernig talar fólk – í alvörunni?

Hér er gripið niður í samtöl úr tveimur bókum. Berðu þau saman og svaraðu spurningunum.

Samtal 1 – Anna, Jonni og Dísa spjalla saman í bókinni *Ævintýraskipið* eftir Enid Blyton

„En það hugvit," sagði Anna og starði á gulnað pergamentið, sem lá við hliðina á skipinu. „Hugsið ykkur – hér sjáum við mynd, sem gríska hershöfðingi hefur gert, hershöfðingi, sem var fyrir skipaflota, sem flutti heilan fjársjóð. Af þessari mynd má sjá, hvar fjársjóðurinn er enn þann dag í dag og við erum eina fólkið í öllum heiminum, sem veit leyndarmálið."

Þetta var stórfengleg hugmynd, og börnin urðu hljóð við. Aftur tók Anna til máls, dálítið feimnisleg:

„Strákar – það verður ekki annað ævintýri úr þessu – er það?

Enginn svaraði í fyrstu, svo sagði Jonni.

„Anna segir satt – það getur verið, að við séum einu manneskjurnar í heiminum, sem vita þetta leyndarmál, en við getum ekki ráðið uppdráttinn vegna þess, að við skiljum ekki orð í grísku. Við vitum ekki einu sinni við hvaða eyju er átt. Það er þó gremjulegt."

„Við verðum að komast að því," sagði Dísa.

„Já – ekki þarf annað en að hlaupa til einhverra Grikkja – til dæmis Eppos og segja: Viljið þið gera svo vel að ráða þetta einkennilega skjal fyrir okkur? Nei, það er ekki góð hugmynd, Dísa. Allir menn með fullu viti myndu sjá, að þetta væri merkilegur gripur og þá myndum við ekki sjá blaðið framar."

Samtal 2 – Eyja og Sölvi spjalla saman í bókinni *Garðurinn* eftir Gerði Kristnýju

„Býrðu einhvers staðar hér nálægt?" spurði ég þegar við beygðum inn Garðastrætið.

„Já, ég bý hér rétt hjá."

„Áttu systkini?"

„Nei, engin. En þú?"

„Ég á heldur engin systkini. Ég hef oft velt því fyrir mér hvernig það væri að eiga kannski eldri systur en mér hefur samt aldrei þótt það neitt leiðinlegt að vera ein með mömmu og pabba. Heyrðu, spilarðu nokkuð á hljóðfæri?" Ég vildi vita allt um þennan strák.

„Ég byrjaði einu sinni að læra á orgel en ég held ég sé búinn að gleyma því litla sem mér tókst að læra," sagði Sölvi og brosti.

Ég ætlaði að fara að spyrja hann hvort hann væri í einhverjum íþróttum en um leið og við nálguðumst kirkjugarðinn fór ég að finna fyrir ónotunum. „Ég skil ekki af hverju það þarf að vera kirkjugarður inni í miðju hverfinu. Ég bara næ því ekki," sagði ég.

„Hér var náttúrlega ekki mikil byggð þegar farið var að taka fyrstu grafirnar. Þetta voru bara móar og melar," svaraði Sölvi. Til að leggja áherslu á orð sín dró hann aðra höndina upp úr vasanum og slengdi henni í átt að kirkjugarðsveggnum sem var klofinn af stórri sprungu.

Hversu sannfærandi finnst þér samtölin? Rökstyddu svarið.

Hvað myndir þú aldrei segja?

Skrifaðu annað samtalið upp eins og krakkarnir væru að tala saman í alvörunni en ekki í bók. Hvaða breytingar þarftu að gera? Berðu þig saman við bekkjarfélaga – eru samtölin ykkar lík eða ólík?

Rafmálið er ekki alltaf málið

Tungumál er lifandi og það er aldrei í kyrrstöðu. Öll tungumál verða fyrir stöðugum áhrifum frá ýmsum öðrum tungumálum og úr samfélaginu. Enskan hefur mest áhrif, til dæmis í gegnum söngtexta og kvikmyndir. Þess vegna glittir oft í enskt talmál, slettur og orðaröð í texta þar sem slíkt á alls ekki heima, svo sem í opinberum bréfum, fréttum og í ritgerðum.

Jafnvel mætti segja að á síðustu árum hafi fæðst ný tegund máls, **rafmál** og skilgreiningin á rafmáli gæti verið eitthvað á þessa leið:

Rafmál er sú tegund tungumáls sem er notuð í skrifuðum samskiptum á milli fólks í stafrænum miðlum, t.a.m. í SMS-sendingum og í hvers kyns spjallforritum á netinu. Einkenni rafmáls eru einkum þau að mikið er um skammstafanir, slettur og slangur; tilfinningum og upphrópunum er komið á framfæri með táknum eða enn fleiri skammstöfunum.

Fyrir áhugafólk um tungumál og þróun þeirra er auðvelt að fylgjast með því (á netinu, í sms-samskiptum og spjallforritum) hversu hugmyndaríkt fólk getur verið í tjáningu sinni. En rétt eins og með talmálið er varasamt ef rafmálið fer að blandast of mikið saman við ritmálið.

Þetta er því ekkert flókið: Tungumálið er margskipt.

- Vertu frjáls þegar þú tjáir þig við vini þína á ykkar talmáli en pældu meira í tjáningunni á almannafæri og við aðra.
- Vertu frjáls og hugmyndarík(ur) þegar þú tjáir þig í spjallforritum og á öðrum skyldum vettvangi – þar leyfist ýmislegt og aðalmálið er að sá sem þú ert að spjalla við skilji þig rétt.
- Vertu skýr og vandvirk(ur) þegar þú tjáir þig í rituðu máli og mundu að þar gilda önnur lögmál heldur en í talmáli og rafmáli.

Og með því að velta fyrir þér muninum á þessum þremur tjáningarleiðum muntu smám saman styrkjast í þeim öllum.



Málfræðin, ó málfræðin

Öll tungumál heimsins eiga sér ákveðin sérkenni sem aðgreina þau frá öðrum tungumálum og gera þau einstök. Jafnvel mjög skyld tungumál (t.d. Norðurlandamálin) lúta á sumum sviðum ólíkum reglum sem hafa þróast og náð fótfestu í áranna rás.

Íslenska og danska eiga það til að mynda sameiginlegt að nafnorð geta verið með greini:

íslenska: drengur – drengurinn

danska: en dreng – drengen

Í íslensku er til greinir í þremur kynjum en í dönsku eru aðeins tvö kyn:

íslenska
hvorugkyn: hið – barnið
kvenkyn: hin – stúlkan
karlkyn: hinn – drengurinn
danska
hvorugkyn: et – barnet
samkyn (kvk. og kk.): en – pigen og drengen

Þessum mun á tungumálunum og þeim lögmálum sem í þeim gilda er ágætlega lýst með hugtaki sem kallast málfræði. **Málfræði fjallar um reglukerfi tungumálsins og hvernig það virkar.** Ef engar væru málfræðireglurnar og hver og einn talaði eftir eigin geðþótta ættum við líklega erfiðara með að skilja hvert annað. Og sennilega væri erfiðara fyrir útlendinga að læra íslensku ef við hefðum ekki málfræði og málfræðihugtök til þess að styðjast við.

Í þessari bók er lögð áhersla á að þú skiljir virkni ólíkra orðflokka. Að þú fáir tilfinningu fyrir ólíkum blæbrigðum í málinu og mismunandi málnotkun sem bundin er við ólíkar aðstæður. Tilgangurinn er að þú áttir þig á að tungumálið er í vissum skilningi eins og flókið tæki sem inniheldur bæði stóra vélarhluta og örsmáar skrúfur og að nauðsynlegt er í því sambandi að þekkja málfræðihugtökin vel.

Þetta tvennt hangir nefnilega saman:

Að þekkja og skilja.

Óbeygjanleg orð skiptast í fimm flokka:

- forsetningar (fs.)
- atviksorð (ao.)
- samtengingar (st.)
- nafnháttarmerki (nhm.)
- upphrópanir (uh.)

Óbeygjanleg orð – Smáorð

Óbeygjanleg orð (líka kölluð smáorð) eru orð sem beygjast ekki – þau eru óbeygjanleg. Það þýðir að þau hvorki fallbeygjast eins og fallorð (hér er stór hestur um stóran hest frá stórum hesti til stórs hests) né tíðbeygjast líkt og sagnorð (ég les í dag og ég las í gær). Þau taka sem sagt engum breytingum – að undanskildum mörgum atviksorðum sem stigbreytast.

Þessi óbeygjanlegu orð, sem flest eru örstutt og tvö þeirra reyndar bara einn bókstafur, eru mjög mikilvæg í tungumálinu – og áhrifamikil.

Forsetningar

Hver er munurinn á þessum tveimur setningum?

Ég er að hlæja að þér.

Ég er að hlæja með þér.

Feitletruðu orðin hér fyrir neðan eru forsetningar – og sjáðu hvað þær hafa mikið að segja!

„Tja, það er auðvitað ekkert **að** þér en það er mjög mikið sem býr **í** þér. Þú getur auðvitað líka verið **frá** þér, jafnvel þótt einhver sé **hjá** þér eða **með** þér og einhverjar áhyggjur liggi þungt **á** þér.“

Svona getur orðið **þér** verið umkringt af ólíkum félagsskap og það eru meira að segja fleiri orð sem koma til greina: Jörðin getur verið **undir** þér og himininn **yfir** þér og á meðan lífið smokrast **fram hjá** þér geta tárin seytlað **úr** þér.

Forsetningar – þessi smáu orð – bera nefnilega heilmikla merkingu!

Það er munur á því hvort þú ferð *í* rúmið eða *úr* rúminu eða hvort þú ferð *til* vinar eða *frá* vini
og það skiptir höfuðmáli hvort boltinn fer *í* markið eða *yfir* markið, er það ekki?

Ég fer

– í
– undir
– yfir
– kringum
– gegnum
– bak við

HÚS

Ég fer

– frá
– að
– hjá
– með fram
– úr
– fram hjá

HÚSI

Ég fer

– til
– neðan
– ofan
– sunnan
– norðan

HÚSS

10.

Skyrslettur

Ímyndaðu þér að það sé vifta í loftinu í skólastofunni – og að einhver hendi skyrdós í viftuna. Hvar lendir allt skyrið? Skrifaðu a.m.k. tíu setningar þar sem fram kemur hvar skyrið lenti.

Dæmi: Það er skyr á töflunni. Skyrslettur leka niður gluggann.

Skoðaðu setningarnar sem þú skrifaðir og strikaðu undir forsetningarnar sem þú notaðir. Í hversu mörgum setningum koma fleiri en ein forsetning til greina? Dæmi: Skyrið slettist á töfluna/undir töfluna/ofan á töfluna.

11.

Burt með forsetningarnar

Finndu texta sem er um 100 orð. Skrifaðu hann upp, slepptu öllum forsetningum og gerðu eyðu þar sem þær eiga að standa.

Dæmi: Hann gekk _____ vatninu.

Skiptu á verkefni við bekkjarfélaga og settu viðeigandi forsetningar í eyðurnar. Að því loknu færðu frumtextann hjá félaganum og ferð yfir. Hversu vel stóðstu þig?

Annað atriði er ekki síður mikilvægt en á annan hátt: Þau áhrif sem forsetningar hafa á fallorð (orð sem fallbeygjast).

Með forsetningu stendur alltaf fallorð í aukafalli og það er forsetningin sem stýrir fallinu.

Aðalfallið er eitt og það heitir nefnifall. Aukaföllin eru þrjú: þolfall, þágufall og eignarfall.

nf.	hér er	ostur	(nefnifall er aðalfall)
þf.	*um*	ost	forsetningin *um* setur orð í þolfall
þgf.	*frá*	osti	forsetningin *frá* setur orð í þágufall
ef.	*til*	osts	forsetningin *til* setur orð í eignarfall

Skoðaðu þennan texta hér:

Flestir unglingar finna af og til fyrir kvíði eða áhyggjur í sitt daglegt líf. Kvíðinn getur komið fram í mismunandi aðstæður. Til dæmis þegar á að fara í próf, hitta aðrir, mæta í félagsmiðstöðin, keppa í íþróttir, lesa upp verkefni í tímar, mæta á fyrsti dagur í skólinn eða bara þegar legið er uppi í sófi.

Þú átt kannski ekki erfitt með að lesa og skilja þennan texta en engu að síður sérðu strax að hann er ekki alveg eins og hann á að vera. Hvað er rangt við hann? Lestu hann aftur yfir og í þetta skiptið eins og þú telur að hann eigi að vera. Hvað breyttist?

Já, þú fallbeygðir fallorðin og settir þau í rétt föll, eftir því hvaða forsetning stóð með þeim. Þetta gerðir þú alveg án þess að hugsa þig um og án þess að hugsa hvaða orð (forsetning) stóð með fallorðinu. Þetta er enn eitt málfræðiatriðið sem þú kannt (næstum alveg upp á 10) án þess að hafa þurft að hafa fyrir því.
Af hverju þá að tala meira um það? Til að skilja hlutverk orðflokksins og hvaða áhrif hann hefur á málið.

Sjáðu þetta dæmi hér:

Hann gekk á vegginn.

Hann gekk á veggnum.

Í þessum tveimur setningum eru nákvæmlega sömu orðin og meira að segja í sömu röð. Samt er mikill munur á merkingu þessara setninga. Sérðu hvað ræður merkingunni? Það er einmitt fallbeygingin.

Þó svo við getum lesið og skilið texta þar sem öll fallorð eru í nefnifalli (sbr. textann hér til hliðar) þá skiptir fallbeyging miklu máli – hún felur í sér merkingarmun.

Og fallbeyging ræðst m.a. af forsetningum og því hafa forsetningar mikið gildi og bein áhrif á merkingu þess sem við segjum og skrifum.

12.

Finndu fallið

Hér er textabrot úr sögunni *Einn fyrir alla* eftir Þórð Helgason. Lestu hann yfir og finndu allar forsetningarnar í honum og hvaða falli þær stýra:

Klukkan er tíu um kvöldið og við erum öll mætt upp í Grafarvog. Það er hálfrokkið og þungskýjað sem betur fer. Nonni er settur í varðstöðu við götuna. Bíllinn er geymdur á verkstæði sem vinur sadistans á, BÍLAVERKSTÆÐI JÓA, í gamalli skemmu. Að þessu hafði Gestur komist gegnum grunlausa mömmu sína.

Siggi er í skæruliðabúningnum sínum og alpahúfan er dregin niður að augum. Hann er vopnaður heljarmiklum hnífi sem hann hefur fest við herklæðin. Og hann hefur fengið liðstyrk; Ragna systir hans er með honum. Hún brosir til okkar Nonna. „Takk fyrir síðast, heybrækur.“ Við Nonni roðnum báðir.

Margar forsetningar stýra aðeins einu ákveðnu falli en nokkrar forsetningar geta stýrt tveimur föllum og þá ræður merkingin fallinu:

Hún gekk í stofuna (þf.).

Hreyfing eða stefna er alltaf í þolfalli.

Hún er í stofunni (þgf.).

Dvöl eða kyrrstaða er alltaf í þágufalli.

Þú getur flett upp í málfræðibók og skoðað hvaða forsetningar stýra hvaða falli.

13.

Sama forsetningin, sitt hvort fallið

Nú skaltu búa til tvær setningar með hverri forsetningu en ólíkri merkingu (og um leið á fallorðið að standa sitt í hvoru fallinu):

á – eftir – fyrir – í – með – undir – við - yfir

14.

Um, frá eða til?

Skoðaðu eftirfarandi lagaheiti og taktu sérstaklega eftir forsetningunum.

Skiptu nú um forsetningu í hverju heiti og gættu að því að laga fallorðið að henni. Þú mátt nota hvaða forsetningu sem er. Skoðaðu hvernig merkingin breytist eftir því hver forsetningin er.

Dæmi: Í bláum skugga = Undir bláum skugga, Að bláum skugga, Yfir bláum skugga, Andspænis bláum skugga.

Á sjó
Bjössi á mjólkurbílnum
Dísa í dalakofanum
Ég leiddi þig í lundinn
Hjá þér
Með sól í hjarta

Atviksorð

Óhætt er að segja að án atviksorða ættum við erfitt með að gera okkur skiljanleg. Við notum atviksorð til að lýsa hvar, hvenær, hvernig og hversu oft eitthvað er gert eða gerist og líka til áherslu.

Atviksorðum er gjarnan skipt í fimm flokka eftir merkingu þeirra.

Skoðum nokkur dæmi:

Breki: „… líður þér í dag?“

Hrönn: „Mér líður … … “

Svala: „Farðu … með hundinn!“

Elvar: „Ha? … á ég að fara með hann?“

Leifur: „Komdu …, … láta mig … þurfa að bíða!“

Dóra: „Sérðu hver stendur …? Hann er … sætur!“

- Hvaða orð geturðu sett í eyðurnar?
- Koma fleiri en eitt orð til greina?
- Getur þú sagt þessar setningar þannig að þær haldi merkingu sinni – án þess að nota atviksorð? (Hér er gott að líta á atviksorðaflokkana til að sjá hvaða orð eru ao.)

Í *Kveikjum* er sagt frá því að atviksorð eigi það sameiginlegt með lýsingarorðum að vera svokölluð **lýsandi orð**. Sum stigbreytast meira að segja eins og lýsingarorð og því getur verið snúið að greina á milli hvort um lýsingarorð eða atviksorð er að ræða. Það sem greinir á milli lýsingarorða og atviksorða er að lýsingarorð lýsa nafnorðum og atviksorð lýsa sagnorðum og atviksorðum.

Hlutverk atviksorða er:

1. að lýsa sagnorðum: Stúlkan syngur **vel** (lýsir *hvernig* stúlkan *syngur*).
2. að lýsa lýsingarorðum: **Mjög** fallegur söngur (lýsir *hversu fallegur* söngurinn *er*)
3. að lýsa atviksorðum: Stúlkan syngur **afskaplega vel** (áhersla á *hversu vel* stúlkan syngur).
4. að hafa áhrif á merkingu setningarinnar í heild. Hann talar við mig. Hann talar **aldrei** við mig.

15.

Kæra dagbók

Það hefur allt gengið á afturfótunum hjá þér í dag. Dagurinn byrjaði illa og hvert leiðindaatvikið rak annað allan daginn. Settu þig í dramatískt hlutverk og skrifaðu dagbókarfærslu að kvöldi þessa dags. Að því loknu skaltu strika undir þau orð sem þú notaðir til að lýsa **hvar**, **hvenær**, **hvernig** og **hversu oft** eitthvað gerðist og líka þau sem þú notaðir til að leggja **áherslu** á orð þín.

- Hvaða orð eru þetta sem þú strikaðir undir? Atviksorð eða lýsingarorð – jafnvel hvort tveggja?
- Hvernig geturðu séð hvaða orðflokk þú notaðir?

16.

Með hverjum vilja atviksorð hanga?

fram heima falleg hér
hérna inni niður hátt
innileg þangað út lítill
uppi úti þar afar fljótt
illa vel sjúklegur mjög
ekki svona erfið þannig
grænt ofsalega stjórnsamt
líka æðislega hvar hvern-
ig hvert aldeilis vinsamleg
ábyggilega erlendis sjaldan
snemma seint gær
vinsamlega tvisvar snöggt

Veldu þér **sex blá orð** og **þrjú rauð orð** og skrifaðu málsgreinar þar sem þú notar orðin sem þú valdir. Skoðaðu síðan með hvaða orðum þú skrifar lituðu orðin. Hvaða orðflokka notar þú saman? Geturðu skipt út rauðu orðunum fyrir þau bláu (og öfugt) án þess að málsgreinin missi marks?

Atviksorð er eini orðflokkur óbeygjanlegra orða sem breytist eftir merkingu, þ.e. sum þeirra stigbreytast líkt og lýsingarorð:

frst.	mst.	est.
vel	betur	best
illa	verr	verst
hátt	hærra	hæst
lengur	lengra	lengst

17.

Stigbreyting

Prófaðu þig áfram með stigbreytingu atviksorða, taktu einn atviksorðaflokk í einu og athugaðu hvaða orð þú getur stigbreytt. Í hvaða flokki eru flest atviksorð sem hægt er að stigbreyta? Hvaða flokkur inniheldur fæst þeirra?

Orðið er feitt

Eitt af því sem einkennir slangur er hversu óstöðugt það er. Orð og orðasambönd komast í tísku og ná fjöldahylli á undraskömmum tíma en víkja síðan jafnharðan fyrir nýrri tísku. Stundum eru tískuorðin fengin að láni úr öðrum málum, oftast ensku, sum eru innlend nýsköpun og einnig er algengt að alþekkt íslensk orð séu notuð á annan hátt en tíðkast hefur. Það síðastnefnda á við um notkun orðmyndarinnar **feitt** í slangri.

Orðmyndin **feitt** telst vera hvorugkyn lýsingarorðsins *feitur*, eins og flestir vita, en það ágæta lýsingarorð er algengt í ýmsum merkingum, talað er um *feitan mat* (ekki síst kjöt), *feitt fólk* og *feit dýr*, *feitt letur* og jafnvel *feit embætti*.

Í slangri bregður hinsvegar svo við að **feitt** er orðið að atviksorði, eins og m.a. sést á því að það er gjarnan notað með sögnum. Það er ekki síst í orðasambandinu *að rokka feitt* sem þessi notkun birtist. Þetta orðalag er ekki einungis haft um rokkhljómsveitir og rokktónlist eins og ætla mætti, heldur felst í því almennt hrós sem getur átt við nánast hvað sem er. Eftirfarandi dæmi eru sótt á bloggsíður netsins:

> Amma mín er snilld, hún rokkar feitt, hún er besta kelling í heimi
> Þessi bloggsíða rokkar feitt
> Það rokkar feitt að missa af menningarnótt

Nokkur önnur orðasambönd með atviksorðinu **feitt** eru algeng í slangri, t.a.m. að *sökka feitt*, sem er álíka neikvætt og það er jákvætt að rokka feitt,
Atviksorðið **feitt** kemur þó fyrir í mun fjölskrúðugra samhengi. Það virðist notað í e.k. herðandi merkingu (svipað og *mjög*, *ofsalega*, ofl.) í margvíslegum samböndum:

Ég var allavegana feitt að fíla mig.
Ég er að spekúlera í að vera feitt dugleg í jólafríinu.
Ég væri feitt til í að sjá Queen á sviði.
Það snjóaði feitt 29. des.
Einhver var að græða feitt á þessu balli.
Við urðum feitt pirraðar.

Þá er þess að geta að lýsingarorðið feitur í merkingunni 'góður, frábær' kemur einnig fyrir í íslensku slangri, eins sést á eftirfarandi dæmum (af netinu):

Mér finnst bloggið mitt vera feitt.

Hann …er kominn með feitt comeback í blogginu.
Þar fara saman fegurstu ballöður, frábærar raddsetningar og feitt rokk.
Snarpur fundur og feitt party.

Það má kallast kostuleg þverstæða að lýsingarorðinu *feitur* (og samsvarandi atviksorði) skuli hafa hlotnast svona jákvæð merking í slangri, á tímum þegar hverskyns fita er heldur illa þokkuð – að vera feitur er víst ekki meðal þess sem „rokkar feitt“ að dómi slangurmæltra unglinga.

Aðalsteinn Eyþórsson – af vef Árnastofnunar

18.

„Feitt“ skal breytt

Hversu mörg lýsandi orð þekkir þú sem hafa fengið nýja eða öfuga merkingu, líkt og orðið feitt og ógeðslega?

Veldu fimm af dæmunum í greininni og skrifaðu setningarnar upp með nýju og formlegra málsniði.

Samtengingar

Skoðaðu orðið samtengingar. **Sam-tengingar**. Tengja saman. Það er einmitt hlutverk samtenginga, **að tengja saman orð, orðasambönd og setningar**.

Eins og í þessum texta:

> Kristófer beið heima en Palli og Jón fóru, annaðhvort vegna þess að hvorki Dagný né Lísbet höfðu yrt á þá allt kvöldið eða af því að veðrið hafði versnað smátt og smátt.

Hér er sami texti án samtenginga:

> Kristófer beið heima Palli Jón fóru, Dagný Lísbet höfðu yrt á þá allt kvöldið veðrið hafði versnað smátt smátt.

Áttar þú þig á því hvað samtengingar eru ómissandi?

Samtengingar geta verið:

eitt orð: og – eða – en – að – sem – enda o.fl.

tvö orð: bæði og – hvorki né – annaðhvort eða o.fl.

þrjú orð: af því að – vegna þess að o.fl.

Hlutverk samtenginga er sem sagt að tengja saman orð og setningar. En skiptir einhverju máli hvaða samtengingar við notum – hafa þær beina merkingu?

Búðu til eins margar málsgreinar og þú getur með orðunum sjónvarp og tölva og notaðu mismunandi samtengingar.

Er munur á þessum tveimur setningum? Ef já, hver er hann?

Eggert og Pétur koma í kvöld.

Eggert eða Pétur kemur í kvöld.

En þessum?

Taktu bæði skíði og skauta með þér.

Taktu annaðhvort skíði eða skauta með þér.

19.

Ég elska hundinn minn

Skoðið samtengingarnar hér og skiptist á um að ljúka setningunni sem verður að innihalda samtengingu. Haldið áfram þar til þið eruð komin í þrot.

Dæmi: Ég elska hundinn minn vegna þess að hann er loðinn.

Ég elska hundinn minn en þoli ekki hvað hann er hávær.

og	en	eða
ellegar	heldur	enda
bæði … og	hvorki … né	annaðhvort … eða
ýmist … eða	hvort … eða	að
af því að	því að	vegna þess að
þar sem	ef	nema
þó að	þótt	til þess að
þegar	áður en	meðan
uns	er	þangað til að
hvort	hvort sem	

20.

Og – eða – en

Notaðu samtengingarnar í verkefni 19 til að endurskrifa þennan texta. Þú mátt breyta setningaröðinni að vild og setja inn fornöfn í stað nafnorða – ef þér finnst það gera textann þjálli.

Selma er skotin í Stjána.
Selma veit ekki hvort Stjáni er hrifinn af henni.
Stjáni bauð Selmu í partý.
Selma var beðin að bjóða bestu vinkonu sinni, Erlu, með.
Selma er mjög spennt og ánægð.
Selma eyðir kvöldinu í að horfa á Stjána dansa við Erlu.
Selma er núna að hitta aðra vinkonu, Láru.
Selma fór með Stjána um kvöldið til að hitta Erlu, vinkonu Láru.
Lára býr í Mosfellsbæ þar sem fjölskylda hennar frá Ísafirði hefur komið sér fyrir á undanförnum árum.
Ísafjörður er fallegasti bærinn á norðanverðum Vestfjörðum, þrátt fyrir að af mörgum bæjum sé að taka.

Þegar þú hefur lokið við að endurskrifa textann skaltu lesa hann fyrir bekkjarfélaga sem les sína útgáfu fyrir þig. Notuðuð þið ólíkar samtengingar? Hvaða áhrif hafði það á textana ykkar?

Nú skalt þú skrifa eigin texta (7–10 málsgreinar) þar sem allar samtengingar vantar. Láttu bekkjarfélaga þinn endurskrifa textann með samtengingum og fornöfnum og þú gerir slíkt hið sama með texta frá honum.

21.

„Og“ og fleiri samtengingar

Skoðaðu listann af samtengingum í verkefni 19.

- Ræðið hvaða samtengingar þið notið mest og af hverju þið gerið það.
- Til hvers notum við samtengingar?
- Hvaða samtengingar notið þið sjaldnast og af hverju?

Aðalsetningar og aukasetningar

Í íslensku er málsgrein skilgreind frá stórum staf að punkti. Hún getur verið ein setning eða fleiri en reglan er sú að hver setning verður að innihalda a.m.k. eina persónubeygða sögn.

Málsgrein með einni setningu:

Drengirnir **fóru** í bíó.

Málsgrein með tveimur setningum:

Drengirnir **fóru** í bíó og **tóku** strætó heim.

Málsgrein með mörgum setningum:

Drengirnir **fóru** í bíó og **tóku** strætó heim en vagninn **bilaði** á miðri leið og þeir **þurftu** að **ganga** meira en helming leiðarinnar því hvorki foreldrar Jóns né Óttars **svöruðu** símanum og þeir **höfðu** ekki aðra til að **hringja** í og **biðja** um að **sækja** sig.

Setningar skiptast í aðalsetningar og aukasetningar og samtengingar skiptast í aðaltengingar og aukatengingar.

Aðalsetningar eru sjálfstæðar og lýsa fullri hugsun,

- Þau borða morgunmat.

Aðalsetning tengist annarri setningu með samtengingu:

- Hann borðar hafragraut [en] hún borðar morgunkorn.

Aukasetningar hefjast alltaf á aukatengingu, þær eru ósjálfstæðar og geta aldrei staðið sjálfstæðar:

- Ég veit [að] krakkarnir eru duglegir.

  Ég veit = aðalsetning

  að krakkarnir eru duglegir = aukasetning

22.

Aðal- og aukatengingar

Flettu upp í málfræðihandbók og flokkaðu samtengingarnar í töflunni á bls. 47 í aðal- og aukatengingar.

23.

Meira um aðal- og aukatengingar

Skrifaðu niður tíu málsgreinar sem innihalda a.m.k. tvær setningar og greindu samtengingarnar í aðaltengingar og aukatengingar. Prófaðu að lesa máls-greinarnar án samtenginganna og finndu hvort þú skilur samhengið.

Nokkur orð sem eru stundum samtengingar geta líka tilheyrt öðrum orðflokkum:

- **Er** er samtenging þegar hægt er að setja **þegar** í staðinn og öfugt:

  Þeir hlupu **er** þjálfarinn flautaði – þeir hlupu **þegar** þjálfarinn flautaði.

  Þegar bjallan hringdi fóru allir í röð. **Er** bjallan hringdi fóru allir í röð.

- **Síðan** er samtenging þegar hægt er að setja **eftir að/frá því** í staðinn:

  Síðan þú fórst hef ég verið með magakveisu.

  Eftir að þú fórst hef ég verið með magakveisu.

Upphrópanir

Upphrópanir lýsa oftar en ekki tilfinningum; undrun, gleði og sorg.

Við hrópum **húrra!** þegar við samgleðjumst einhverjum eða veinum **ojjj!** þegar við sjáum pöddu í salatinu.

Upphrópanir má því skilgreina svona: Orð sem geta staðið ein og sér og þurfa engin önnur orð með sér til að lýsa því sem segja þarf.

Kveðjuorð eins og hæ og bæ eru líka upphrópanir þegar þau eru notuð til að heilsa og kveðja.

En hvað með já og nei? Eru þau alltaf upphrópanir?

Skoðum dæmi:
Pabbinn: „Fannstu símann þinn?“
Barnið: „Já!“

Mamman: „Viltu fara og finna símann þinn!“
Barnið: „Hmfrr!“
Mamman: „Af hverju geturðu ekki bara svarað með jái?“

24.
Já

Hver er munurinn á orðinu **já** í dæmunum hér til hliðar? Skoðaðu merkinguna og beygingareinkenni og sjáðu hvort þú kemst að réttri niðurstöðu.



Nafnháttarmerki

Þetta er minnsti orðflokkurinn en hann inniheldur aðeins eitt orð: **að**.

En taktu samt vel eftir – aðeins þegar **að** stendur með sagnorði í nafnhætti:
að skoða, **að** hlusta, **að** brjóta.

Á hvað ertu **að** hlusta? Ertu nokkuð **að** brjóta reglurnar? Það er gaman **að** skoða myndirnar af þér.

Í texta má vel sjá sagnorð í nafnhætti án þess að nafnháttarmerkið standi með því:

> Ég vil **skoða** þetta blað. Við viljum **skoða** þetta blað.

Þegar sagnorð í nafnhætti eru notuð í upptalningu þá er nafnháttarmerkið aðeins notað með fyrstu sögninni: **Þau lærðu að synda, kafa, róa og veiða.**

25.

Frekar hvað?

Hvaða orðflokki tilheyra skáletruðu orðin? Eitt og sama orðið getur tilheyrt fleiri en einum orðflokki. Til að greina orðflokk þarf alltaf að skoða merkingu orðsins og stöðu þess í málsgreininni.

Hann talaði við *frekar* skemmtilegar og gáfaðar konur í gær.

Hann talaði við *frekar*, skemmtilegar og gáfaðar konur í gær.

Þetta er *bærilegur* dagur.

Ég hef það *bærilegt* í dag.

Adolf sagði *að* Júlía kæmi rétt strax.

Er strætó *að* koma?

Báturinn sigldi *að* landi.

Bátinn rak *að*.

Þetta er *sæmilega* unnið hjá þér.

Þú náðir *sæmilegum* árangri.

Ertu *til*?

Komdu *til* mín.

26.

Ási á Á á á á beit

Hvað eru mörg á í þessari setningu:
Ási á Á á á á beit?

Skoðaðu vandlega hvert á og finndu út hvaða orðflokki það tilheyrir í hvert skipti.

Að lokum – þetta um málfræði og málnotkun

Margt býr í málfræðinni og sumt þarftu að leggja á minnið. Gleymdu því samt aldrei að tungumálið varð til löngu áður en málfræðin varð til – *málfræðin er einfaldlega okkar leið til að tala um það hvernig tungumálið virkar*!

Hvað snertir talmál, ritmál og rafmál: Eins og við höfum séð í kaflanum er oft himinn og haf á milli þessara ólíku tjáningarleiða og mikilvægt að temja sér að hafa skýr mörk á milli þeirra.

Við þurfum á þeim öllum að halda – bara á réttum stað og réttum tíma!

Taktu stöðuna!

Ég ...	SKILABOÐ
þekki helstu einkenni talmáls og ritmáls.	
get útskýrt muninn á formlegu og óformlegu máli.	
get notað ólík málsnið í ræðu og riti.	
þekki alla fimm flokka óbeygjanlegra orða.	
veit hvert hlutverk forsetninga er í tungumálinu.	

○ Textaboð Senda

Ég ...	SKILABOÐ
skil hvernig forsetningar hafa áhrif á merkingu málsins.	
veit hvernig atviksorð virka í tungumálinu.	
þekki helstu samtengingar og skil hlutverk þeirra.	
er alveg með á hreinu hvert nafnháttarmerkið er.	
get greint upphrópanir í texta og skil merkingu þeirra.	

○ Textaboð Senda

Neisti

Mynd segir meira en þúsund orð



- Ímyndaðu þér að myndasagan sé auglýsing – hvað er verið að auglýsa? Láttu persónurnar koma orðum að því á eins grípandi hátt og þú getur.
- Hvernig myndi ástarljóð út frá þessari mynd hljóma eða líta út?
- Persónurnar á myndunum eru ósammála. Settu inn samtal þeirra á milli þar sem aðeins er gefið í skyn um hvað þau deila.
- Ef þetta væri skilti sem sýndi ákveðnar skólareglur – hvað væru persónurnar að segja?

3. kafli

Ólíkur texti, alls konar ritun, en alltaf sömu lögmálin

Markmiðið með þessum kafla er að æfa ritun og gefa þér færi á að virkja sköpunargáfuna þannig að þú getir kallað fram eitt og annað sem í þér býr en þú vissir ef til vill ekki af.

Ritun er áhrifarík leið í samskiptum og tjáningu.

Ritun snýst um að koma skoðunum sínum á framfæri og tjá hugsanir í gegnum blýant, penna, ritvél, tölvu, snjallsíma – hvaða tæki það er skiptir engu máli. Aðalatriðið er að þú venjir þig á að leyfa hugsunum, hugleiðingum og tilfinningum að flæða fram, áreynslulaust og án dómhörku.

Stundum þarf vissulega að hugsa sig um. Stundum þarf meira að segja að vinna ákveðna undirbúningsvinnu áður en lagt er af stað, t.d. þegar þú skrifar innkaupalista fyrir garðveislu með því að:

1. beita skapandi og greinandi hugsun, s.s. að hugsa mjög stíft um hvað er til og hvað vantar með því að fara yfir skápana í huganum,
2. beita heimilda- og rannsóknarvinnubrögðum, s.s. með því að opna einfaldlega skápana og finna út hvað vantar eða
3. beita blöndu af þessu tvennu.

Hugsa minna – dansa meira

Til er annars konar ritun sem snýst um flæði og að rannsaka þitt eigið sálar- og vitsmunalíf – kynnast því hvað býr innra með þér. Þess konar ritun notum við til að skrifa dagbókarfærslur, ljóð, smásögur, skáldsögur, leikrit, handrit, ræður, bréf – þar leyfum við öllu að flæða fram sem kemur upp í hugann.

Frjálst sköpunarferli er afar öflugt og með því hafa öll helstu listaverk heimsins orðið til – þegar skaparinn setur sjálfan sig og hugmyndir sínar til hliðar og leyfir snilldinni að flæða fram. Í skapandi vinnu getur nefnilega verið verra að hugsa of mikið.

Í jarðbundnari ritun, t.d. þegar skrifað er verkefni eða ritgerð, er hægt að beita þessu ferli líka. Þá leggst þú fyrst í efnið, kynnir þér heimildir og safnar að þér alls konar efnivið, og svo hefst hin skapandi vinna.

Útlit texta

Textar eru ólíkir að útliti, allt eftir eðli þeirra. Þú veist auðvitað hvernig hefðbundin blaðsíða í miðri skáldsögu lítur út – það er þéttur texti yfir alla síðuna.

Þú þekkir líka hvernig frétt í blaði lítur út:

Fyrirsögn

undirfyrirsögn

Efnisgreinar eru textinn á milli greinaskila og getur náð allt frá örfáum málsgreinum upp í fjölmargar.

Efnisgrein fjallar um ákveðið efni og þegar skipt er um umræðuefni eða áherslu hefst ný efnisgrein og þá þarf að gæta að greinaskilum.

eða svona:

_____

_____

_____ __ _____ _ _____
_____ __ _____ __ __ __ _____.
_____ __ _ _____ _____
_____ __ _____ ____ __ _____ _____.
__ __ _____ ___ _____ _____ __
__ _____.
_____ ___ _ _____
_____.

1.

Innkaupalisti eða ljóð?

Hvernig lítur matseðill á pítsustað út? Og innkaupalisti? Ljóð? SMS? Eða smáauglýsing? Veltu því fyrir þér hvernig hinir og þessir textar líta út, rissaðu þá upp og láttu bekkjarfélaga þinn reyna að þekkja textann á útlitinu. Þú mátt nota strik, greinarmerki og önnur tákn – en ekki bókstafi eða tölustafi.

2.

Að leiðrétta texta

Þú færð texta hjá kennaranum sem þarfnast lagfæringar. Vinnið tvö til þrjú saman. Reynið að finna sem flest atriði sem stangast á við máltilfinningu ykkar og málfræðireglur og færið til betri vegar.

„Dreptu mig ekki!“

Hvenær er við hæfi að nota orðið drepa? En slátra? Deyða eða aflífa? Það eru til ótal mörg orð sem lýsa þeirri athöfn að taka einhvern eða eitthvað af lífi og það fer allt eftir því hvern er verið að taka af lífi og í hvaða aðstæðum, hvaða orð við veljum til að lýsa því, ekki satt?

Orðaforðinn

Í íslensku eru til hátt í tíu samheiti yfir orðið *karl*, tæplega tuttugu orð yfir *kona* og hátt í fimmtíu orð yfir *snjókoma*. Snjókoma og snjókoma er nefnilega ekki alltaf það sama:

> Líttu út um gluggann, það er snjómugga og lítið mál að fara út að leika.
>
> Það sér ekki á milli húsa í þessu hríðarkófi, þú hefur ekkert með það að gera að fara út í þennan kafaldsbyl.

Þegar við skrifum texta eigum við að vera ófeimin við að nota þann fjölbreytta orðaforða sem íslenskan býr yfir. Við eigum að nota orðatiltæki, myndhverfingar og margræð orð; leika okkur með tungumálið (án þess þó að ofgera því). Að sama skapi ættum við að forðast að nota orð og orðatiltæki sem við skiljum ekki sjálf því rétt eins og fjölbreyttur orðaforði og orðaleikir geta lyft texta upp á hærra plan þá getur röng meðferð eyðilagt annars góðan texta.

Hjálp í viðlögum – að nýta sér tæknina og netið

Enginn einn staður fyrirfinnst sem geymir öll réttu svörin um málfarsreglur í íslensku, hvorki á bók né á netinu. Enginn einstaklingur býr heldur yfir öllum réttu svörunum (ekki einu sinni kennarinn þinn). En ef þú hefur áhuga á að vanda þig sem málnotandi – bæði í töluðu og rituðu máli – standa fjölmargar hjálparsíður þér til boða og margar þeirra eru bæði hraðvirkar, einfaldar, þægilegar og ókeypis og opnar öllum. Auk þess eru til reiðinnar býsn af góðum orðabókum og handbókum um íslensku, bæði gömlum og nýjum. Allt þetta er hægt að nýta sér í leitinni að sterkri rödd; þetta eru nauðsynleg vítamín og fæðubótarefni sem styrkja þig smám saman og þjálfa.

Ótal ókeypis tól

Á netinu leynast ótrúlega mörg tól sem geta hjálpað þér að skrifa og tala góða íslensku. En hraðinn á tækninýjungum er slíkur að það er nánast ómögulegt að setja skrá yfir þessi tól í bók – hún yrði fallin úr gildi um leið og bókin kæmi úr prentun! Þegar þú lest þessi orð er líklega best fyrir þig að nota leitarvélar til að finna nýjustu útgáfur, forrit eða smáforrit sem bjóðast hverju sinni.

Árnastofnun – opin fyrir þig

Innan Háskóla Íslands starfar stofnun sem er í daglegu tali kölluð Árnastofnun. Hún gegnir margvíslegum hlutverkum og eitt þeirra er að auðvelda okkur að vanda betur hvernig við tölum og skrifum. Á heimasíðu stofnunarinnar er m.a. að finna þessi gullvægu hjálpartól (sláðu heiti þeirra inn í leitarvélar til að finna nýjustu útgáfu):

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls – hvernig fallbeygjast orð?

Hér geturðu á sáraeinfaldan hátt séð hvernig íslensk orð beygjast. Notkunin er einföld: Þú slærð inn grunnmynd orðs, t.d. hestur, og færð upp allar beygingarútgáfur sem mögulegar eru.

Þetta verkfæri geturðu notað til að skerpa á beygingum orða hjá þér almennt en líka til að athuga með einstaka orð.

Ritmálssafn Árnastofnunar

Hægt er að slá inn hvaða orði sem er og sjá notkun þess í margs konar textum, bæði nýjum og gömlum. Á vef Árnastofnunar er líka að finna skrá yfir aðskildar **ritreglur** og **skrá um orðasambönd**.

3.

Ólík málsnið, ólíkur texti

Fyrri hluti: Hafa allir textar ákveðin einkenni? Hvaða orð og orðanotkun dettur ykkur í hug þegar þið hugsið um þessar textategundir? Skrifið niður nokkur orð og þau atriði sem ykkur finnst einkenna þær.

Rómantísk saga

Vísindaskáldskapur

Sjónvarpsdagskrá

Kennslubók í íslensku

Mataruppskrift

Leiðbeiningabæklingur

Smáauglýsing

Fræðigrein

Veðurfréttir

Lagagrein

Tölvuleikur

Lýsing á íþróttakeppni

Seinni hluti: Veljið tvær textategundir úr listanum hér fyrir neðan. Skrifið texta sem er lýsandi fyrir þær tegundir – en hann verður að innihalda þessi þrjú orð:

reikningur – blað – myrkur

Veðurlýsing

Matseðill

Leiðbeiningar

Kvikmyndagagnrýni

Skilti á flugvelli

Stærðfræðibók

Fasteignaauglýsing

Brot úr ævintýri

Fréttaskot úr slúðurblaði

4.

Ljúktu við textann

Hér eru tveir textar þar sem síðasta efnisgreinin hefur verið tekin út.

Lestu þá yfir og skrifaðu síðan síðustu efnisgreinina – sem þarf auðvitað að vera í samhengi.

Kryddjurtarækt í stofuglugga

Michelle Obama hóf aprílmánuð á því að planta aftur í matjurtargarðinn við Hvíta húsið. Hún segist hafa fengið mörg hundruð kíló af grænmeti og kryddjurtum upp úr garðinum í fyrra og ætlar nú að stækka garðinn. Í því skyni sté hún sérstakan „vaxtar-dans“ til að hvetja grænmetið til að vaxa.

Innblásin af grænum fingrum frú Obama ákváðum ég og dætur mínar að hefja eigin ræktun heima hjá okkur. Við erum að vísu ekki með jafn góðan garð og þau í Hvíta húsinu, þannig að ræktunin fer fram í pínulitlum grænum bakka í stofuglugganum. En við gætum prófað að dansa í kringum græna bakkann og hver veit nema uppskeran verði svo góð að við þurfum að færa ræktunina út á tveggja fermetra svalirnar og þaðan út í garð.

Þær kryddjurtir sem við ræktum þarna í gluggakistunni í þessum fyrsta áfanga, eru kóríander, basil og rósmarín. Þá ákváðum við að gera tilraunir með að rækta kúrbít, tómataplöntu og sólblóm. Þetta þrennt síðasta á sennilega ekki mikla von um uppskeru en um leið og fyrstu laufin eru komin á spírurnar, flytjum við þetta í stærri potta og reynum að gera allt eftir kúnstarinnar reglum. Við erum búin að fjárfesta í bókum um ræktun kryddjurta innanhúss og það er mikil spenna í okkar herbúðum.

Mín hefur augu og mitt hefur nef

Eitt sinn bjó karl og kerling og áttu sér ekki barna. Einn morgun, þá karl fór á skóg að veiða dýr og fugla, segir hann við kerlingu: „Í kvöld skal ég drepa þig, ef þú verður ekki búin að eiga mér króga.“ Síðan fór hann af stað.

Nú fór kerling að gráta og sest með miklum harmatölum út undir bæjarvegg. Þá kom til hennar kona og spyr, því hún gráti. Hún sagði henni orð karlsins. Konan kvaðst skyldu hjálpa henni. Þær veiddu hrafn, sem var að flökta þar í kring og vöfðu hann reifum. Síðan fór konan í burtu. Kerling var nú að hossa og hampa þessum unga sveini, þangað til karl kom heim. Varð hann nú yfrið glaður, þegar hann sá, að kerling var búin að eignast barn um daginn.

Kerling fer nú ofan að sækja honum mat, en karl var að hossa reifaða barninu úti við gluggann og tók úr skjáinn, svo hann sæi útlit og yfirbragð barns þessa. Þá segir karl: „Mín hefur augu og mitt hefur nef og mitt hefur til þín runnið.“

Varð krummi þá svo fríslur, að karl réð öngu við hann. Losnuðu þá reifarnar utan af honum, svo krummi losnaði og flaug út um gluggann.

Hvernig er síðasta efnisgreinin?

Við hvern ertu að tala?

Oftast nær er mikilvægt að hafa í huga fyrir hvern textinn er skrifaður. Tilgangur texta er einmitt að ná til fólks og miðla einhverju, t.d. upplýsingum, boðskap eða stemningu og til að texti nái til fólks þarf hann að höfða til þess:

- Er textinn fyrir fullorðna, bekkjarsystkini þín eða yngri börn?
- Hvað vekur áhuga lesendahópsins?
- Hvernig tungumál geturðu notað?
- Hvernig getur þú fangað athygli þeirra og skrifað texta við hæfi?
- Er þetta sértækur texti (bara fyrir örvhenta unglinga sem búsettir eru í nyrsta hluta Suðurlandsundirlendis og hafa áhuga á Minecraft) eða mjög almennur texti (sem allir þurfa að skilja, bæði börn og fullorðnir)?

5.

Texti fyrir hvern?

Skoðaðu þessi textabrot og veltu fyrir þér fyrir hvern eða hverja þau eru skrifuð. Hafðu í huga aldur og kyn þeirra sem textinn á að ná til.

Mundu að rökstyðja mál þitt – hvað er það við hvern texta sem fær þig til að draga þessar ályktanir?

Lífið er of stutt til að leita að sokkum í stíl!

„Sofðu, unga ástin mín, – úti regnið grætur.“

Mörg efni á heimilinu eru gagnleg en geta verið skaðleg eða jafnvel lífshættuleg ef þau eru ekki meðhöndluð rétt og verða spilliefni í náttúrunni ef þeim er ekki fargað með viðhlítandi hætti.

Njóttu þess að spara! Nú fer hver að verða síðastur – gríptu tækifærið og pantaðu dekurferð fyrir þig og ástvin þinn.

Ef ég næ 100 lækum ætlar mamma að gefa mér kött :)

Ég hef verið mjög ósáttur, sorgmæddur og reiður vegna þess að þú fórst frá mér án þess að útskýra fyrir mér af hverju.

Andlitshreinsun er tvímælalaust eitt veigamesta atriði þegar kemur að umhirðu húðarinnar. Bæði þarf að hreinsa allar leifar af andlitsfarða og svo er nauðsynlegt að losa húðina við dauðar húðfrumur.

Og nú er komið að kveðjustund. Hvíl í friði, kæri vinur.

Vandi hennar er fyrst og fremst tilkominn vegna skilningsleysis þeirra sem fara með hennar mál. Hún á hvergi samastað. Hún getur hvergi leitað skjóls. Hún býr á götunni og öllum virðist standa á sama.

Þegar þú komst inn í líf mitt ...

Leggðu góðan grunn!

Það er (líklega) einfaldara en þú heldur að leggja grunn að góðri sögu eða kvikmynd. Staðreyndin er sú að ef við leikum okkur frjálslega með efniviðinn (eins og við leikum okkur með leir eða legó) mun á endanum birtast eitthvað svakalega spennandi.

6.

Persónusköpun, sögusvið, atburðarás

Viðurkenndu þrjú innbrot

RANNSÓKNARDEILD lögreglunnar á Akureyri handtók tvo menn um þrítugt í fyrradag, sem við yfirheyrslur viðurkenndu þrjú innbrot.

Mennirnir viðurkenndu innbrot í Umferðarmiðstöðina á Akureyri um helgina, þaðan sem stolið var um 100 kg peningaskáp sem í voru bókhaldsgögn og um 80.000 krónur í peningum og vöruvagni. Einnig viðurkenndu þeir innbrot í Endurvinnsluna á Akureyri um helgina, þaðan sem m.a. var stolið verkfærasetti og innbrot í íþróttahúsið á Þelamörk fyrir um hálfum mánuði þaðan sem stolið var um 30–40 þúsund krónum í peningum. Þá viðurkenndi annar mannanna að hafa stolið GSM-síma.

Í þessari stuttu frétt koma fram fjölmargar persónur (tveir þjófar og heil deild í rannsóknarlögreglunni á Akureyri!), alls kyns smáatriði (sem við ætlum ekki að telja upp) og brotakennd atburðarás.

Þetta gefur færi á fjölbreyttri, skapandi vinnu:

a. Persónusköpun

Byrjaðu á því að skrifa niður ótal smáatriði um þjófana (nafn, aldur, hæð, þyngd, klæðaburður, heimili, fjölskylduhagir, tengsl þeirra, draumar þeirra, uppáhaldsmatur, uppáhaldsdrykkur, áhugamál). Smám saman birtist (af sjálfu sér) skýr mynd af þeim báðum.

Leiktu sama leikinn með lögregluþjónana.

Ef þú vilt geturðu æft ritunina með því að breyta þessum upptalningum yfir í samfelldan texta.

b. Sjónarhorn

Skrifaðu 1. persónu frásögn af sjálfri handtökunni út frá:

- öðrum þjófanna
- lögregluþjóni

Skrifaðu símtal til lögreglunnar frá aukapersónu að eigin vali, t.d.:

- Hannesi, húsverðinum á Umferðarmiðstöðinni
- Friðrikku, framkvæmdastjóra Endurvinnslunnar
- einhverjum í íþróttahúsinu
- persónu sem þér dettur í hug

c. Atburðarás

Skoðaðu vel atburðarásina sem fram kemur í fréttinni.

- Geturðu púslað henni saman í rétta tímaröð, allt fram að handtökunni?
- Ef þú ímyndar þér að öll innbrotin hafi verið liður í stórri áætlun – hvert gæti markmiðið hafa verið?

d. Kvikmyndagerð

Horfðu vel yfir allt efnið og finndu gott upphaf á kvikmynd sem byggir á þessum atburðum. Hvernig læturðu myndina byrja?



Blogg um málefni líðandi stundar

Jafnvel þótt blogg þyki almennt ekki alltaf merkilegar ritsmíðar er auðvelt að koma auga á margvísleg stílbrögð hjá bloggurum. Allir eiga það sameiginlegt að vilja

- miðla einhverju
- vekja athygli
- fá viðbrögð

Og þessir bloggarar – hvernig ná þeir athygli? Með því að hafa fyrirsögn lokkandi og óræða eða einhverju öðru? Í textunum er að finna ýmis stílbrögð sem ætlað er að hafa áhrif á lesandann, kannski í þá veru að gera textann safaríkan og skemmtilegan aflestrar – en það skiptir verulegu máli þegar netið er annars vegar.

Músíktilraunir og hálffull glös

Heiða Eiríksdóttir

Líf mitt hefur verið mun fjölbreyttara en líf þessa bloggs bendir til, sem er synd því ein aðalástæða þess að ég blogga er til að geta flett upp í mínu eigin lífi seinna (að því gefnu að hamfarir geri ekki allar tölvur ásamt internetinu óstarfhæfar eftir nokkur ár). En hvað um það, Músíktilraunir 2013 hafa verið í fullum gangi þessa viku og úrslitin eru á morgun í Silfurbergi í Hörpu. Þar er um algjöra lúxus-versjón af Músíktilraunum að ræða, því húsakynni eru þægileg, sæti líka, og hljómurinn nálgast fullkomnun. Það ætti því að vera hægt að mæla með því að kíkja í Hörpu á laugardag klukkan 5. Svo er ég hætt í japönsku í Háskóla Íslands og er að leita mér að dagvinnu. Búin að sækja um á einu kaffihúsi og einni sjoppu. Ætla að skoða nokkra hluti sem ég er búin að læna upp sem annað hvort skemmtilegum vinnustöðum eða sem skemmtilegu fólki að vinna þar svo vinnan sjálf verði betri. Maður er nefnilega manns gaman eins og máltækið segir og því eru góðir vinnufélagar stundum jafnvirði nokkuð margra þúsundkalla og gera skítalaun skárri. Það er reyndar ekki hægt að éta vinnufélagana í kvöldmat en ef þeir eru skemmtilegir og maður hlær mikið yfir daginn er maður svo hamingjusamur að kvöldi að maður borðar minni skammt með bros á vör … Glasið er hálf-fullt …af ódýrasta Bónus-sódavatninu reyndar en það er samt gos í því. Vú hú, lifi allt skemmtilegt og bú á leiðinlegt og þras og þvælu og lifi Músíktilraunir alveg sérstaklega og lifi unglingar og lifi tónlist. Góða helgi!

Lag dagsins: Marianne Faithfull – Why'd Ya Do It?

Birgir Örn Steinarsson

Það var móðir mín sem kynnti mig fyrir Marianne Faithfull. Man eftir kokteilboði heima þar sem hún setti þetta lag á fóninn og söng með! Var þá aðeins of ungur til þess að skilja textann – sem er hreint út sagt svakalegur! Lagið er eitursvalt líka. Platan Broken English með Marianne sem þetta lag er af – er ein af uppáhalds plötunum hennar. Annað uppáhald hjá henni er David Bowie. Hún er líka með tattú, mótorhjólapróf og skotveiðileyfi! Einu sinni bauð ég henni á Coldplay tónleika og í miðju setti hallaði hún sér að mér og sagði: „Birgir minn… þetta er ágætis hljómsveit og allt það … en mikið djöfull er þessi söngvari mikill vælukjói!“ …

Hún er lítið fyrir það að sýna veikari hliðar sínar og er svalari en andskotinn … hlustið bara á þetta lag ef þið trúið mér ekki … ég get bara beðið til Guðs að dóttir mín erfi skapgerð móður minnar … það yrði algjör … ótrúlega fallegt.

Veltu eftirfarandi fyrir þér:

- Hver er viðmælandi höfundarins í hvoru bloggi um sig?
- Hvað finnst þér gott við þessi blogg? En slæmt?

7.

Bloggaðu!

Skrifaðu þitt eigið blogg. Veldu þér viðfangsefni en reyndu að öðru leyti að halda þig sem mest við formið á öðru hvoru blogginu hér að framan. Þú mátt gjarnan hafa mynd með.

Rökfærsluritun

Þegar þú lýsir skoðunum þínum eða færir rök fyrir máli þínu er góð regla að finna bæði staðreyndir sem styðja þinn málflutning og hugsa um mótrök sem þú gætir fengið. Þá verðurðu færari um að útskýra og færa rök fyrir máli þínu. Eins og alltaf þarftu að hafa í huga fyrir hverja þú ert að skrifa og hvaða áhrif þú vilt hafa með skrifunum:

Hvert er markmið þitt með skrifunum?

Hver er kjarninn í þínum málflutningi?

Hvernig ætlarðu að sannfæra lesendur?

Þú hefur þessa möguleika:

- Að setja fram fullyrðingu …
  - **sem staðreynd:** Reykingar eru vondar fyrir heilsuna.
  - **þar sem vísað er til skoðunar margra:** Flestir eru sammála að útivistarreglur barna og unglinga eigi rétt á sér.
  - **þar sem vísað er til atburðar:** Íþróttadagurinn í fyrra gekk vel og því óskum við eftir að fá að endurtaka leikinn í vor.

- **þar sem höfðað er til skynsemi:** Enginn með réttu ráði myndi leyfa sex ára barni að vera úti að leik eftir miðnætti.
- **þar sem vísað er til sérfræðings:** Næringarfræðingurinn Hulda Reykfjörð segir morgunmatinn vera mikilvægustu máltíð dagsins.
- Að færa rök fyrir fullyrðingu – fullyrðing án röksemda er lítt haldbær.
- Þú getur komið með mótrök, komið með rökstuðning gegn því sem annar hefur haldið fram. Reyndu að finna staðreyndir sem afsanna það eða í það minnsta styðja þitt mál. Þegar þú svarar öðrum þarftu að skoða vel hvaða atriðum þú vilt svara, punktaðu þau niður hjá þér og svaraðu þeim í réttri röð.

Flettu upp í bókinni *Beinagrindur – Handbók um ritun* og skoðaðu hvað einkennir rökfærsluritun.

8.

Rökfærsluritun

1. hluti: Skrifaðu bréf til að sannfæra yfirvöld um eitthvert tiltekið málefni sem tengist hverfinu þínu eða skólaumhverfinu. Er einhverju ábótavant? Þarf að fjarlægja eitthvað? Viltu að yfirvöld standi fyrir átaki eða viðburði? Vilt þú standa fyrir atburði eða viðburði en þarft leyfi yfirvalda og jafnvel fjárstuðning?

Byrjaðu á að svara spurningunum:

Hvert er markmið þitt með skrifunum?

Hvert er aðalatriðið í þínum málflutningi?

Hvernig ætlarðu að sannfæra lesendur?

Skoðaðu svo möguleikana hér að framan og notaðu a.m.k. þrjá þeirra til að byggja upp bréfið.

Mundu að byrjunin er mikilvæg og það er endirinn líka!

2. hluti: Vinnið þrjú saman og notið sömu vinnubrögð til að skrifa rökstuðning fyrir eftirfarandi fullyrðingar, með eða á móti:

Hjónabandið er úrelt hugmynd.

Ást er boðefnastraumur úr heilanum og hefur ekkert með andlegar tengingar að gera.

Skólabúningar ættu að vera skylda í grunnskólum.

Bandarískar bíómyndir eru betri en bíómyndir frá Evrópu.

Til að gera verkefnið enn meira krefjandi skaltu fyrst velja viðfangsefni með hópnum og kasta svo upp á hvort þið skrifið með eða á móti. Góða skemmtun!

Ritvinir, pennavinir, allir vinir í skóginum

Ein frábær leið til að verða betri í ritun er að eignast svokallaðan ritvin. Milli ritvina ríkir gagnkvæm virðing.

Hvað gerir ritvinur?

- Les yfir texta þegar þú óskar eftir því.
- Les með opinn huga en á gagnrýninn hátt.
- Gefur þér hreinskilið álit.
- Er fús til að ræða hvað er gott við textann og hvað er síðra.
- Heldur trúnað um textann þinn og ræðir hann ekki við aðra en þig.

Hvað gerir ritvinur alls ekki?

- Gagnrýnir þig sem persónu.
- Rýfur trúnað.

Að verða góð(ur) í ritun felur í sér mikla æfingu og þess vegna er líka mikilvægt að geta fengið annað álit einhvers sem er tilbúin(n) að leggja sitt af mörkum.

Alls konar ritun – bland í poka

9.

Að skrifa

Skrifaðu þinn eigin texta um þessa ljósmynd. Veldu þér einfalt og hversdagslegt viðfangsefni en settu þig í stellingar og notaðu innihaldsrík orð og flóknari setningar til að skrifa hástemmdan texta.

10.

Myndatextar

Skrifaðu a.m.k. tvo myndatexta um þessar myndir. Ímyndaðu þér ólíkan lesendahóp og þar með mismunandi málfar og stíl.

11.

Endurminning í framtíðinni

Rifjaðu upp nýlegt atvik í lífi þínu, eitthvað sem skiptir þig töluvert miklu máli. Settu þig í stellingar og gerðu þér í hugarlund að þú skrifir endurminningu um þetta atvik eftir fimmtíu ár.

12.

Endurminningar í stuttu máli

Ímyndaðu þér að þú sért ellilífeyrisþegi að skrá lífshlaup þitt. Þú ætlar að segja barnabörnum þínum frá því helsta sem á daga þína hefur drifið. Hvaða atriði viltu draga fram?

13.

Lesendabréf

Skoðaðu lesendabréfin hér og skrifaðu eitt slíkt þar sem þú vilt koma á framfæri annaðhvort hrósi eða kvörtun.

Hvað einkennir endurminningar?

- Einfölduð útgáfa af atvikum.
- Fortíðarþrá – oft jákvæð en stundum neikvæð.
- Meiri þroski þess sem segir frá.
- Fjarlægð frá atburðum.

VELVAKANDI

TALSTÖÐVARMAÐURINN HAFI SAMBAND

ÞÚ SEM komst skilaboðum til mín símleiðis eftir að hafa heyrt þau í talstöðinni þinni, sunnudagskvöldið 31. október sl., vinsamlegast hafðu samband við mig aftur sem fyrst í sama símanúmer, 71929. Mig langar að sýna þér þakklæti mitt fyrir það sem þú gerðir. Sigurlaug.

GLUGGAPÓSTUR

MEÐ ÞESSU bréfi ætla ég ekki að setja út á gluggapóstinn, heldur hæla einu líknarfélaganna sem sendir okkur þessa „vinsælu“ happdrættismiða, sem þó flestir fara í ruslakörfuna. Sjálfsbjörg, Landssamband fatlaðra svo og aðrir senda þessa miða, en Sjálfsbjörg gerir þó eitt, sem hin félögin mættu taka upp líka, en í heimsendum miða er síðasti úrdráttur, sem gefur okkur möguleika á að kynna okkur hvort við höfum unnið eður ei, því í flestum tilfellum, a.m.k. hjá mér, gleymir fólk að athuga hvort vinningur hafi komið á miðann. Þetta mættu önnur félög gjarna taka til eftirbreytni. Ingunn

Sjal tapaðist

BLÁRÓSÓTT sjal úr silki og ull tapaðist í Bankastræti eða í Kornhlöðunni á Skólavörðustíg fyrir röskum tveimur vikum. Finnandi vinsamlega hringi í síma 15216 eftir kl. 19.

Lyklar fundust

ÞRÍR Assa-lyklar, einn Subaru bíllykill og einn lítill lykill fundust á horni Rauðarárstígs og Hverfisgötu við Hlemm mánudagskvöldið 25. október. Eigandi má hafa samband í síma 626482.

Týndir frakkar

TVEIR ullarfrakkar, annar svartur og hinn dökkblár, hurfu á balli Kvennaskólans í Tunglinu sl. fimmtudagskvöld. Hafi einhver upplýsingar um frakkana er hann vinsamlega beðinn að hringja í síma 31797 eða 38767.

GÆLUDÝR

Köttur í óskilum

STÓR svartur, ómerktur fressköttur hefur sest að í Hlyngerði íbúum til vandræða. Hann er ljúfur og vel upp alinn. Kannist einhver við köttinn er hann vinsamlega beðinn að hafa samband í síma 35618.

14.

„Hún hamraði boltann í netið!“

Hvernig málsnið nota íþróttafréttamenn? Láttu sem þú sért íþróttafréttamaður, veldu þér mynd og skrifaðu frétt sem segir frá keppninni þar sem myndin var tekin.



15.

Skrifaðu „söguna“

Veldu eitt bréf til að skrifa:

1. Stíft og formlegt bréf til Guðs, frá Adam og Evu, eftir að þeim var vísað úr Paradís.
2. Bréf frá Óðni til Guðs þar sem þeir bera saman bækur sínar.
3. Bréf frá simpansa sem nennir ekki lengur að horfa upp á mannfólkið opna banana á rangan hátt og vill endilega kenna þeim réttu aðferðina.

16.

Barnabókahöfundur eða bloggari?

Skrifaðu 5–10 málsgreinar út frá þessari mynd:

1. sem byrjun á barnabók.
2. sem fræðigrein í tímariti.
3. sem bloggari og áhugamaður um hafið og lífríki þess.

17.

Lífsspekin þín

Skrifaðu þína eigin gullmola sem eiga að fara inn í páskaeggið. Skrifaðu:

- nokkra almenna gullmola
- nokkra sem eru ætlaðir foreldrunum
- nokkra sem eru ætlaðir ömmu og afa
- nokkra sem eru ætlaðir vinunum

18.

Framtíð ritunar er ...

Nútíminn færir okkur sífellt nýjar leiðir til að tjá okkur. Fyrst ristu menn orðin á steinplötur, rituðu með bleki á nautshúðir, rituðu á pappírsarkir, prentuðu með prentvélum á pappír, skrifuðu með ritvélum, skrifuðu með tölvum og prentuðu út með einum músarsmelli. Núna þarf ekki einu sinni að prenta út afurðina – það dugir oft að setja hana á netið eða gefa út í rafrænu formi fyrir lesbretti og snjalltölvur.

Skrifaðu texta þar sem þú veltir fyrir þér hvaða tækniframfarir munu eiga sér stað á næstu tuttugu árum.

19.

Endurvinnsla ... „hvað ef?“

Í jólalaginu „Skrámur skrifar jólasveininum“ snýr Laddi upp á klassíska jólalagið „Þrettán dagar jóla“ og býr til vægast sagt dramatíska sögu í bréfaformi.

Leiktu sama leikinn og notaðu þessar gjafir til að skapa þína eigin endurvinnslu.

Hér er upprunalegi textinn:

Á jóladaginn þrettánda
hann Jónas færði mér
þrettán hesta þæga,
tólf lindir tærar,
ellefu hallir álfa,
tíu hús á torgi,
níu skip í naustum,
átta kýr með klöfum,
sjö hvíta svani,
sex þýða þresti,
fimmfaldan hring,
fjögur nautin feit,
þrjú spök hænsn,
tvær dúfur til
einn talandi páfugl á grein.

Að lokum – þetta um ritun

Ritun er sköpun og til að kalla fram óheft flæði í ritun er mikilvægt að búa við frelsi til þess að tjá sig. Það fer auðvitað svolítið eftir því hvað þú ert að skrifa en oftast er besta leiðin að skrifa, skrifa og skrifa svo meira. Að leyfa sér að leika sér, leggja gagnrýnina til hliðar rétt á meðan og hugsa ekki of mikið um stafsetningu, safaríka orðanotkun eða setningaskipan. Það getur drepið niður flæðið í sköpunarkraftinum og mundu: Það má alltaf slípa til og laga síðar.

Hver er þinn ritunarstíll?
Hvaða tækni notar þú við ritun?

Taktu stöðuna!





Neisti

Það má – eða má ekki ... þú ræður

Hannaðu nýtt skilti sem annað hvort boðar eða bannar.

- Af hvaða tegund er skiltið?
- Hvar er þörf fyrir það?
- Af hverju er þörf fyrir það?
- Hvar kemur ekki til greina að staðsetja skiltið?

Ef þú værir skilti, hvernig skilti myndir þú vilja vera?

- Hvar vildirðu helst vera staðsett? Af hverju?
- Hvað þyrftirðu helst að óttast ef þú værir skilti? Af hverju?

Hvað er flottasta, fyndnasta, fúlasta eða skrýtnasta skilti sem þú hefur séð? Hvað liggur að baki þeirri skoðun þinni – af hverju einmitt þetta skilti?

4. kafli

Þú ert græjan: Um lestur, læsi og úrvinnslu

Markmið þessa kafla er að þjálfa enn betur færni þína í að lesa á milli línanna, vinna úr efnisatriðum texta og greina aðalatriði frá aukaatriðum í upplýsingum sem eru allt í kringum þig. Þú hefur hæfileika til að skynja mörg smáatriði í umhverfi þínu. Þess vegna ert þú hálfgerð græja, skilningsgræja, og henni þarf að halda við með stöðugri notkun.

Hvað vilt þú? **Þú?** Viltu eiga haus sem ræður við langa, flókna, djúpa og áhrifaríka texta? Viltu geta komið í veg fyrir alls kyns leiðindavillur í lífinu, t.d. að einhver nái að plata þig upp úr skónum með því að nota orð sem þú skilur ekki eða að missa af strætó af því að þú last ekki rétt út úr tímatöflunni? Viltu vera með á nótunum?



Hvað er fyndið og af hverju?

Við byrjum með texta úr bókinni *Peð á plánetunni jörð* eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur og æfum okkur í að skynja áferð orðanna og lesa á milli línanna.

Ef þér finnst þetta fyndinn texti, hvað er það sem gerir hann fyndinn?

Fyrir sögumanni er þetta alveg hefðbundin byrjun á deginum ;-)

Hvaða máli skiptir að sögumaður notar orðið „fálma mig í spjarirnar“ í staðinn fyrir „klæða mig í fötin“?

Sérðu þetta fyrir þér? Mamman, með allar sínar uppstökku taugafrumur, bíður spennt eftir því að dóttirin fari út úr húsi …

Dagurinn byrjaði eins og venjulega: Pabbi vakti mig með kossi, ég hreytti í hann ónotum og dró sængina upp fyrir haus. Eftir nokkrar mínútur vakti hann mig aftur, hífði efri helminginn á mér upp í lóðrétta stöðu og skorðaði mig af. Ég byrjaði að fálma mig í spjarirnar með lokuð augun og tókst að komast í bolinn og aðra buxnaskálmina áður en ég sofnaði aftur. Þegar pabbi vakti mig í þriðja sinn var komið hálfgert tómahljóð í þolinmæðitankinn hjá honum svo ég reif sjálfa mig upp á hnakkadrambinu með ofurmannlegu átaki.

Til allrar hamingju var mamma sofandi svo ég gat notið geðvonsku minnar í friði með kakóinu, ristaða brauðinu og Rás 2. Þegar við mamma vöknum saman á morgnana er þriðja heimsstyrjöldin alltaf á næsta leiti. Það er nefnilega frá mömmu sem ég erfði morgunofnæmið. **Sá sjúkdómur lýsir sér þannig að allar taugafrumur verða ofboðslega uppstökkar og það getur haft geigvænlegar afleiðingar fyrir þá sem dirfast að yrða á sjúklinginn nývaknaðan. Tveir svona sjúklingar við sama morgunverðarborð eru lífshættuleg samsetning.**

Sniðugar andstæður í hegðun, strax í upphafi.

Pabbinn hífir hana upp og skorðar hana af eins og poka með grillkolum.

Hefurðu heyrt talað um þolinmæðitank áður? Skilurðu líkinguna?

Passar þú alltaf upp á að „njóta geðvonsku þinnar“ þegar sá gállinn er á þér?

Flettu sjúkdómnum „morgunofnæmi“ upp á doktor.is. Finnurðu upplýsingar um hann?

Hefurðu séð uppstökka taugafrumu? En sallarólega? En svanga?

Vangaveltur um *Peð á plánetunni jörð*

Hvaða stílbrögð notar höfundurinn? Hvernig finnst þér þessi byrjun? Hefurðu áhuga á að lesa meira? Af hverju? Af hverju ekki? Hvað finnst þér líklegt að gerist næst í sögunni?

Hér eru nokkur lykilorð til að horfa sérstaklega eftir og ræða:

- hliðstæður eða andstæður
- myndmál
- vísanir
- persónugervingar
- ýkjur í málfari
- eitthvað sem er sérkennilegt er sett fram sem eðlilegt.

Að skilja eitt með því að lesa um annað

Listin að lesa eftir Árna Bergmann

Hvað á höfundur við með feitletruðu orðunum hér í upphafi? Ertu sammála þessum fullyrðingum? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?

Af sjálfu leiðir að í sögu hverrar þjóðar er að finna merkilegan kafla um það, hvernig hún eignaðist stafróf og lærði að lesa. **Sem einstaklingar vitum við vel að okkar eigin ævisaga er að verulegu leyti sagan af því hvaða bækur við lásum, hvenær og með hvaða hugarfari**. Þá er ekki síst átt við þær bækur sem ekki falla undir vísindi og fræði heldur bókmenntir – skáldsögur, leikrit og ljóð.

Við áttum hvert um sig bernsku í lestri, lestur í bernsku, sem slunginn var þeim töfrum að allt var okkur nýtt og við geymum í hugskoti dýrmætar minningar frá þeim tíma. Daginn sem ég varð sjö ára vakti móðursystir mín mig áður en hún fór í vinnuna og gaf mér bókina um Davíð Copperfield eftir Dickens. Ég fór strax að lesa og þegar krakkarnir úr næstu húsum komu í afmælissúkkulaðið sat ég hágrátandi uppi í stiga, því ég fann svo sárt til með Davíð sem hafði misst móður sína þegar hér var komið lestrinum. Ég var óhuggandi og árum saman var móðurmissir martröð sem sótti á mig í svefni og vöku. **Í Davíðs sögu Copperfields komst ég í fyrsta sinn í tæri við galdur bókmenntanna: þær stækkuðu heiminn með því að leyfa mér að taka þátt í lífi annarra. Ég var orðinn þessi munaðarlausi enski drengur á liðinni öld – og um leið vissi ég betur en áður hve mikil auðlegð það var að eiga móður**. Ég vaknaði á hverjum morgni til notalegs öryggis í stórri fjölskyldu heima í Keflavík, en ég gekk um leið við hlið Davíðs sem svo oft stóð einn í næðingi heimsins.

Hvað á höfundur við með þessum orðum?

1.

Listin að lesa

1. Segðu frá því í nokkrum línum um hvað Árni fjallar í textanum.
2. Texti Olgu Guðrúnar hér að framan var opinn, frjálslegur, ýktur, kaldhæðinn og kærulaus. Geta einhver þessara lýsingarorða átt við texta Árna Bergmann um lestur? Hvaða lýsingarorð geturðu notað yfir síðarnefnda textann? Rökstyddu með dæmum.
3. Veltu sérstaklega fyrir þér setningunum sem eru feitletraðar í textanum – geturðu nefnt dæmi um eftirminnilegan lestur sem hafði slík áhrif á þig? Skrifaðu um eina slíka reynslu.
4. „Þær stækkuðu heiminn með því að leyfa mér að taka þátt í lífi annarra.“ Hvað er átt við með þessum orðum?
5. Í lýsingum höfundar verður Davíð Copperfield nánast eins og fylgja; ósýnilegur vinur sem fylgir honum hvert sem hann fer. Kannastu við þessa tilfinningu? Geturðu deilt reynslu af þessum toga með bekknum eða skrifað um hana?

Allir sem fást við texta beita stílbrögðum að einhverju marki.

2.

Ýkt úrvinnsla og framsögn

Vinnið áfram með texta Árna í þriggja manna hópum.

- Einn hópurinn er viðmiðunarhópur og hann fjarlægir öll stílbrögð úr textanum og gerir hann eins einfaldan og mögulegt er.
- Hinir hóparnir taka textann og ýkja hann enn meira með því að bæta inn lýsingarorðum, ýkjum, vísunum, málsháttum, útúrsnúningum og almennum stælum.
- Að lokum lesa allir hóparnir upp sína texta til samanburðar og allur bekkurinn ræðir útkomuna.

Barn náttúrunnar

Hér er upphafið á fyrstu skáldsögu Halldórs Laxness, *Barn náttúrunnar*, en hún kom út þegar hann var aðeins 17 ára að aldri. Byrjið á að lesa þetta brot úr sögunni.

Maðkurinn

Maðkur!

Aumlegi maðkur. Þarna liggurðu varnarlaus, þarna skríðurðu áfram með því að eingjast sundur og saman!

Hvað þú ert vesæll og vanmáttugur! Bíddu! Bráðum traðka ég þig sundur með fætinum; traðka þig sundur af því að ég er máttugri en þú; einsog drottinn, þessi stóra almáttuga sál sem nýtur yndis af að sjá mannssálina skríða í duftinu fyrir fótum sér dálitla stund, en treður hana svo von bráðar sundur.

Þannig mælti úngur og fríður bóndasonur.

Við fætur hans skreið ánamaðkur sem hann samkvæmt ræðu sinni traðkaði sundur með fætinum, svo eftir varð aðeins dálítil mórauð glitrandi leðja.

Pilturinn var staddur í fjallshlíð, vaxinni skógarkjarri.

Það var vordagur en veðrið var alt annað en vorlegt. Það var úrhellisrigníng ísköld og stórfeld, og stormur. Grá eða svört regnský óðu til og frá á himninum, og alt rann út í vatni. Hver smálækur í fjallinu var orðinn að kolmórauðu fljóti.

Regndroparnir sliguðu blöðin á björkinni og stormurinn skók stofna hennar og lim.

En bóndasonur virtist ekki hirða um óveðrið. Hann var berhöfðaður, regnvatnið streymdi úr hárinu á honum, niður hálsinn og bakið, ennið og andlitið, niður í munnvikin, inn í munninn, eða niður af kjálkanum niður á brjóstið.

Hann var yst fata klæddur stuttum jakka, var auðsjáanlega vaxinn upp úr honum, í stuttbuxum og gráum sokkum, og hafði hvíta léreftslinda fyrir sokkabönd, en annar hafði bilað, og á þeim fætinum var sokkurinn niðri á hæl, og niðrundan buxunum sást í hvítar nærbrækur. Pilturinn var fallega vaxinn og fríður í andliti, en andlitssvipurinn bar merki um sárar hugraunir.

Hann óð áfram gegnum kjarrið og hirti ekki um þó rennvotar, kaldar og óþjálar hríslurnar berðust við andlit hans og hristu framan í hann regnvatninu sem hafði safnast fyrir á blöðunum.

Öðru hvoru hugsaði pilturinn upphátt.

Bóndasonur! mælti hann, að ég skyldi nú þurfa að vera bóndasonur, fæddur til þessa lúalega lífsstarfs og eiga mér aldrei uppreistar von fyrir bragðið. Eða hefði pabbi verið ríkur bóndi, það hefði verið annað. Þá hefði hann kostað mig í skóla og reynt að gera mig að manni.

Nei, það liggur ekki annað fyrir mér en kotbóndastaðan, – ég kemst aldrei leingra.

Og þó er hún bóndadóttir. Reyndar stórbóndadóttir, en hún er of drambsöm samt.

Hvort mér hefði getað dottið það í hug, fagra kvöldið fyrir þrem vikum, þegar hún kysti mig kossinum í hvamminum hjá ánni og sagði ég væri fallegastur allra piltanna og að hún skyldi verða unnustan mín og konan mín á eftir, já, hvernig hefði mér þá getað dottið í hug að hún mundi segja það við mig, sem hún sagði uppi í hlíðinni áðan:

Vertu ekki að neinu ástarugli við mig leingur. Láttu mig í friði! Ég vil ekki sjá þig, mórauðan kotastrákinn!

Það hefði verið betra að vera særður eins mörgum hnífstúngum og þessi orð voru mörg, – fyrir eitt ástarorð frá henni.

Og ég sagði henni að ef hún yrði ekki konan mín, þá dræpi ég mig.

En þá hló hún. Ég konan þín?! – hló, hló, köldum kæruleysishlátri sem sýndi að henni stóð hjartanlega á sama.

Svo gekk hann hugsandi áfram um stund, og það var myrkt yfir svip hans.

Síðan hélt hann áfram upphátt:

Til hvers að fara aftur heim í kotið?

Til þess að fara að sofa, og til þess að vakna aftur á morgun og þræla einsog réttlaus hundur!

Nei ég sé ekki framar glaðan dag.

Vonir mínar hafa brugðist, ást mín er troðin fótum, og veröldin blasir við mér einsog bert og kalið hraun sem augað eygir ekki út yfir.

Manni sem hefur mist ástir sínar og vonir er ekki til neins að lifa. Lífið hlýtur að vera honum óbærileg kvöl upp frá því.

Og til hvers er þér að lifa leingur, kotastráknum? Til hvers – þegar öllu því er gat gert líf þitt bærilegt er kippt í burtu? Nei. Þú átt þér aldrei uppreistarvon framar í lífinu.

Hulda! Ó Hulda! Ég hélt að þú elskaðir mig! Ó hefðirðu séð borgirnar sem ég bygði í huga mínum eftir að þú hafðir kyst mig fyrstu kossunum. Ó hefðirðu getað skilið hve sæll ég var eftir að þú hafðir heitið mér ást þinni!

Nei, þú gast ekki skilið það. Þess vegna brást þú mér, og nú vildi ég óska að þú gætir fundið kvöl mína. Ef til vill linast hjarta þitt ögn er þú stendur yfir beinum dreingsins frá kotinu.

Hann grét sáran, tárin féllu ótt og títt af hvörmum hans og hurfu saman við regnvatnið sem rann niður eftir kinnunum. En hann hirti ekkert um storminn né regnið, óveðrið sem hamaðist í sál hans var meira.

Þarna er áin, blessuð áin sem hefur kveðið ljóð sín fyrir smalann og leikið við fætur hans með létta straumkvikinu sínu. Nú skal hún kveða yfir honum líksaunginn og bera hann andvana fram á eyrar.

Og hann gekk til árinnar í síðasta sinn.

Hálfum mánuði síðar, á sólhlýum vordegi var dreingurinn úr kotinu jarðsúnginn.

3. Maðkurinn

- Hverjar eru hliðstæðurnar á milli stráksins og maðksins – hvað eiga þeir sameiginlegt?
- Hver er í stöðu Guðs?
- Hvernig er forvitni ykkar vakin? Hvað haldið þið að gerist næst í sögunni, fyrst aðalsöguhetjan er dáin?
- Setjið ykkur í spor Huldu. Af hverju vildi hún ekki giftast drengnum úr kotinu? Hvernig leið henni þegar lík hans fannst?
- Veljið eina málsgrein úr skáldsögunni og setjið orðin úr henni upp í ljóðaformi – en gerið það hvort í sínu lagi. Berið saman úrvinnslu ykkar.
- Skrifið eina dagbókarfærslu, annaðhvort að kvöldi dagsins sem hún hryggbraut kotastrákinn eða að kvöldi jarðarfarardagsins.

Kjarninn og hismið

Endursögn og aðalatriði málsins

Stór blaðagrein inniheldur oft nokkra kjarnapunkta og stundum er hægt að ná utan um efni textans í mjög stuttu máli, t.d. með því að botna setningarnar:

- „Þessi grein fjallar um …“
- „Í þessari grein er því fyrst og fremst haldið fram að …“
- „Boðskapur þessarar greinar er að …“

Lestu vandlega og brjóttu eftirfarandi blaðagrein niður í efnisgreinar. Hver er boðskapur hverrar efnisgreinar fyrir sig?

Á endanum hefurðu sett á blað ótal fullyrðingar, staðhæfingar og áherslupunkta frá höfundi greinarinnar sem mynda hryggjarstykkið í boðskapnum.

MORGUNBLAÐIÐ, SUNNUDAGUR 25. ÁGÚST 1985

VERALDLEGAR SUNNUDAGSPREDIKANIR

Grátur, rassskelling og þrælavinna

eftir Ásgeir Jakobsson

Eitt af því sem við veltum fyrir okkur nú er, hvernig til hafi tekizt um uppeldi barna og unglinga frá því um miðja öldina, að uppeldisvenjur breyttust.

Framundir miðja öld giltu hinar hefð bundnu uppeldisvenjur þjóðarinnar og þær voru einfaldar og reglurnar fáar en þeim var fylgt, aldrei neitt hringl eða vangaveltur. Þegar afbrotið var ljóst, var einnig ljóst hvernig bregðast skyldi við því og barnið fór ekki í neinar grafgötur um það heldur.

Hinar hefðbundnu uppeldisvenjur þjóðarinnar byggðust á því sem kalla má hörkuna sex. Það orðtæki er sótt í lóðaöngla, sem voru númeraðir eftir stærð og hörku og önglar númer sex voru stórir og stinnir. Gömul kona undir Þríhyrningi heyrði vestfirzkan kaupamann nota þetta orðtak, þegar ung og fönguleg kaupakona kom á bæinn: „Nú gildir harkan sex.“

Gamla konan gaf enga skýringu á orðtakinu eða vildi ekki gefa hana, en gat þess þó, að það hafi víst verið eitthvað sem snerti kaupakonuna, sem átti að stækka og harðna og minna myndi ekki duga en harkan sex. Eflaust er þetta orðtæki komið á orðabókarseðla frá gömlu konunni og það er mjög þægilegt til að tákna með hörku í ýmsum efnum og er þá óþarft að hafa í huga hugsanlega meiningu kaupamannsins, fremur en upphaflega merkingu á að ganga í hægðum sínum eða hrökkva upp af skaftinu.

Það voru sem sagt fáar uppeldisreglurnar á fyrri hluta aldarinnar og þeim fylgt eftir með hörkunni sex í hinu almenna uppeldi og einnig allri kennslu barna og unglinga.

Á vetrum, um skólatíma, giltu tvær hátternisreglur: barnið átti að læra lexíurnar sínar undir morgundaginn strax og það kom úr skólanum, þá mátti það fara út að leika sér, en vera komið í hús um kvöldmat og um kvöldið hlýddi móðirin barninu yfir lexíurnar. Móðirin jagaðist í barninu, ef henni þótti slæleg kunnáttan: „Ætlarðu að verða henni móður þinni til skammar í skólanum, hvað heldurðu að kennari hugsi um heimilið þitt, ef þú lærir ekki lexíurnar þínar, hver heldurðu að beri skömmina.“

Þegar svo einkunnabókin kom og tölur voru lágar, kom málið fyrir föðurinn og barnið þurfti ekki að vera í neinum vafa um refsinguna, hún var einföld og afdráttarlaus, ef um strák var að ræða, kippt niður um hann buxunum og hann hýddur. Sama gerðist ef um óknytti var að ræða. Móðirin bað fyrir sér en faðirinn hýddi. Siðareglur voru mjög einfaldar: Þú skalt ekki stela, ekki hrella gamalt fólk eða kvelja dýr og haga þér skikkanlega við kennarana.

Og samfélagið ól upp börnin með foreldrunum og kennurunum. Ill hegðan var almennt fordæmd, það afsakaði hana enginn, heldur sameinuðust allir um að skikka til börn og unglinga, svo að þeir yrðu hvorki sjálfum

4.

Útdráttur

1. Skrifaðu útdrátt um efni greinarinnar og finndu að lokum þá málsgrein sem nær best utan um heildarboðskap greinarinnar.
2. Skrifaðu mótsvar sem hrekur boðskap greinarinnar.
3. Hvernig tengist myndin efni greinarinnar? Finndu aðra mynd á netinu sem gæti komið í stað myndarinnar af kettinum.

Tilvalið er að nýta mótsvarið þitt sem æfingu í framsögn.

Útdráttur er stutt samantekt úr texta þar sem greint er frá helstu aðalatriðum en aukaatriðin eru látin eiga sig. Hann inniheldur inngang, meginmál og niðurlag, er í samfelldu máli og sá sem skrifar hann notar eigið orðalag.

sér né samfélagi sínu til vandræða. Það þótti sjálfsagt að sá sem stóð barn að illri hegðan, hirti það á staðnum, ef hann var þess umkominn eða drægi það organdi heim til foreldranna, sem tóku þá málið í sínar hendur og þökkuðu manninum fyrir með virktum sem velgerðarmanni barnsins.

Ef til vill hefur samvinna og samstaða foreldra, kennara og samfélagsins valdið mestu um, að það er staðreynd, sem við, er munum tímana tvenna og höfum samanburð, getum vottað, að það tókst almennt betur til um uppeldi barna — og unglinga en nú gerist. Það sýndist ekki sitt hverjum í fyrra tíma undir hefðbundnum venjum og siðum; allir aðilar, sem höfðu áhrif á uppeldi, voru sammála hver ætti að vera hegðunarmáti barna og unglinga og hjálpuðust að við að kenna barninu þann hegðunarmáta og eins var það að allir aðilar, foreldrar, kennarar og samfélagið, voru á einu máli um, hvað teljast skyldi refsivert afbrot og það bæri að refsa barninu; öll vorkunnsemi væri af hinu illa og barninu til skaða. Það var ekki um að ræða þann tvískinnung, sem nú ríkir, ef eitthvað þarf að taka til hendi í uppeldismálum, hvort heldur er almennt eða ráða framúr vanda einstaklings. Strax eru komnir ótal spekingar í málin og sýnist sitt hverjum og upphefst yfirþyrmandi kjaftæði, þar sem sérfróðir menn tala uppúr sinni skólabókinni hver. Heilbrigð skynsemi og reynsla og heilbrigt mat á þeim forsendum kemur ekki til álita, heldur einvörðungu uppeldisfræði úr bókum.

Svo var það í þennan tíma að til var illt innræti, en sú staðreynd mannlífsins er ekki lengur viðurkennd, að menn fæðist misjafnir að innræti. Það var afturámóti viðurkennt áður fyrr og þótti afleitt þegar þess varð vart að barn eða unglingur var illt í sér og það voru gerðar ráðstafanir til að fást við það, þótt ekki væri beinlínis um neitt afbrot að ræða. Það var til, að koma slíku barni fyrir hjá góðu og guðhræddu fólki í sveit, eða hjá verkstjóra eða formanni, sem vitað var að höfðu gott lag á unglingum og það hjálpaði mikið til í þessu efni, að unglingar komust á mótunarárunum í félag fullorðinna í störfum og drógu þá dám af alþýðufólki þessa tíma, sem ekki mátti vamm sitt vita í neinu og fordæmdi illmennsku; þeir menn urðu utangarðsmenn.

Líklega er ekkert lengur til jafnmannbætandi og gott til eyðingar ills innrætis en sjóveiki, sjóhræðsla, vökur og örmagnan við vinnu.

Það hefur enn ekki fundizt nein uppeldisaðferð, sem hægt sé að fullyrða, að sé sú besta mögulega, en það er margt, sem bendir til, að hefðbundna uppeldið fyrrum sé skárra en sérfræðingauppeldið nú. Trúlega er ekki enn þekkt nein haldbetri uppeldisaðferð en rassskelling og þrælavinna.

Framh. næsta sunnudag.



5.

Textaruglingur

Lesið þennan textarugling og reynið að átta ykkur á samhenginu.

- Hvaða setningar eiga saman? Flokkið þær setningar sem ykkur finnst vera úr sama texta.
- Raðið setningunum saman eins og þið haldið að þær eigi að vera. Úr hvernig texta eru þær?
- Hvaða texta var auðveldast að raða saman og af hverju?
- Hvaða texta reyndist erfiðast að vinna með og af hverju?

Þessum pælingum er lýst á mjög sannfærandi hátt og af miklum skilningi en vert er að taka fram að sagan er allt annað en væmin.

Setjið pönnuna aftur á helluna, lækkið hitann (ég nota stillingu 3 af 9) og steikið lauk og hvítlauk þar til hann er orðinn mjúkur og kominn með gylltan lit.

Hún setti þrjú Íslandsmet og vann fjölda Íslandsmeistaratitla.

Þegar pastað er tilbúið er vatninu hellt af (geymið þó 1–2 dl af pastavatninu) og pastað sett aftur í pottinn.

Takið beikonið af pönnunni og setjið það á eldhúspappír.

Þar með bætti hún met Sunnu Gestsdóttur frá árinu 2003 um sex senti metra.

Nonni finnur að það er margt sem er að breytast hjá honum og vinum hans, þeir eru ekki alveg krakkar lengur heldur standa á einhverjum tímamótum sem er erfitt að ná almennilega utan um.

Hún bætti svo um betur í sumar og setti einnig Íslandsmet í 60 og 300 m hlaupum kvenna.

Sjóðið pasta samkvæmt leiðbeiningum á pakkningu.

Hafdís Sigurðardóttir hefur verið valin íþróttamaður UFA árið 2013.

Hrærið saman eggjum, fínrifnum parmesan, rjóma, salti og pipar í skál og leggið til hliðar.



Húmorinn leikur einnig mikilvægt hlutverk og er bæði þess eðlis að lesandinn skellir upp úr og glottir reglulega út í annað.

Bætið beikoninu og lauknum saman við og hrærið öllu saman.

Hann pælir mjög mikið í samskiptum og hvernig þau hafa breyst, hvernig maður talar við mömmu sína, vini sína og stelpur.

Hellið fitunni af pönnunni en skolið hana ekki.

Hafdís bar höfuð og herðar yfir keppinauta sína í spretthlaupum og langstökki á Íslandi á liðnu ári.

Hellið parmesan eggjablöndunni hægt út í og hrærið stöðugt í pastanu á meðan.

Fyrsta Íslandsmetið setti Hafdís í flokki fullorðinna í sumar er hún tvíbætti metið í langstökki kvenna og stökk 6,31 m og síðan 6,36 m.

Hann áttar sig á mikilvægi vináttu og þess að standa saman, sem er einmitt það sem þeir félagarnir gera til að hjálpa Ívari.

Berið fram með ferskum parmesan og meira af pipar.

Á meðan pastað sýður er beikonið steikt þar til það byrjar að verða stökkt.

6.

Sjónarhorn

Hér eru blaðagreinar um eitt og sama efnið, veggjakrot. Lestu greinarnar og veltu fyrir þér sjónarhorni höfunda. Eru þeir hlutlausir eða hafa þeir ákveðna skoðun sem endurspeglast í textanum? Finndu þau atriði í hverjum texta sem þér finnst lýsandi fyrir þá skoðun sem höfundur hefur.

LEIÐARINN

Hvers vegna hefur Hafnarfjarðarbær látið það viðgangast að veggjakrotarar geri bæinn okkar ljótari? Ekki aðeins hefur veggjakrot fengið að viðgangast, heldur hefur beinlínis verið hvatt til þess í undirgöngum flestum bæjarbúum til skapraunar. Það er ólíkt við að jafna að fara um undirgöng í Garðabæ, Kópavogi eða Reykjavík þar sem veggjakrot er ekki látið aðgerðalaust. Settar voru reglur sem kváðu á um að aðeins mætti krota inni í göngunum en að sjálfsögðu var það ekki virt. Mörg lög ofan á hvert annað og það er ekki snefill af list í þessu ef einhver ætlar að réttlæta þetta með því. Við höfum alveg nóg með að skilgreina list í tómum sýningarsal Hafnarborgar. Aðgerðarleysi bæjaryfirvalda er þvílíkt að ekki verður við unað og ljóst að þau valda ekki einföldustu málum. En hvað er til ráða?

Skemmdarverk eða list?

Veggjakrot, eða graffíti, hefur löngum verið uppspretta heitra rökræðna. Sumir vilja meina að veggjakrot sé ekki list og hefur þetta listform verið kallað sóðaskapur hér á landi þótt það sé virt erlendis. Fréttablaðið kíkti á veggjakrotið í borginni og velti fyrir sér hvað væri svona slæmt við nokkur strik á steinsteypu.

Skemmdarverk eða list? Þessari spurningu verður seint svarað þegar kemur að veggjakroti, eða graffíti eins og það er líka kallað.

Eins og nafnið felur í sér þá felst veggjakrot í því að krota á veggi. Í flestum tilvikum krota listamennirnir þó ekki heldur spreyja og nota til þess ýmsa liti, stensla og úðabrúsa með mismunandi úðahausum. Oftar en ekki er veggjakrotið sem sést á húsum, strætóskýlum og rafmagnskofum hápólitískt og hefur veggjakrotsmenningin yfirleitt verið í uppreisn gegn kerfinu.

Hér á landi vilja stjórnvöld flokka veggjakrot undir skemmdarverk. Vissulega er það skemmdarverk þegar frasar og myndir eru teiknaðar á byggingar í leyfisleysi í skjóli nætur. Það sem verra er, er að hér á landi hafa margir ekki viljað viðurkenna veggjakrot sem list og finnst þetta tjáningarform argasti sóðaskapur.

Margir vilja líka meina að þetta listform sé sprottið hjá uppreisnargjörnum unglingum sem gerðu allt vitlaust á pönktímabilinu á níunda áratugnum en veggjakrot á sér mun lengri sögu en það og er mjög virt listform á erlendri grundu.

Er Pompei var grafin upp eftir Vesúvíusargosið hafði varðveist veggjakrot undir öskunni sem reyndist vera heimild um daglegt líf fólks eins og það var 79 eftir Krist. Þetta veggjakrot var líka ekkert svo frábrugðið því sem sést á veggjum Reykjavíkurborgar í dag, pólitískar skoðanir, klúrar athugasemdir og stökur eða vísur.

En að krota á vegg er ekki það sama og að krota á vegg. Gott veggjakrot samanstendur af vel úðuðum frösum eða myndum sem gleðja augað frekar en hitt. En illa gert veggjakrot eins og „Siggi plús Lára“ skrifað með venjulegu tússi er ekki fallegt.

Það má vissulega rökræða lengi um listformið veggjakrot en eitt er víst að sorglegt er að þeir einstaklingar sem vilja stunda þessa listgrein fá ekki að gera það á heilbrigðan og löglegan hátt. Þó að sumum finnist listin ekki falleg þá á samt ekki að hefta hana heldur ýta undir framfarir og styðja listafólkið í landinu.

lilja@frettabladid.is

Bak við Ogvodafone bygginguna í Síðumúla er göngustígur. Með fram þeim göngustíg er veggur skreyttur veggjakroti sem væntanlega hefur glatt og hryggt margan vegfarandann.

„Þetta er gjald-þrota stefna“

Fræðimaður rekur aukið veggjakrot til stefnu borgaryfirvalda

Tvær meginleiðir þekktar í aðgerðum gegn veggjakroti

Eftir Elías Jón Guðjónsson
elias@24stundir.is

„Þetta er gjaldþrota stefna,“ segir Páll Hilmarsson mannfræðingur sem hefur rannsakað veggjakrot í Reykjavík síðan 2003 um stefnu borgaryfirvalda gagnvart því. Valdimar Tr. Hafstein, lektor í þjóðfræði við Háskóla Íslands, sem skoðað hefur viðbrögð stjórnvalda við veggjakroti á Íslandi og víðar segir tvær meginleiðir færar yfirvöldum í aðgerðum gegn veggjakroti.

List eða óhreinindi?

Valdimar segir núverandi stefnu borgaryfirvalda í Reykjavík vera svokallaða hreinsunarstefnu. „Þar er litið á þetta sem hver önnur óhreinindi og því snúast aðgerðir fyrst og fremst um að hreinsa þetta,“ segir hann. Valdimar segir að hin leiðin sé að skilgreina leyfilega veggi. „Hún snýst um það að merkja ákveðna fleti þar sem þetta er leyfilegt – þar sem þetta eru ekki óhreinindi heldur list. List er það sem er leyfilegt. Allt hitt er svokallað krot og skemmdarverk,“ segir hann. Þessa stefnu kallar hann listvæðingu.

Tengist pólitík

Valdimar segir hreinsunarstefnuna einkennandi fyrir hægristjórnir og bendir á að þegar hægrimeirihluti tók við borginni eftir síðustu kosningar hafi hann byrjað á því að fara í hreinsunarátak og herferð gegn veggjakroti. „Allir leyfilegir veggir voru bannaðir og það

var farið í hreinsunarherferð,“ segir hann. Listvæðinguna segir hann vera einkennandi fyrir frjálslyndar vinristjórnir og segir að R-listinn hafi fylgt þeirri stefnu. „Það verður fróðlegt að sjá hvað gerist með nýja meirihlutanum. Hvort hann fari aftur í listvæðinguna eða haldi sömu stefnu áfram,“ segir Valdimar. Páll segir það sína tilfinningu að veggjakrotið hafi aukist mikið á undanförnu ári. „Krotið hefur aukist frá því að þessir veggir voru bannaðir. Þetta hefur aukist gífurlega,“ segir hann og bætir við: „Í miðbænum hefur töggunum til dæmis fjölgað mikið.“

VEGGJAKROT

- Lögreglan skilgreinir veggjakrot sem eignaspjöll samkvæmt hegningarlögum.
- Viðurlögin eru sektir og allt að tveggja ára fangelsi.
- Þeir sem verða fyrir tjóni vegna veggjakrots geta einnig farið í skaðabótamál.

ÞEKKIR ÞÚ TIL?

Hringdu í síma 510 3700 eða sendu póst á frettir@24stundir.is

7.

Leystu þrautina

Hér er stutt grein þar sem röð efnisgreinanna hefur verið ruglað. Í hvaða röð eiga efnisgreinarnar að vera svo textinn myndi rökrétt samhengi? Lestu textann og leystu þrautina.

Athygli vakti að þeir sem lögðu það í vana sinn að borða ávexti úr dós eða frosna ávexti voru í aukinni hættu á að þróa með sér hjartasjúkdóma eða krabbamein.

Fimm skammtar af ávöxtum og grænmeti dag hvern er nokkuð sem hefur verið ráðlagt til þess að viðhalda góðri heilsu. Nýleg rannsókn bendir hins vegar til þess að fimm skammtar séu alls ekki nóg.

Í ljós kom að þeir sem borðuðu meira af ferskum ávöxtum og grænmeti lifðu almennt lengur og áttu síður á hættu að deyja úr hjartasjúkdómum eða krabbameini.

Í stað þess ætti fólk að miða við sjö skammta á dag og að grænmeti ætti að vera í miklum meirihluta. Þá bendir rannsóknin til þess að ávextir og grænmeti úr dósum eða frysti sé almennt næringarsnauðari matvara.

Oyinlola Oyebode, prófessor hjá UCL, segir að niðurstöðurnar um dósamatinn hafi valdið þeim heilabrotum. Ef til vill bendir þetta til þess að fólk sem borðar ávexti úr dós búi á svæðum þar sem ferskvara er ekki fyrir hendi og því séu matarvenjur fólksins almennt lakari. Þá gæti verið um að ræða fólk sem er nú þegar við laka heilsu eða lifir of annasömu lífi. Eins getur útskýringin verið sú að ávextir í dós eru jafnan geymdir í sírópslegi en þessar niðurstöður gefa tilefni til frekari rannsókna.

Það að borða að minnsta kosti sjö skammta af ferskum ávöxtum og grænmeti minnkaði til dæmis líkur á krabbameini um 25%. Grænmeti er talið veita talsvert meiri vörn gegn sjúkdómum en ávextir.

Þetta er niðurstaða rannsókna á vegum UCL (University Collage London) sem greindi matarvenjur 65 þúsund einstaklinga yfir átta ára tímabil og paraði saman matarvenjur og dánarorsakir. Rannsakendurnir taka það fram að um sterka fylgni sé að ræða en ekki orsakasamband en styrkur rannsóknarinnar er sá að um tilviljunarúrtak er að ræða.

Lesendur – almennar ráðleggingar

Að finna upplýsingar í texta

Mjög margir textar eru einfaldlega leiðbeiningartextar af ólíkum toga, allt frá uppskriftum að flóknum notkunarleiðbeiningum fyrir geimflaugar. Slíkir textar eru yfirleitt hreinir og beinir – enda er hlutverk þeirra að koma í veg fyrir ranga notkun.

Hér eru leiðbeiningar en ekki alveg í því formi sem við eigum að venjast. Lestu ljóðið hér hægra megin vel og leystu því næst verkefnið sem fylgir.

8.

Hættur á fjallvegum Reykjavíkur

Hér tengir höfundur ljóðsins efni þess við þekkt minni úr álfasögum. Hvernig birtist það í textanum? Skoðið myndirnar í ljóðinu. Hvaða stemmningu er þar að finna? Hvað ber að varast samkvæmt leiðbeiningum ljóðmælandans? Finnið og hlustið á lagið „Vegir liggja til allra átta“ á netinu. Hvernig tengist það efni ljóðsins? Ræðið í litlum hópum og berið svörin saman við svör annarra í bekknum.

Hættur á fjallvegum Reykjavíkur

N69°07'00''/ V25°07'00''

Þú skalt aldrei hætta þér út á fjallvegi Reykjavíkur án þess að vera við öllu mögulegu búin. Áður en þú sest undir stýri skaltu blása í blöðru til að sjá hvort þú sért algáð, þú skalt negla hælana undan skónum og vefja trefli um hálsinn. Fyrir alla muni skaltu vera löngu búin að setja upp varalit svo þú þurfir ekki að hugsa um slíkt og komist þannig hjá því að skoða glæsilegt útlit þitt í baksýnisspeglinum. Þú skalt vera öryggið uppmálað og forðast allt fát og fum við aksturinn því slíkt kann ekki góðri lukku að stýra.

Þrátt fyrir allt máttu aldrei gleyma því að húsin við veginn eru fjöll og fólkið sem líður úr þeim er huldufólk. Öll samskipti munu setja mark sitt á framtíð þína og því skal vanda til þess verks í hvívetna. Í skottinu skaltu hafa teppi, neyðarmat, plástra, vasaljós, hlý föt og handbók um fjallvegi í Reykjavík ásamt mynd af kettinum.

Ef fólkið sem líður úr húsunum reynir að ná sambandi við þig skaltu skrúfa niður rúðuna, syngja *Vegir liggja til allra átta* og jánka öllu sem það segir, þó svo þú skiljir ekki neitt. Ekki er ráðlagt að yfirgefa bílinn. Þó er undantekning á þeirri reglu, því ef áhyggjufullur maður kemur til þín og biður þig að hjálpa konu sinni í barnsnauð þá máttu ekki skorast undan. Farðu gætilega út úr bílnum, stígðu inn í fjallið og hjálpaðu konunni – hún mun færa þér ríkulegar gjafir að launum. Ef þú neitar muntu velta bílnum í næstu beygju og Chet Baker mun halda áfram að óma úr útvarpinu, úr bíl sem liggur á hvolfi í blóðugri á. Þá mun hlátur rymja úr húsveggjum.

Sigurlín Bjarney Gísladóttir

9.

Á ferð um víðáttur heimsins

Ljóð Sigurlínar Bjarneyjar er hægt að lesa á ýmsan hátt. Ein vídd ljóðsins er í raun eins konar „leiðbeiningar“ um hvað skal hafa í huga þegar lagt er af stað í krefjandi ferðalag, upp á hálendi eða a.m.k. út úr öryggi daglegs lífs.

Nú átt þú að setja efni ljóðsins í hefðbundnari búning, þ.e. búa til leiðbeiningar fyrir ferðamenn sem ætla að ferðast um hálendið. Ef þú ert ekki viss um hvernig leiðbeiningartexti lítur út geturðu alltaf flett upp í *Beinagrindum* eða notað netið.

Spreyttu þig svo á að semja þitt eigið ljóð sem í felast einhvers konar leiðbeiningar eða heilræði.

10.

Útúrsnúningur er alltaf skemmtilegur

Veldu eitt efni til að skrifa ítarlegar leiðbeiningar með yfirskriftina:

1. Bíóferð – áður en lagt er af stað
2. Pönnukökubakstur – að tryggja sem bestan árangur
3. Lítil systkini – notkunarleiðbeiningar

11.

Veggjaskilaboð til þín

Allt í kringum okkur er að finna bráðfyndin (og oft klaufalega orðuð) skilaboð. Dæmigerða útgáfan af þeim gæti litið svona út:



Stundum eru þetta skilaboð sem bera vott um pirring, stundum vinsamleg skilaboð, stundum hlutlaus. Það sem skilaboðin eiga sameiginlegt er að ávarpið innan þeirra er í sérstökum tóni sem einkennist af því að verið er að setja fram „reglur“ sem eru samt ekki reglur; tilmæli frá einni manneskju til annarra.

1. Rannsakið nánasta umhverfi í skólanum eða eftir skóla og takið myndir af aðvörunarskiltum, umferðarskiltum eða leiðbeiningamiðum, og leiðbeiningamiðum, t.d. á almenningssalernum.
2. Búið til eigin skilaboð til að hengja upp í skólanum eða á heimilinu.

Að gera flókið mál einfalt

Styrkur þinn í lestri kemur ekki síst fram í því hvernig þér tekst að einfalda flókið mál, draga fram aðalatriðin og endursegja þau í skýru máli.

Hér er dæmi um úrvinnslu úr Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna:

3. gr.

1. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.
2. Með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum á börnum, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, og skulu þau í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.
3. Aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanir þar sem börnum skal veitt umönnun og vernd starfi í samræmi við reglur sem þar til bær stjórnvöld hafa sett, einkum um öryggi, heilsuvernd og fjölda og hæfni starfsmanna, svo og um tilhlýðilega yfirumsjón.

Hvað þarftu að hafa í huga þegar þú færir flóknar upplýsingar yfir á einfalt form?

- Tón og stíl
- Draga fram aðalatriði
- Hafa millifyrirsagnir
- Lýsandi titil

12.

Skrifið stuttan bækling um flókið mál

Vinnið í þriggja manna hópum og færið lagatextann um mannanöfn yfir á skiljanlegt mál – í þeim tilgangi að setja upp lítinn bækling sem er ætlaður unglingum og foreldrum þeirra. Lagatextann er hægt að finna með því að leita að „Lög um mannanöfn“ á vef Alþingis.

Tölfræði – gluggað í gröfin

Í samfélagsumræðu notast fólk gjarnan við tölfræði til að skýra mál sitt. Tölfræði getur verið frábært tæki til útskýringar – en að sama skapi er hægt að misnota hana verulega.

Við gerum alls ekki ráð fyrir því að allir sem nota tölfræði geri það. En til að skilja tölfræðiupplýsingar verður lesandinn að skoða hvaða forsendur liggja að baki tölunum og lesa vandlega kvarðana sem notaðir eru.

Sjáum einfalt dæmi um sölu á þurrkrydduðum kóngahrísgrjónum sumarið 2009:



Í hvaða mánuði nær salan hámarki?
Um hve mörg kíló jókst salan frá janúar og þar til salan er mest?

Sömu tölurnar – ólík framsetning

Í fyrra grafinu hér fyrir neðan sérðu annað dæmi þar sem sýnt er fram á tilteknar staðreyndir um samfélagið.

Ef þú skoðar lóðrétta kvarðann á myndinni sérðu að hann nær aðeins upp í 60%. Skoðaðu líka neðri myndina. Hver er munurinn á þessum tveimur gröfum? Hefur hann áhrif á það hvernig þú lest úr upplýsingunum?



Hlutfall þeirra karla og kvenna sem Fréttablaðið og Morgunblaðið ræddu við þegar ekki voru bæði kyn í einu úr röðum frambjóðenda 2009 en þá var framboð karla og kvenna nánast jafnt.
(Anna Lilja Þórisdóttir, 2009).



Sagan í grafinu

Við skoðum næst tölfræðimyndir þar sem saga virðist vera falin á bakvið, a.m.k. söguleg eða samfélagsleg skýring.

Grafið yfir búferlaflutninga er fremur jafnt en á árunum 2003–2008 gerist eitthvað mikið á bláu línunni. Hver er þín kenning um þessa breytingu?



Alla daga vikunnar nema tvo er meira fjallað um karla sem stunda íþróttir en konur í *Fréttablaðinu*.

- Hver gæti verið skýringin á þessum tveimur dögum?
- Og hver er skýringin á hinum mikla kynjamun sem birtist á mánudeginum? Af hverju er svona mikið fjallað um karla á mánudögum?



13.

Sameiginleg forsjá

Hvað lestu út úr þessu línuriti? Skrifaðu það í stuttu máli, t.d.: „Á þessu línuriti má sjá að …

- Hve langan tíma tók það þig að lesa út úr línuritinu?
- Hvaða önnur leið væri góð til að sýna sömu niðurstöður?



14.

Upplýsingar í grafísku formi

Settu töfluna hér til hliðar upp í grafísku formi, t.d. sem línu- eða súlurit.

- Hversu auðvelt er að lesa breytingar út úr töflunni?
- Hversu margir stunda boltaíþróttir?
- Hvaða íþrótt stunda fleiri stelpur en strákar?
- Geturðu séð í fljótu bragði í hvaða íþróttagreinum hefur orðið aukning og hvar vinsældirnar hafa dregist saman?
- Er auðveldara eða erfiðara að lesa breytingarnar út úr töflunni eða grafinu?
- Hvaða tölur komu þér mest á óvart?

Tafla 2. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2009 og 2012 sem segjast stunda tiltekna íþrótt einu sinni í viku eða oftar (fjöldi í úrtaki í sviga).

Stundar þú...	2009		2012	
	Strákar %	Stelpur %	Strákar %	Stelpur %
Handbolta	17,9 (598)	10,0 (354)	21,1 (654)	11,4 (378)
Fótbolta	47,7 (1613)	29,1 (1042)	44,7 (1427)	22,5 (753)
Körfubolta	23,4 (787)	10,3 (368)	23,2 (718)	8,9 (293)
Blak	5,8 (192)	5,4 (191)	4,5 (137)	4,1 (136)
Fimleika	4,8 (160)	8,5 (302)	4,7 (142)	10,4 (344)
Frjálsar íþróttir	8,7 (286)	7,5 (264)	8,1 (245)	6,8 (223)
Tennis, badminton eða veggtennis	10,7 (356)	6,7 (237)	8,3 (251)	5,7 (184)
Sund	44,6 (1493)	44,9 (1602)	38,1 (1162)	37,8 (1244)
Skíði eða gönguskíði	9,7 (322)	10,4 (369)	7,4 (222)	7,1 (232)
Snjóbretti	25,5 (849)	16,6 (588)	16,6 (505)	9,0 (295)
Skauta	3,7 (124)	5,1 (179)	2,1 (63)	3,3 (110)
Íshokkí	3,1 (101)	0,8 (27)	2,6 (79)	1,0 (33)

Tölfræðin sendir skilaboð

Tölfræði er oft notuð til að koma skilaboðum til okkar á skýran hátt. Og stundum sjáum við enn betur samhengi hlutanna með hjálp tölfræðinnar. Eins og þú sjálfsagt veist hefur lengi hallað á konur í stjórnmálum og ekki er svo ýkja langt síðan farið var að telja þær jafnvígar körlum í valdaembætti. Í aðdraganda kosninga fyrir nokkrum árum ákvað auglýsingastofa að draga fram í sviðsljósið þá staðreynd að kona hafði aldrei verið forsætisráðherra Íslands og ákvað að fara þessa leið hér:



Þessa staðreynd hefði verið hægt að setja upp í grafi – en hefði það verið eins sterkt? Notaðu ritvinnsluforrit eða forrit á netinu til að setja þessar upplýsingar upp í hefðbundnu tölfræðiformi.

Að lokum – þetta um læsisgræjuna

Sjáðu til, þú skynjar svo miklu meira en þú áttar þig á. Það var nú einmitt það sem þú áttir að átta þig á.

Og nú hefur þú áttað þig á því, er það ekki?

Gott, þá getum við haldið áfram.

Taktu stöðuna!

Ég ...	SKILABOÐ
get útskýrt hvað merkir að „lesa á milli línanna“.	
kann að nefna nokkur stílbrögð.	
er með hugtakið boðskapur á hreinu.	
veit hvað felst í hugtakinu útdráttur.	

Textaboð Senda

Ég ...	SKILABOÐ
skil hvaða áhrif ólík sjónarhorn hafa á upplýsingar.	
þekki ólíkar birtingarmyndir tölfræðiupplýsinga.	
get lesið úr tölfræðiupplýsingum eins og gröfum og töflum.	
veit af hverju lestur og lesskilningur er mikilvægur.	

Textaboð Senda

Neisti

„Sjö hundruð titlar til viðbótar ... “

VELDU ÞÉR STÓRMYND KVÖLDSINS

GJÖRÐU SVO VEL

Til að auðvelda þér valið á bíómynd kvöldsins birtum við hér lista yfir 50 stórmyndir. Einhver þeirra er örugglega myndin sem þú vilt sjá í kvöld eða næstu kvöld.

Ef þú hefur séð þær allar, þá eigum við sjöhundruð titla til viðbótar. Já, þú last rétt sjöhundruð titla.

Fyrir þá sem vilja taka fleiri en eina spólu í einu minnum við á tilboð mánaðarins.

Komdu eða hringdu og náðu þér í stórmynd kvöldsins.

Snævars
VIDEO
HÖFÐATÚNI 10, SÍMI 21590

1. Romancing the Stone
2. Unfaithfully Yours
3. Thunder and Lightning
4. Bloodsimple
5. Missing In Action
6. Ordeal by Innocence
7. Falcon and The Snowman
8. Blue Thunder
9. Scarface
10. High Road to China
11. Karate Kid
12. The Hit
13. Electric Dreams
14. An Officer and a Gentleman
15. Silkwood
16. Splash
17. Marathon Man
18. Lassiter
19. The Ambassador
20. The Natural
21. Rhinestone
22. 48 stundir
23. Under the Volcano
24. The year of living dangerously
25. Trading Places
26. Little Darlings
27. The Day of the Jackal
28. Diva
29. Richie
30. Against all odds
31. Taxi Driver
32. Gorky Park
33. Tank
34. A Woman in Red
35. Glona
36. Class
37. Silent Partner
38. Nýtt líf
39. Húsið
40. Með allt á hreinu

Einnig ýmsir vinsælir þættir s.s.

1. Return to Eden
2. Evergreen
3. Lace I og II
4. Empire Inc
5. Power game
6. Deception
7. Ellis Island
8. Atlanta Child Murders
9. Falcon Crest
10. Once Upon a time in America

Gott úrval barnaefnis.

Margt var undarlegt í gamla daga, jafnvel þótt þetta sé ekki mjög gömul auglýsing.

- Þýddu alla titlana yfir á íslensku og skrifaðu þá niður. Klipptu niður titlana (þessa á íslensku) í heilu lagi eða bútaðu orðin niður, náðu þér í lím og annað blað og föndraðu svolítið ljóð.
- Veldu þér kvikmynd af listanum og skrifaðu kvikmyndagagnrýni um hana (já, án þess að hafa séð hana).
- Veldu þér kvikmynd af listanum og lýstu atburðarás hennar.
- Veldu þér kvikmynd af listanum og segðu frá því hver boðskapur hennar er.
- Gerðu veggspjald fyrir eina kvikmyndina.

5. kafli

Heimildaritun er skipulögð hugsun

Markmiðið með þessum kafla er að auka færni þína í heimildaritun með því að opna augu þín fyrir því að hún snýst um miklu meira en að skrifa sannfærandi ritgerð; heimildaritun er ferli sem gerir þér kleift að móta hugsun þína, túlka og vinna úr upplýsingum og loks standa fyrir máli þínu.

Af hverju heimildaritun?

Hugsun manneskjunnar er alveg hreint ótrúlega öflugt fyrirbæri og við erum fær um að uppgötva, skapa, draga ályktanir og mynda ótal tengingar á sama tíma – oft í einum hrærigraut. En þessi hugsun gagnast okkur ekki sem skyldi ef hún fær eingöngu að vera óreiðukennd. Í óreiðunni felst svo sannarlega sköpunarkraftur sem má ekki vanmeta – en í öllum hefðbundnum málflutningi þarf að skipuleggja sig.

Brýna boðskapinn.

Skerpa á setningum.

Raða upp setningum þannig að þær hitti sem best í mark.

Færa haldbær rök fyrir því sem skrifað er.

Að skrifa texta þar sem blandast saman þekking þín, viðhorf og upplýsingar úr ritum annarra er þess vegna merkilegt og gagnlegt ferli sem nauðsynlegt er að þú lærir.

Af hverju?

Af mörgum ólíkum ástæðum.

Samfélagið krefst þess að þú getir aflað þér upplýsinga, verið gagnrýnin(n) á þær og komið þeim frá þér, m.a. í rituðu máli.

Þú þjálfast í að vinna úr upplýsingum – þegar þú skrifar texta sem byggist á heimildum þarftu að kynna þér málefni frá öllum hliðum, greina aðal- og aukaatriði og setja þau fram á skýran og skipulegan hátt.

Þú eflir gagnrýna hugsun – ritgerðasmíð og önnur heimildaritun kallar á heimildavinnu og þú lærir og skilur betur að ekki er alltaf allt sem sýnist og að sumar heimildir eru öruggar á meðan aðrar eru óáreiðanlegar eða hreint og beint falskar.

Þú verður betri í að standa fyrir máli þínu í daglegu lífi – heimildavinna felur í sér ákveðna rökleiðslu og samtal á milli ólíkra sjónarmiða. Ef þú þarft einhvern tímann að sannfæra einhvern (vinnuveitanda, vin, foreldri, þjónustufulltrúa) er mikilvægt að málflutningur þinn sé beinskeyttur og sannfærandi og byggður á traustum heimildum.

Þú eflist og eykur möguleika þína – í upplýsingasamfélagi nútímans þar sem mikið magn af gögnum og heimildum er aðgengilegt öllum er mikilvægt fyrir hvern og einn að vera læs á gæði og áreiðanleika upplýsinga. Í framhaldsskóla og háskóla er gerð rík krafa um ritun, í mörgum starfsgreinum er það einnig gert og ef þú vilt starfa við ritun eða úrvinnslu texta (t.d. í sköpun, blaðamennsku eða fræðimennsku) er færni á þessu sviði alveg nauðsynleg.

Hugmyndavinna – undirbúningur

Hér er svolítil beinagrind til að hjálpa þér að setja þig inn í efnið sem þú ætlar að skrifa um.

1. Um hvað ætlarðu að skrifa?

2. Hvað veistu um efnið?

Punktaðu hjá þér það sem þú veist nú þegar.

3. Hvað langar þig að vita um efnið?

Skrifaðu niður nokkrar spurningar sem þig langar að fá svör við.

4. Skipuleggðu punktana og spurningarnar – þá er komin beinagrind að ritunarverkefninu.

5. Aflaðu þér upplýsinga, lestu heimildir og leitaðu svara við þeim spurningum sem þú skráðir niður.

6. Fyrir hvern ertu að skrifa?

Hafðu í huga fyrir hvern þú skrifar – það hefur áhrif á orðaval og framsetningu.

Hafðu líka í huga að sá sem les veit líklega minna um viðfangsefnið en þú – skrifaðu því skýran og einfaldan texta, án yfirlætis!

Heimildir og heimildavinna

Þegar þú vinnur að heimildaritgerð eða skrifar annars konar texta sem byggist á heimildum þarftu að búa yfir ákveðinni þekkingu um efnið sem fjallað er um. Í sumum tilfellum veistu sjálfsagt heilmikið um efnið, t.d. ef þú skrifar um þitt helsta áhugamál, um uppáhaldsdýrið þitt eða um land eða stað sem þú hefur nýlega heimsótt. Í öðrum tilfellum vantar þig þekkinguna og þá þarftu að kynna þér málið vel og afla heimilda.

Hvað er heimild?

Heimild er þar sem þú finnur vitneskju – upplýsingar. Heimild getur t.d. verið alfræðirit, fræðibækur, dagblöð, tímarit, vefsíður eða fólk með ákveðna sérfræðiþekkingu. Við val á heimildum þarf að beita skynsemi, greinandi hugsun og gagnrýni. Mjög mikilvægt er að greina á milli áreiðanlegra og óáreiðanlegra heimilda, þ.e. hverjar eru traustar og hverjar ekki.

Í uppflettiritinu *Heimir – handbók um heimildaritun* eru gagnlegar upplýsingar sem við hvetjum þig eindregið til að kynna þér.

Svona ferðu að:

1. Þú leitar heimilda og skoðar fleiri en eina heimild.
2. Þú skoðar heimildirnar með gagnrýni að leiðarljósi og metur áreiðanleika þeirra.
3. Þú vísar í heimildir og skráir jafnóðum hvaðan upplýsingarnar koma og hvenær þær eru sóttar ef um er að ræða netheimild.

Hvar er góðar upplýsingar að finna? Ekki gúggla eingöngu!

Hvar áttu að leita upplýsinga? Og hvernig er hægt að greina á milli áreiðanlegra og ótraustra heimilda? Í reynd eru margir möguleikar sem þú getur valið um.

- **Bækur og bókasöfn**. Bækur eru oftast áreiðanlegar heimildir. Handbækur, alfræðirit og fræðirit, að ógleymdum öllum námsbókunum, eru mikilvægar heimildir og til þess fallnar að auka þekkingu.
- **Fræðibækur** eiga að vera hlutlausar, þær eiga ekki að lýsa skoðunum höfundar heldur byggja á rannsóknum og staðreyndum. Þær eiga því að vera áreiðanlegar. Sama er að segja um efni alfræðirita, þau byggja á staðreyndum en ekki skoðunum og eru langflest unnin af stórum hópi einstaklinga sem sjá um prófarkalestur, ritstjórn og efnisumsjón. Þau eiga því að vera traust.
- **Dagblöð og tímarit**. Ógrynni upplýsinga er að finna í hinum ýmsu fagtímaritum sem og dagblöðum. Gömul dagblöð og tímarit er hægt að nálgast á mörgum bókasöfnum og á timarit.is.
- **Fræðigreinar í tímaritum og dagblöðum** byggja líka á rannsóknum og staðreyndum en þær eru ekki endilega hlutlausar heldur endurspegla skoðun höfundar. Þær geta engu að síður verið áreiðanlegar en hafa þarf í huga að þær segja ekki endilega allan sannleikann heldur stundum aðeins eina hlið á málinu.
- **Sérfræðingar**. Ekki má gleyma sérþekkingu mannsins. Auðveldlega má afla upplýsinga með spjalli eða formlegu viðtali við sérfræðinga á ákveðnum sviðum eða fólk með brennandi áhuga á ákveðnum málefnum.
- **Netið**. Þar er að finna heilmikið efni en vandinn er að finna viðeigandi upplýsingar sem og að treysta þeim upplýsingum.

Hvaða upplýsingar teljast áreiðanlegar og hverjar teljast minna öruggar?

Á netinu úir og grúir af alls kyns upplýsingum. Sú staðreynd að allir hafa aðgang að netinu og geta sett þangað hvað sem þeim dettur í hug hefur í för með sér að sumar upplýsingar á netinu eru oft fjarri sannleikanum. Það er kúnst að lesa úr öllum upplýsingum á netinu og meta áreiðanleika þeirra. Hér gildir að vega og meta gagnrýnum augum.

Á heimasíðum stofnana, stórra samtaka og ýmissa stórfyrirtækja eru upplýsingar byggðar á rannsóknum og staðreyndum og oft eru þær vandaðar. Hafðu þó alltaf í huga hverjir hagsmunir viðkomandi gætu verið, því að jafnvel þótt aðilum gangi ekkert illt til getur framsetning þeirra á efninu dregið taum eins málstaðar umfram annan.

Heimasíður einstaklinga, hópa, bloggsíður og samskiptasíður eru síður traustar því þar er oftar að finna upplýsingar sem byggja á skoðunum en eru ekki studdar af niðurstöðum úr viðurkenndum rannsóknum. Þær geta jafnvel talist áróður og reynst ósannar með öllu. Auðvitað er það þó ekki algilt og því ber að kanna bakgrunn textahöfundar vel og hvaðan hann fær þær upplýsingar sem hann notar.

Heimildaleit á netinu

Notaðu fleiri en eina leitarvél og athugaðu hvort þú færð sömu niðurstöður. Prófaðu líka að nota mismunandi leitarorð eða fleiri en eitt og sjáðu hvað gerist.

Að nota netið við heimildaritun – nokkur ráð

- **Hver er höfundur greinarinnar eða vefsíðunnar**? Ef engar upplýsingar um höfund, menntun/starf og netfang er að finna skaltu snúa þér að annarri síðu.
- **Umfjöllunarefni síðunnar**. Vísar heiti síðunnar til efnisins sem fjallað er um? Fyrir hverja er höfundur að skrifa? Lýsir hann staðreyndum eða eigin skoðunum? Er umfjöllunin yfirborðsleg eða ítarleg?
- **Almennar upplýsingar**. Kemur fram hver hýsir síðuna, hvenær hún var smíðuð og síðast uppfærð? Slíkar upplýsingar segja til um áreiðanleika. Heimasíður stofnana eru jafnan áreiðanlegri en síður einstaklinga. Aldur upplýsinga getur sömuleiðis skipt máli, kannski eru komnar fram nýrri upplýsingar sem varpa öðru ljósi á málið.
- **Áreiðanleiki stórra gagnasafna** er jafnan góður enda yfirfarinn af ritstjórum (þeir lesa yfir efnið og samþykkja það til birtingar rétt eins og ritstjórar bóka).

Bækur notar þú vegna þess að:

- Þú getur oftast treyst því að þær byggi á faglegum vinnubrögðum og í flestum tilvikum hefur vanur útgefandi viðurkennt og samþykkt efni bókarinnar.
- Þú getur notað efnisyfirlit og atriðisorðaskrá til að auðvelda þér vinnuna.
- Þú getur tekið bók með þér hvert sem er.

Netið notar þú vegna þess að:

- Þar er að finna mikið af upplýsingum á einum og sama stað.
- Þar er hægt að finna sérstakar upplýsingar sem ekki er auðvelt að finna annars staðar.
- Þar eru upplýsingar uppfærðar reglulega og þú getur fengið nýjustu upplýsingarnar strax.
- Upplýsingar þar eru stundum myndrænni, með hljóðum og tenglum í fleiri heimildir.



Höfundarréttur – hann er heilagur

Allir sem fást við heimildaritun verða fyrir áhrifum frá því sem aðrir hugsa, segja og skrifa. Það er eðlilegasti hlutur í heimi og að mörgu leyti snýst heimildaritun um að endursegja og endurvinna það sem aðrir hafa þegar haldið fram. Hér sérðu tvö dæmi úr ritgerðinni „Stígðu á stokk stúlka!“ eftir Ylfu Ósk Áskelsdóttur og Ösp Kristjánsdóttur:

> Töluvert hefur verið fjallað um sjálfsmyndir barna og unglinga og sérstaklega hefur borið á umræðum um unglingsstúlkur. Samkvæmt Kathleen Gallagher er skrefið í áttina að því að verða fullorðin kona markað af vaxandi óánægju á sjálfri sér og hæfileikum sínum og neikvæðu viðhorfi til líkama síns (Gallagher. 2001:35). Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á sjálfsmynd unglinga og mun milli kynja í þeim efnum. Algeng niðurstaða úr slíkum rannsóknum og athugunum er að eftir kynþroskann verði stúlkur ekki eins líklegar og drengir til að tala í skólastofunni og að vera ósammála opinberlega. Bandarískri sálfræðingurinn Carol Gilligan tengir þetta við sjálfsmyndarþróun stúlkna. Þær eru uppteknari af umönnun, tillitssemi og tengslum við aðra fremur en að mynda sér eigin skoðun og halda fast í hana sem virðist hins vegar vera mikilvægara hjá drengjum. Hún hefur rannsakað sjálfsmynd stúlkna og furðar sig á því að fyrir 11 ára aldur séu stúlkur sjálfsöruggar líkt og strákar en við 16 ára aldurinn verði þær mun áttavilltari og „missi“ hálfpartinn röddina (Guðný Guðbjörnsdóttir. 1994:135). Talið er að þetta sé tímabundið ástand, en hvenær lagast það? Er hægt að segja að allar stúlkur hverfi af þessu skeiði? Fá þær stuðning og hvatningu til þess að öðlast sjálfsöryggi aftur?

Tilgangurinn er sá að allir sem lesa ritgerðina geti auðveldlega fundið viðkomandi heimildir og sannreynt að rétt sé farið með. Í heimildaskrá líta færslurnar svona út:



Brýnt er að gæta að því hvernig farið er með heimildir. Við greinum alltaf skýrt á milli þess sem við segjum og þess sem aðrir hafa sagt. Einfaldasta leiðin til að útskýra það hvernig við virðum höfundarrétt er þessi:

Við gerum aldrei orð annarra að okkar eigin, án þess að segja frá því.

1.

Leit á netinu

Leitaðu á netinu að svörum við spurningum hér fyrir neðan. Skráðu hjá þér nokkrar ólíkar heimildir, raðaðu þeim eftir áreiðanleika og skráðu hjá þér misræmi.

- Hvar og hvenær fæddist Halldór Laxness?
- Hvað eru íbúar Saudi-Arabíu margir?
- Hvenær hófst útgáfa Fréttablaðsins?
- Hvað kostar fyrir þig að fljúga frá Keflavík til Kaupmannahafnar?
- Finndu fimm hótel í Kaupmannahöfn og veldu þér það sem stendur næst Ráðhúsinu. Hvað kostar nóttin þar fyrir þig?

Fannstu misvísandi upplýsingar í einhverjum tilfellum?

Hvað var flóknast að finna?

Voru upplýsingar á þessum síðum uppfærðar reglulega? Var tekið fram hvenær þær voru síðast uppfærðar?

2.

Vatnajökulsþjóðgarður

Finndu upplýsingar um stærð og einkenni Vatnajökulsþjóðgarðsins á netinu.

- Hvaða leitarvef notar þú?
- Hvaða leitarorð notar þú?
- Hvaða síður telur þú áreiðanlegastar og af hverju?

3.

Hverjum er best að treysta? Og af hverju?

Farðu inn á netið og finndu þrjár heimildir um hvert viðfangsefnanna hér fyrir neðan:

1. Litla hafmeyjan – stytta í Kaupmannahöfn
2. Litla hafmeyjan – stytta í Tjörninni í Reykjavík
3. Unglingadrykkja á Íslandi – eykst hún eða fer hún minnkandi?

Berðu síðurnar vel saman og greindu hvaða tilfinningu þú færð fyrir þeim?

- Hvaða heimild er áreiðanlegust?
- Af hverju sýnist þér það?
- Geturðu fundið staðfestingu á áreiðanleikanum?

4.

Að vitna í ritverk annarra

Til að virða höfundarrétt þarftu að kunna að nota beinar og óbeinar tilvitnanir.

Flettu upp í handbók (*Heimir. Handbók um heimildaritun*) eða á netinu og skoðaðu hvernig þú átt að fara að. Því næst skaltu prófa að beita reglunum. Lestu eftirfarandi texta vel yfir, skrifaðu hann með þínum eigin orðum (óbein tilvitnun) og láttu eina beina tilvitnun fljóta með:

> *Sjálfsmynd* einstaklings er sú skoðun sem hann hefur á sjálfum sér og hún mótast í samskiptum við aðra. Sjálfsmyndin þróast smám saman og á fullorðinsárum er hún orðin nokkuð fastmótuð og breytist lítið. Sjálfsmynd unglingsins er enn að mótast og hann ver töluverðum tíma fyrir framan spegilinn við að velta fyrir sér spurningum eins og: Hvað einkennir mig? Hvað finnst öðrum um mig? Hvernig er ég? Er ég í lagi? Hvaða skoðanir hef ég? Svör við spurningum sem þessum eru mikilvæg fyrir þroska okkar.
>
> Úr bókinni *Félagsfræði. Einstaklingur og samfélag,* bls. 52 eftir Garðar Gíslason. Útgefandi er Mál og menning, Reykjavík. Þetta er 3. útgáfa sem kom út árið 2008.

5.

Heimildaskrá

Farðu á skólabókasafnið og tíndu til sjö til tíu bækur. Gættu þess að velja bæði íslenska og erlenda höfunda, ritsöfn og jafnvel tímarit. Skráðu því næst ritin sem heimildir.

Inngangur

Meginmál

Lokaorð

Uppsetning á heimildaritgerð

Inngangur

Í inngangi kemur fram stutt kynning á efni textans.

Inngang er hægt að skrifa á marga vegu en hvaða leið sem valin er þá er mikilvægt að leggja sig fram við að vekja áhuga lesanda. Ef inngangur er „óspennandi“ eru meiri líkur á að ekki náist að kveikja áhuga lesanda, hann hætti að lesa eða gefi efninu lítinn gaum.

Hér eru sýndar ólíkar leiðir að upphafi inngangs:

- Í þessu verkefni ætla ég að …

Margir falla í þá gryfju að byrja öll fræðiskrif á svipaðan hátt:

Í þessu verkefni ætla ég að fjalla um eldgosið í Eyjafjallajökli árið 2010.

Það er gott og gilt að byrja inngang á þessum orðum en það getur verið leiðinlegt til lengdar ef flest verkefni hafa áþekka byrjun. En hvernig er þá best að byrja?

Staðreyndir

Ein leið er að varpa fram staðreynd:

> Snemma að morgni 14. apríl árið 2010 hófst eldgos í Eyjafjallajökli …

eða setja fram staðreynd og um leið reyna að vekja upp forvitni og stefna textanum í ákveðna átt:

> Þónokkur eldgos hafa valdið miklum hörmungum á Íslandi og eitt þeirra er eldgosið í Eyjafjallajökli árið 2010.

Báðar staðreyndirnar opna á umfjöllun um Eyjafjallajökul en sú fyrri er mun víðtækari og út frá henni má skýra frá mun fleiri þáttum í tengslum við gosið. Seinni staðreyndin leggur áherslu á hörmungar sem bendir til að höfundur ætli að skrifa um hvers konar hörmungar fylgdu í kjölfar gossins og hvaða áhrif þær höfðu. Hún er líka gildishlaðin í orðanotkun (miklar hörmungar), sem gefur til kynna að textinn sem á eftir fylgi verði ekki alveg hlutlaus og muni fjalla um eldgos út frá þessum forsendum.

Að gildishlaða mál sitt getur verið nauðsynlegt en það getur líka haft afar neikvæð áhrif á textann og lestur hans. Stundum vilja lesendur sjálfir fá að komast að eigin niðurstöðu með því einfaldlega að skoða staðreyndir málsins og draga eigin ályktanir.

Fullyrðing

> Þann 14. apríl árið 2010 hófst eldgos á Íslandi sem hafði mikil áhrif á heilsu fólks, dýralíf, náttúruna og jafnvel á flugsamgöngur í Evrópu.

Inngangur sem hefst á þessum orðum er mjög opinn og því er af mörgu að taka til að fjalla um í meginmáli.

Sjónarhorn

> Lögreglan þurfti að stöðva fjölmarga forvitna Íslendinga þegar þeir reyndu að komast að Eyjafjallajökli þegar eldgosið stóð sem hæst í apríl 2010, jafnvel þótt öllum hefði átt að vera ljóst að lögreglan hafði í nógu öðru að snúast við að aðstoða íbúa svæðisins.

Hér er sjónum beint að forvitnum ferðalöngum sem hundsa hættur og ferðabann og sýna jafnvel fífldirfsku. Textinn er einnig gildishlaðinn, einkum í síðari hlutanum, því hann leggur vissan dóm yfir hluta viðfangsefnisins.

Saga eða dæmi

Eldgosið í Eyjafjallajökli árið 2010 hafði ekki aðeins mikil áhrif á Íslandi heldur um alla Evrópu þar sem ekki var hægt að fljúga vegna öskufalls. A.m.k. eitt dauðsfall er rakið óbeint til eldgossins, en norskur maður lést þar sem ekki tókst að fljúga með hann á sjúkrahús. Þess í stað þurfti að flytja hann með bát langa leið, sem tók mun lengri tíma en flugið hefði tekið og því fór sem fór.

Upphaf á borð við þetta vísar í þau miklu áhrif sem eldgosið hafði á flugsamgöngur og því má ætla að í meginmáli verði fjallað um það með einhverjum hætti, t.d. með tilteknum rannsóknarspurningum:

- Spurning

  Hvernig getur eldgos á eyju lengst út í Atlantshafi haft áhrif á milljónir manna?

Ef spurningu er varpað fram í inngangi þarf að sjálfsögðu að svara henni í meginmáli.

6.

Gíraffar

Veldu eitt atriði af listanum hér og skrifaðu tvo ólíka innganga um það:

- gíraffar
- geimferðir fyrir almenning
- jólasveinar
- mannslíkaminn
- Ólympíuleikar

Meginmál

Í meginmáli er fjallað um efni ritsmíðar í samfelldu máli og þar er skrifað eftir heimildum. Nú kemur í ljós hversu vel undirbúningsvinnan var unnin.

Kaflaheitið Meginmál á aldrei að nota og veljir þú að hafa kaflaheiti eiga þau að vera lýsandi fyrir efni kaflans.

Meginmáli er skipt í kafla (efnisgreinar) eftir umfjöllunarefni, það auðveldar lesandanum lesturinn og þú þarft aðeins að hugsa um einn kafla í einu þegar þú skrifar. Gott er að hefja kaflann á einni til tveimur málsgreinum sem lýsa innihaldi hans. Því næst segir þú ítarlegar frá því í kaflanum. Gættu vel að því að kaflarnir þurfa að tengjast. Raðaðu þeim þannig að þeir myndi eðlilegt samhengi.

Í meginmáli þarf að svara þeim spurningum sem varpað var fram í inngangi og/eða útskýra og rökstyðja fullyrðingar og staðreyndir sem þar komu fram. Veldu vel það sem þú skrifar. Reyndu að fara ekki út fyrir efnið eða fjalla um mikið af smáatriðum. Gættu að því að nota heimildir á gagnrýninn hátt.

Lokaorð

Í lokaorðum tekur þú saman helstu atriði meginmáls í örstuttan útdrátt. Ef þú settir fram spurningar í inngangi þarf að svara þeim hér. Í lokaorðum gefst þér jafnframt tækifæri til að koma á framfæri skoðunum þínum og hugmyndum um efnið, þ.e. segja frá því hvað þér finnst um efnið og niðurstöður heimildavinnunnar. Þú getur bent á aðrar mögulegar niðurstöður, tengt efnið við daglegt líf, eigin reynslu og fleira í þessum dúr.

Frasar sem stranglega bannað er að nota

„Það var skemmtilegt að vinna þetta verkefni og ég lærði mikið …“

Vandaðu þig við lokaorðin, þau eru eins og eftirréttur og hann verður að standast væntingar eftir góðan aðalrétt.

Undirbúningur fyrir ritun

1. Um hvað ætla ég að skrifa?
2. Á ritsmíðin að vera:
   a. skemmtun?
   b. fræðsla?
   c. ádeila?
3. Hvað veit ég um efnið?
   - Ég punkta hjá mér allt sem ég veit nú þegar um efnið.
   - Ég geri einfaldan lista með stikkorðum eða geri hugarkort.
4. Ég afla mér meiri upplýsinga.
   - Ég les nokkrar heimildir og vel úr þeim það sem ég vil nota.
   - Ég skrifa niður allar staðreyndir sem ég vil að komi fram.
5. Ég tek saman öll atriðin, horfi vel yfir punktana og raða þeim niður í gott samhengi.

Til hvaða hóps ætla ég að skrifa? Á hvaða forsendum? Hvað vakir fyrir mér? Vil ég hjálpa lesandanum, stríða honum eða vekja hann til umhugsunar? Hvaða orð og stíll eru viðeigandi fyrir hópinn sem mun lesa skrif mín? Ég einset mér að vera skýr og set skilaboðin fram á einföldu máli.

Vinnubrögð meðan á ritun stendur

Með því að temja þér vinnubrögð eins og þau hér fyrir neðan geturðu þjálfað þig í að verða mjög fær textahöfundur.

1. Gerðu uppkast út frá hugmyndavinnunni hér að framan.
2. Hafðu punktana við höndina á meðan þú skrifar og notaðu þá.
3. Gefðu hugsunum þínum gaum á meðan þú skrifar og skráðu jafnóðum niður nýjar hugmyndir.
4. Lestu textann upphátt þegar uppkastið er tilbúið – er vit í honum? Ef þú hikar í upplestrinum er líklega eitthvað í honum sem er of flókið eða ekki nógu vel orðað.
5. Lagaðu það sem þarf að laga.
6. Farðu í lokin yfir málfræði og stafsetningu:
   a. Notar þú fjölbreytt orðaval og viðeigandi málsnið?
   b. Byrjar þú setningar á ólíkum orðum?
   c. Eru setningarnar stuttar og skýrar? Vekja þær áhuga lesandans?
   d. Skilurðu öll orðasambönd sem þú notar og notar þú þau rétt?
   e. Segir þú frá í sömu tíð í öllum textanum?
   f. Er stafsetningin rétt?
   g. Notarðu greinarmerki á réttum stöðum?
7. Fáðu einhvern til að lesa textann yfir og koma með athugasemdir.
8. Lagfærðu það sem þér finnst þurfa út frá athugasemdum.
9. Gættu vel að lokafrágangi og skilaðu af þér snyrtilegu verkefni.
10. Farðu vel yfir athugasemdir kennara þegar þú færð verkefnið aftur í hendur.
11. Geymdu verkefnið og skoðaðu það ásamt athugasemdum kennara þegar þú gerir annað verkefni af svipuðum toga.

Ég tel að mér finnist að mig langi til að skoða ...

Í heimildaritun ætti að forðast að fylla textann af alls kyns fyrirvörum sem draga verulega úr boðskap hans. Hér eru nokkrir algengir fyrirvarar sem ágætt er að muna að nota í lágmarki:

Mér finnst að …
Að mínu mati …
Að mínu viti …
Því mætti halda fram að …
Telja mætti að …
Segja má að …
Ef svo má að orði komast …
Ef þannig mætti komast að orði …
Hafa ber í huga að …
Persónulega finnst mér …

Þegar þú setur fram þínar eigin hugleiðingar í ritgerð er sjálfsagt að láta ekki eins og þú vitir alla skapaða hluti. En það dregur úr krafti ritgerðarinnar ef þú setur oft fram fyrirvara. **Mundu að öll** ritgerðin er í raun eitt risastórt „Mér finnst … “

Prófum að setja þetta upp í alvöru dæmi:

Því mætti halda fram að mér fyndist að bókin Kveikjur eftir Davíð Stefánsson og Sigrúnu Valdimarsdóttur væri, ef svo mætti að orði komast, alveg hreint ágætlega skrifuð, þannig séð, þegar allt er tekið saman, sérstaklega ef miðað er við almenn gæði námsbóka.

Lesandinn heldur á ritsmíðinni og er spenntur að heyra þína rödd; fá á hreint hvað þér finnst um málefnið. Þegar hann les fyrirvarana hljómar það eins og þú sért ekki alveg sannfærð(ur). Rödd þín verður veikari og ótrúverðugri og þar með er grafið undan málflutningi þínum.

7.

Titill – Heiti

Þegar þú grípur bók úr hillu, lest frétt í blaðinu eða skoðar bíóauglýsingar – hvað er það fyrsta sem þú rekur augun í? Líklega titillinn, fyrirsögnin, heitið, er það ekki?

Sömu lögmál gilda þegar þú finnur titil á fræðigreinina þína eða ritgerðina – titillinn þarf að vera grípandi og vekja upp forvitni.

Margir aðrir en höfundar og blaðamenn nýta sér þetta. Hér eru nokkur heiti á fyrirtækjum. Sum lýsa vel því sem fyrirtækið stendur fyrir á meðan önnur eru torskilin og ógagnsæ.

Adam
Fimm fiskar
Garðálfarnir
Hamraborg
Langabúð
Pétursbúð
Smart
Trétak hf.
Fagmaðurinn
Garðarshólmi
Hafið
Hárbeitt
Lindin
Skipt í miðju
Stokkar og steinar

Nú skaltu finna heiti á nokkur fyrirtæki þar sem nafnið gefur til kynna hvaða starfsemi fer fram í fyrirtækinu, án þess þó að segja það berum orðum. Fyrirtækin sem vantar heiti eru: Gæludýraverslun, matsölustaður, fiskbúð, bifreiðaverkstæði, snyrtistofa, hjólaverslun og blómabúð.

Heimildaritun er alls konar

Grein

Grein kynnir efni eða mál fyrir lesendum. Greinar er að finna í dagblöðum, tímaritum, alfræðiritum og bókum. Til eru ólíkar tegundir greina, t.d.

- fréttaskýringar sem segja frá atburðum,
- fræðigreinar þar sem fjallað er um ákveðin málefni,
- umræður um málefni líðandi stundar.

Fréttagrein

Fréttagreinar eru drjúgur hluti dagblaða. Þær eru skrifaðar á annan hátt en t.d. fræðigreinar og rökfærslugreinar.

- Efst er lýsandi og/eða grípandi fyrirsögn.
- Þar á eftir kemur stundum undirfyrirsögn þar sem helstu atriði fréttarinnar eru útlistuð í fáum orðum.
- Því næst kemur fréttin sjálf og efnisatriði hennar (hver, hvar, hvenær, hvernig, hvers vegna).

Fræðigrein

Fræðigrein er skrifuð af einstaklingi sem hefur menntun í tilteknu fagi og hún fjallar um afmarkað viðfangsefni. Sumar fræðigreinar eru fyrst og fremst upplýsingar eða kynning á ákveðnu efni úr fræðaheiminum. Aðrar snúast um að þoka þekkingarleitinni áfram, setja fram kenningar og stuðla að fræðilegri umræðu og dýpri skilningi á viðkomandi efni.

Rökfærslugrein – til að skapa umræður

Í dagblöðum og tímaritum er að finna greinar sem lýsa skoðunum á ákveðnu máli eða eru svör við slíkum greinum og kallast þær rökfærslugreinar. Þær eru gjarnan uppbyggðar á svipaðan hátt og fræðigreinar með fyrirsögn, inngangi þar sem þú kynnir afstöðu þína, meginmáli sem inniheldur meðal annars rök og jafnvel dæmi til að styðja mál þitt og að endingu lokaorðum þar sem niðurstaðan er dregin saman í stuttu máli. Hver sem er getur sent inn grein í dagblöð og þær falla oft undir innsendar greinar eða bréf til blaðsins. Ekki er gerð krafa um að greinar af þessu tagi, sem ætlað er að vekja fólk til umhugsunar og umræðu, falli undir ákveðnar reglur um uppsetningu.

Fyrirlestur

Fyrirlestur er ekki ósvipaður grein – nema hann er fluttur munnlega. Hann þarf að undirbúa og fyrsta skref er að gera handrit. Textinn þarf að vera einfaldari en grein og falla vel að talmáli, annars er hætta á að áheyrendur missi athyglina og nái ekki innihaldi hans.

Fyrirlestur getur verið mjög myndrænn, hægt er að hafa fjölda mynda, töflur og gröf til að útskýra málið enn frekar. Sem fyrirlesari getur þú valið úr fjölmörgum leiðum til að gera fyrirlesturinn áhugaverðan, spennandi og auðvitað upplýsandi. Þú getur t.d. teiknað og skrifað punkta á töflu, þú getur notað glærusýningu eða jafnvel notað ljósmyndir og myndbönd.

Framsetningin skiptir ekki minna máli en textinn, hvernig fyrirlesarinn stendur, hvaða líkamstjáningu og svipbrigðum hann beitir, tónhæð hans og raddbeiting, talhlé og áherslur. Síðast en ekki síst er mikilvægt að áheyrendur fái á tilfinningu að þeir séu að hlusta á manneskju að tala en ekki vél.

Mikilvægt er að gera sér ávallt grein fyrir því að heimildaritun markast af skoðunum og reynslu þess sem ritar. Miklu máli skiptir að vega og meta heimildir og gögn með gagnrýnum augum.



Að lokum – þetta um heimildaritun

Heimildaritun er færni sem gagnlegt er að hafa á valdi sínu. Hún snýst einfaldlega um listina að vinna úr upplýsingum og raða þeim saman í sterka heild. Í nútímasamfélagi er það góður eiginleiki til að búa yfir.

Láttu ekki deigan síga þótt heimildaritun virðist stundum krefjandi og flókin. Mundu að stundum er rannsóknarvinna besta leiðin til að læra.

Taktu stöðuna!

Ég ...	SKILABOÐ
veit hvað heimildaöflun er.	
skil mikilvægi þess að afla heimilda og vinna úr þeim.	
kann leiðir við að greina áreiðanlegar heimildir.	
kann að nota ólíkar leitaraðferðir á netinu.	
þekki aðferðir við að skrifa texta sem byggist á heimildum.	
kann að vísa í heimildir í texta og skrifa heimildaskrá.	

Textaboð Senda

Ég ...	SKILABOÐ
er með á hreinu muninn á beinni og óbeinni tilvitnun.	
skil hvað felst í hugtakinu höfundarréttur.	
veit hvernig setja á upp heimildaritgerð.	
er með á hreinu hvað á að koma fram í inngangi og hvað á að skrifa í meginmáli.	
átta mig á hvað lokaorð snúast um.	
veit hvaða áhrif titill hefur á ritsmíð.	

Textaboð Senda

Neisti

Rita þú ritgerðina

Í þessu verkefni skrifar þú ritgerð og æfir allt sem þú mögulega getur. Mundu að:

- styðjast við leiðbeiningar og gátlista framar í kaflanum,
- athuga vel hversu áreiðanlegar heimildir eru,
- fara vel með tilvitnanir, bæði beinar og óbeinar.

Notaðu a.m.k. þrjár heimildir, þar af eina úr bók eða tímariti, og reyndu að hafa þær úr ýmsum áttum.

Þú getur valið þér efni hér til að skrifa um:

- Sjö undur veraldar
- Borg/land að eigin vali
- Einræðisherra að eigin vali
- Hönnun
- Íþrótt að eigin vali
- Kynjajafnrétti
- Furðuleg mannvirki
- Kjarnorka
- Átröskun
- Leiklist
- Lesblinda
- Listamaður að eigin vali
- Tölvufíkn og netfíkn
- Réttindi unglinga
- Siglingar
- Bílar
- Sjálfsmynd unglinga

6. kafli

Smásögur – meira en augað nemur

Markmiðið með þessum kafla er að þú fáir enn betri skilning á því hversu margslunginn bókmenntatexti er og sjáir með eigin augum hvers ungt fólk er megnugt þegar það stingur niður penna. Í kaflanum beinist athyglin einkum að smásagnaforminu.

Mikið hefur verið rætt og ritað um ólík bókmenntaform, þar á meðal smásögur. Smásögur lúta sínum eigin lögmálum og þær verða seint settar á einn bás, endanlega og um alla tíð. Vísindavefurinn er ágætis heimild og þar er reynt að útskýra hugtakið smásaga svona:

> Smásaga er skálduð frásögn, styttri en skáldsaga. Lengd smásagna getur þó verið allt frá einni eða nokkrum síðum upp í um eða yfir hundrað síður. Um mjög stutta texta sem geta staðið sjálfstæðir er þó stundum notað hugtakið örsaga og að sama skapi er stundum notað hugtakið nóvella um smásögur sem eru frekar langar. Á íslensku hafa nóvellur einnig verið nefndar miðsögur sem eru þá sögur mitt á milli smásagna og skáldsagna.

Smásögur eru ekki stuttar skáldsögur, ekki frekar en stuttmyndir eru stuttar bíómyndir eða andlitsteikning er lítið málverk. Smásögur geta bæði verið kraftmiklar, áhrifaríkar og skemmtilegar – og svo er maður líka fljótur að lesa þær!

Allir miðlar eiga nefnilega sín sérkenni.

Hvar er allan sannleikann að finna?

Engin saga segir alla söguna um þá atburði sem hún fjallar um.

Í öllum sögum er alltaf eitthvað sem liggur til hliðar við frásögnina, eitthvað sem kemur ekki fram nema með óbeinum hætti. Að þessu leytinu til má líkja risastórum skáldsögum við ísjaka sem einhver hefur lyft með Grettistaki upp úr sjónum og að sama skapi má líkja smásögu við þennan fræga topp á ísjakanum.

Í smásögu fáum við oft takmarkaðar upplýsingar – þær leynast og dyljast og það er okkar að „leysa gátuna“ eða skynja hvað liggur á bak við knappa frásögnina.

Það sem einkennir smásögu er að hún er nægilega stutt til að hægt sé að lesa hana í einni lotu. Hún segir yfirleitt ekki frá mörgum aðskildum atburðum en getur vísað óbeinum orðum í ýmsa atburði utan við söguna. Sögupersónur í smásögu upplifa oft ólíka atburði sem valda breytingu í lífi þeirra. Smásaga er saga sem segir ekki alla söguna – þú þarft að lesa á milli línanna.

Þegar þú lest smásögu þarftu því að taka vel eftir, gæta þess að missa ekki af neinu, en jafnvel það gildir einnig um annars konar texta, líka skáldsögur. Stundum er talað um að eftir því sem texti er knappari skipti hvert orð meira máli í samhenginu. Í 1000 blaðsíðna skáldsögu getur hvert orð haft fremur lítið vægi en sagan sjálf og framvinda er aðalatriðið. En í knappri smásögu getur eitt orð, til eða frá, breytt allri merkingu textans og skynjun lesandans. Að því leytinu til stendur smásagan nær ljóðinu en skáldsögunni.

En nóg um þessar pælingar. Best er að demba sér í að prófa einfaldlega að lesa smásögur.

Sögur eftir ungt fólk

Við byrjum á að skoða tvær smásögur eftir unglinga á þínu reki. Báðar urðu þær til í grunnskóla þar sem kennarar hvöttu nemendur til að skrifa og senda inn sögur í ritunarkeppni. Kannski hefðu þessar sögur aldrei orðið til ef ekki hefði verið fyrir svona umgjörð? Manstu, sá sem skapar þarf að hlusta á sjálfan sig, trúa því að hann hafi eitthvað fram að færa og vinna svo úr því til fulls.

Handan hæðanna, við enda regnbogans

Myrkir skólagangar, hver á eftir öðrum. Gömul konan gekk hægum skrefum áfram. Það eina sem hindraði för hennar voru árin sem hún hafði lifað. Á göngu sinni rifjaði hún upp allar þær góðu stundir sem hún hafði lifað og allar þær slæmu. Skólinn var hennar heimavöllur, hér hafði hún lært, útskrifast og kennt allt sitt líf. Brosandi gekk hún að elsta hluta byggingarinnar þar sem hún sjálf hafði stundað nám þegar hún var ung stúlka. Hægt og rólega opnaði hún dyrnar að íslenskustofunni. Þungum en hljóðlátum skrefum gekk hún inn. Stofan lyktaði af elli og menningu, hún hafði sál. Þarna við gluggann hafði hún hitt eiginmann sinn í fyrsta skipti. Þau voru vön að leika sér á hverjum degi eftir skóla, mikið voru þau góðir vinir. Þau uxu úr grasi, eignuðust börn og urðu gömul saman. Á dimmum vetrarkvöldum voru þau vön að sitja við arineldinn inni í stofu og tala um gamla tíma, daginn og veginn. Jafnvel nú, rúmum áratug eftir andlát hans, finnur hún enn fyrir nærveru hans við eldinn.

Konan strauk burtu tárið sem læddist niður kinn hennar. Áfram hélt hún hljóðlátri göngu sinni. Konan tók í rykfallinn hurðarhúninn að hátíðarsalnum og opnaði þungar dyrnar. Hún staulaðist að gamla flyglinum og spilaði með innilegri tilfinningu Tunglskinssónötu Beethovens, uppáhalds verk þeirra hjóna. Þarna á gólfinu höfðu þau stigið sinn fyrsta dans á sveitaballi forðum. Gamla konan sá fyrir sér fólkið, gleðina og dansinn. Hún steig fram á gólfið og dansaði létt á fæti við ímyndað undirspil Hljóma. Það var ekki fyrr en birta tók af degi að hún rankaði við sér. Þá tók hún stafinn sér í hönd og gekk rólega að bekknum hinum megin í herberginu. Gamla konan settist niður, vitandi að nú væri síðasta sandkornið í tímaglasi lífsins að falla til botns. Þarna í morgunsólinni, þennan fagra vormorgun, kvaddi hún lífið og hélt á betri stað, stað sem var langt í burtu, handan hæðanna, við enda regnbogans.

Andrea Dagbjört Pálsdóttir (15 ára)

Titillinn er mjög ljóðrænn, opinn og áhrifamikill. Ósjálfrátt búumst við þess vegna við ljóðrænum texta í kjölfarið.

Fyrsta línan inniheldur gildishlaðin orð sem setja tóninn. Finndu þau.

Hér er flakkað hratt á milli sögusviða og á milli tíða.

1.

Handan hæðanna, við enda regnbogans

1. Hvernig tónn er í texta þessarar sögu? Er hann t.d. lifandi og opinn eða formlegur og lokaður?
2. En hvernig er stemmningin? Hvað er það í sögunni sem skapar hana? Er það efnið, orðavalið eða eitthvað annað?
3. Hver er sögumaður í þessari frásögn og hvað einkennir hann?
4. Í smásögu skiptir hvert orð töluverðu máli – munum að höfundur velur alltaf eitt orð umfram annað. Skoðaðu t.d. orðin „síðasta sandkornið í tímaglasi lífsins“. Þetta er stór og kraftmikil líking. Hvað á höfundur við?
5. „Stofan lyktaði af elli og menningu“ segir í sögunni. Hvað á höfundur við? Hvernig er slík lykt? Hvernig lykt er inni í kennslustofunum þínum? Er ólík lykt eftir námsgreinum? Var það með vilja gert hjá höfundi að láta söguna gerast í íslenskustofunni?
6. Á einum stað í textanum færist frásögnin úr þátíð yfir í nútíð. Finndu staðinn og veltu því fyrir þér af hverju höfundur fer þessa leið. Hvaða áhrif hefur þessi stílbreyting?
7. Hvers vegna eru skólagangarnir myrkir ef sagan gerist að vori?
8. Skoðaðu öll lýsingarorð í sögunni. Hvað einkennir þau?
9. Gæti sagan borið annan titil? Komdu með nokkrar tillögur.
10. Skrifaðu stuttan texta út frá sjónarhorni einhvers sem kemur í skólann og finnur konuna.

2.

Sögustund

Setjist í hring. Bekkurinn á að semja örsögu í sameiningu.

Hér er upphafið og síðan haldið þið áfram þannig að hver nemandi segir eina málsgrein og sögunni lýkur þegar sá síðasti í hringnum hefur lokið sér af.

Stúlkan vaknaði á sjúkrahúsi um miðja nótt og hafði ekki hugmynd um hvernig hún endaði þar.

Seinni sagan sem við skoðum er örlítið flóknari í uppbyggingu.

Eina stjörnubjarta nótt

Er sögumaður strákur eða stelpa? Hver er þín fyrsta hugmynd? Af hverju? Hvaða áhrif hefur titillinn á lestur sögunnar?

Ég sit og horfi á stjörnubjartan himininn. Ég trúi því ekki að það sé varla liðin vika síðan við Röskva lágum hér síðast og töldum stjörnurnar, leituðum að stjörnumerkjum. Síðustu dagar hafa liðið óendanlega hægt og ég hef ekki talað við hana nema í gegnum síma. Hún er mér enn reið. Mér brá eilítið þegar hún sagðist vilja hitta mig til að tala um þetta, þar sem hún hafði varla viljað tala við mig undanfarið.

Ég stend upp, eirðarleysið gerir vart við sig. Ég skima um eftir Röskvu en hún er hvergi sjáanleg.

Hingað til höfum við ekkert vitað um hvar sögumaður er staðsettur en núna kemur falleg lýsing á því.

Það kom mér svo sem ekki á óvart að hún vildi hitta mig hér. Þetta er staðurinn okkar. Hér eyddum við bróðurpartinum af sumrinu, hér áttum við fyrsta kossinn okkar. Þetta er nægilega langt frá bænum til að við heyrum ekkert í bílum eða öðru og hingað kemur nánast enginn.

Ég lygni aftur augunum og hlusta á lækjarniðinn, anda djúpt og reyni að róa mig niður. Ég neita því ekki að ég er stressaður. Ég hef ekki hugmynd um hvað hún vill segja eða hvort reiði hennar gagnvart mér hafi eitthvað dofnað.

Þessi staður er einn sá fallegasti sem þú getur hugsað þér, skrýtið að það viti ekki fleiri af honum. Stórt engi inni í miðjum skógi, fyllt skærgrænu grasi og fallegum blómum. Í gegnum mitt engið rennur lækur, hreinn og tær. Undir venjulegum kringumstæðum yrði ég myrkfælinn þegar svona langt er liðið fram á kvöld en hér, hér verður maður aldrei hræddur.

Röskva er enn ekki komin. Kannski gleymdi hún mér. Eða kannski hætti hún við, kannski vill hún ekki tala við mig. Kannski hatar hún mig. Ekki yrði ég hissa. Ég sveik hana, ég geri mér grein fyrir því. Ég braut loforð. En það var óvart! Ég ætlaði aldrei …

Ég dæsi og sest niður með hendurnar fyrir andlitinu. Ég eyðilagði allt.

***

Ég geng eftir mjóa malarstígnum. Ég veit ég er sein. Ég fékk bakþanka og vildi ekki fara en ákvað á síðustu stundu að það væri of seint að hætta við núna.

Hvað á sögumaður við með „undirheimar“?

Ég er búin að ákveða að vera ekki reið við Elís lengur. Í fyrstu varð ég alveg brjáluð. Við höfðum bæði haft mikið fyrir því að koma honum úr undirheimunum, í burtu frá öllu þessu rugli. Hann var algerlega hættur og ég hafði verið svo bjartsýn að halda að núna gætum við bara hætt að hugsa út í það og farið að snúa okkur að öðru.

Ég lagði af stað með þá hugsun í huga að núna væri þetta búið. Hann hafði svikið mig og mér fannst ég ekki geta treyst honum lengur. Hann eyðilagði allt sem við höfðum byggt upp. En ég hef skipt um skoðun smátt og smátt og hef núna fyrirgefið honum. Það var jú hann sjálfur sem kom til mín og sagði þetta hreinskilið út. Hann sá virkilega eftir þessu, það heyrðist.

Ég er alveg að koma, ég hlakka til að sjá hann. Ég sparka í stein, annars hugar. Þarna aðeins lengra eru trén sem umlykja engið. Framhjá þeim og þá er ég komin. Ég stoppa aðeins hjá trjánum og dreg djúpt andann. Svo geng ég inn á engið.

Í fyrstu sé ég hann ekki, en svo kem ég auga á hann, upp við tré, sitjandi með hendurnar yfir andlitinu. Hann lítur uppgefinn út, ætli hann sé búinn að bíða þarna lengi?

Ég veit ekki hvað ég á að gera, hann hefur ekki ennþá tekið eftir mér. Ég ný saman kuldabláum höndunum og geng hikandi að honum. Það er ekki fyrr en ég er komin alveg að honum að hann lítur upp. Hann stendur hægt á fætur en segir ekkert, bíður eftir því að ég byrji, sýni viðbrögð mín, sýni hvernig mér líður. Eftir stutta þögn fleygi ég mér á hann og faðma hann að mér, eins fast og ég get. Honum bregður en faðmar mig svo fast til baka.

Aldrei ætla ég að sleppa honum aftur. Aldrei, aldrei, aldrei.

Diljá Guðmundsdóttir (15 ára)

3.

Eina stjörnubjarta nótt

1. Á hvaða hátt er sögumaðurinn í þessari sögu ólíkur sögumanninum í fyrri sögunni?
2. Á einum stað notar sögumaður aðra persónu til að ávarpa lesandann. Hvaða áhrif hefur þetta?
3. Það skiptir mjög miklu máli fyrir tón og áferð textans hvernig orðin eru notuð. Á einum stað segir t.d. „Ég geng eftir mjóa malarstígnum.“ Með því að nota ákveðinn greini vísar höfundur í tiltekinn stíg, sem bæði hann og lesandi virðast eiga að þekkja. Finndu t.d. muninn á því ef þarna stæði: „Ég geng eftir mjóum malarstíg.“
4. Persónur sögunnar heita fremur sérkennilegum nöfnum, Röskva og Elís. Er einhver merking fólgin í nöfnunum? Eiga þessi nöfn sér vísanir í menningarsöguna?
5. Hvaða loforð braut Elís? Er eitthvað í textanum sem útskýrir það fyrir víst, eða ekki?
6. Ímyndaðu þér að þessir tveir textar (einn frá Elís og einn frá Röskvu) séu eins konar inngangur að stórri skáldsögu. Hvernig hefst fyrsti kaflinn? Hver segir söguna?
7. Sagan heitir „Eina stjörnubjarta nótt“. Hvaða aðra titla gæti hún borið?
8. Hvert er sögusvið sögunnar? Eru vísbendingar um það?
9. Á hvaða árstíma gerist sagan? Finndu vísbendingar sem hjálpa þér að fá það á hreint.

Umræður

Berið saman þessar tvær smásögur. Í fyrri sögunni er augljóslega fjallað um eldri konu og þegar við lesum síðari söguna gerum við ráð fyrir að hún fjalli um unga stelpu og ungan strák. En gerir hún það? Skoðaðu textann aftur.

- Er eitthvað sérstakt sem segir að Elís og Röskva séu ung að árum?
- Drögum við þá ályktun vegna þess að við vitum að höfundurinn er í yngri kantinum?
- Hvað segir þetta okkur?
- Lesum við texta á annan hátt eftir því hver höfundurinn er og því sem við vitum um hann?

Nú eru þetta tvær sögur úr ólíkum áttum. Síðari sagan beitir kunnuglegu bragði, sem er að færa sjónarhornið á milli einstaklinga. Þannig verður lesandinn í lykilstöðu á milli þeirra, hann veit ýmislegt sem strákurinn veit ekki um stelpuna og sömuleiðis veit hann margt um stelpuna sem strákurinn hefur ekki hugmynd um. Þannig myndast spenna hjá lesandanum sem hljóðar svona: „Munu þau ná saman?“

Kitlandi byrjun á sögu

Hvernig kveikirðu áhuga lesenda á sögunni sem þú ert að skrifa? Til eru ótal leiðir; sumir fara hófstillta leið og byrja söguna einfaldlega látlaust en aðrir varpa fram einhverju alveg óvæntu. Skoðum dæmi:

> Í dag sá ég spörfugl ákveða að deyja.
> (Guðmundur Óskarsson, úr smásögunni „Niðurstaða“).

> Nafnið hafði pabbi hennar, Lenni sem elskaði mjúk og loðin dýr, valið henni löngu áður en hún fæddist.
> (Vigdís Grímsdóttir, úr skáldsögunni *Frá ljósi til ljóss*).

Fyrri byrjunin er kitlandi af fremur augljósum ástæðum – vegna þess að höfundur lýsir aðstæðum sem eru frekar ótrúlegar og láta okkur sperra eyrun. Seinni byrjunin er minna augljós – hún er kitlandi vegna þess að það er eins og vanti framan á textann, hann byrjar eins og við eigum að vita meira en við vitum, t.d. með því að nota orðið „hennar“ strax í upphafi. „Hver er þessi „hún“ sem höfundur er að vísa til?“ hugsa lesendur ósjálfrátt.

4.

Upphafið

Skrifaðu grípandi upphaf smásögu um:

- ungan mann sem lendir í bílslysi
- vináttu aldraðrar konu og unglings
- ógæfusaman einstakling
- fólk sem bjargast úr hrakningum

Síðasta sagan er eftir nemanda í ritlist við Háskóla Íslands.

Hversdagshetja

Einhverra hluta vegna er ég alltaf á réttum stað á réttum tíma. Ég veit ekki hversu oft ég hef labbað framhjá brennandi húsi og gripið barn sem einhver kastar til mín af fjórðu hæð. Einu sinni var ég að lesa blaðið og barnið lenti á miðri opnunni. Ég er hættur að kippa mér upp við þetta. Ef ég er úti að skokka þegar þetta gerist tek ég ekki einu sinni heyrnartólin úr eyrunum. Ég kinka bara kolli og brosi þegar foreldrarnir og slökkviliðsmennirnir þakka mér fyrir.

Ég get ekki farið í flugvél án þess að eitthvað komi upp á. Síðast þegar ég var í flugvél fengu báðir flugmennirnir hjartaáfall. Ég var beðinn um að stýra vélinni. Þeir í flugstöðinni leiðbeindu mér í gegnum síma svo ég vissi hvað ég væri að gera. Erfiðast var að taka hana á loft. Einu sinni þegar ég var að bjarga flugvél óskaði flugfreyja eftir lækni í kallkerfið. Ég þurfti bæði að fljúga flugvélinni og sinna sjúklingunum. Það var ekki auðvelt, en á endanum fann ég lausn á því. Ég flaug vélinni bara lengst upp og hljóp til farþeganna og hjálpaði eins mörgum og ég gat meðan vélin var að hrapa niður aftur. Þannig keypti ég mér tíma. Svo hljóp ég í stjórnklefann og flaug henni aftur upp. Ég gerði þetta alla leiðina og millilenti meira að segja til að taka eldsneyti áður en ég komst á áfangastaðinn.

Ég hugsa að ég hafi komið í veg fyrir svona sjö heimsstyrjaldir. Einu sinni vann ég sem sendill og var að sendast með skotheld vesti á hjólinu mínu. Ég hjólaði framhjá einhverjum þjóðarleiðtoga sem var að stíga út úr brynvörðum bíl og kom í veg fyrir að skot frá leyniskyttu hæfði hann. Einu sinni var ég í fallhlífarstökki nálægt landamærum tveggja ríkja sem voru í deilum. Ég greip flugskeyti með fallhlífinni minni, sem skaut mér marga kílómetra af leið, en sprakk ekki. Ég skaust inn um þakglugga í koddaverksmiðju, tímanlega til að bjarga forstjóranum sem var að kafna á kjúklingabeini. Hann var svo þakklátur að hann gaf mér lífstíðarbirgðir af koddum. Það er ekki jafn hentugt og það hljómar, ég fer ekki það hratt í gegnum kodda. Áður en ég bjargaði þessum forstjóra var ég búinn að nota sama koddann í sjö ár. Ég sef heldur ekki mikið.

Stundum fæ ég samviskubit þegar fólk talar um að offjölgun sé vandamál. Ef ég er alveg hreinskilinn held ég að hún sé mér að kenna.

Ég hef bjargað svo mörgu fólki sem annars hefði dáið og haldið þannig jafnvægi í heiminum.

Einu sinni hélt ég að ég væri orðinn of seinn til að bjarga hlutunum. Ég hafði eytt öllum deginum inni að æfa mig á einhjólinu sem ég var nýbúinn að kaupa. Þegar ég fór loksins út sá ég að eldfjall hafði gosið og bærinn var fullur af fljótandi hrauni. Fólk sat fast á húsþökunum sínum og beið eftir hjálp. Sumir höfðu beðið svo lengi að þeir voru farnir að hjálpa sjálfum sér. Ég mæli ekki með því. Það er hættulegt ef maður veit ekki hvað maður er að gera. Allavega, eina leiðin til að komast á milli húsa var á símalínunum. Sem betur fer var ég orðinn mjög góður á einhjólinu og gat hjólað á milli og gefið fólki mat. Ég hjólaði líka með það á bakinu í verslanir, sund, kirkju og fleira. Sumir báðu mig um að taka smá rúnt því þeim leiddist þarna á þakinu. Ég vildi stundum að ég gæti farið í frí og sleppt því að bjarga öllu í nokkra daga, en ég veit að hvert sem ég færi þá myndi ég enda á því að þurfa að bjarga málunum. Ég yrði ekki fyrr lentur en ég væri farinn að semja við bankaræningja um afhendingu gísla eða bjarga fólki frá hákarlaárás.

Það er ástæðan fyrir því að ég ákvað að binda endi á líf mitt. Þreyttur á þessum sífelldu björgunum fór ég upp á þak á hæstu blokkinni sem ég fann. Ég gekk að brúninni og lét mig falla. Á leiðinni niður upplifði ég undarlega tilfinningu. Ég var rólegur. Í fyrsta skiptið í langan tíma var ég ekki fullur af vonleysi. Hæðin á blokkinni var meiri en ég gerði mér grein fyrir og þegar ég var hálfnaður niður á malbikið leið yfir mig.

Ég vaknaði daginn eftir á spítala. Einhver hafði bjargað mér fyrir slysni.

Jónas Reynir Gunnarsson

5.

Hversdagshetja

1. „Einhverra hluta vegna er ég alltaf á réttum stað á réttum tíma.“ Ef fyrsta línan er eins og fyrstu kynni – hvaða álit hefurðu á sögumanni eftir að þú lest fyrstu línuna?
2. Sögumaðurinn er mjög ýktur í frásögn sinni og áliti á sjálfum sér. Er skýr stígandi í þessu – verður hann alltaf ýktari og ýktari? Hver er ýktasta og ótrúlegasta fullyrðingin frá honum?
3. Þú ert sönn hversdagshetja. Segðu frá degi í lífi þínu í viðtals- eða dagbókarformi.
4. Hvað finnst þér um síðustu línuna í sögunni? Hvaða áhrif hefur hún á heildina? Hvernig hefði sagan getað endað öðruvísi?

Umræður

1. Berið sögumennina úr þessum þremur sögum saman. Hver er munurinn á þeim? Hver er t.d. formlegastur, fyndnastur, mest spennandi og svo framvegis?
2. Skoðið sjónarhorn sögumannanna. Hvernig myndu frásagnirnar breytast ef sjónarhornið væri annað – ef sagan „Eina stjörnubjarta nótt“ væri t.d. ekki sögð frá sjónarhorni Röskvu og Elísar heldur sögð af sögumanni í þriðju persónu? Og ef sagan „Hversdagshetja“ væri sögð af maka hetjunnar?

6.

Botnaðu örsöguna

Textinn sem hér fylgir er rúmur helmingur af örsögu eftir Guðmund Óskarsson. Hvert heldur þú að sagan leiði og hvernig heldur þú að hún endi? Sagan er samtals fjórtán línur og þú hefur átta línur til umráða til að ljúka sögunni.

Berðu útgáfuna þína saman við útgáfur bekkjarfélaganna.

Ábyrgð

Ekki halda áfram. Hún heldur illa jafnvægi, telpan á brúarhandriðinu. Krakkarnir hvetja hana en hún heldur ekki vel jafnvæginu og er orðin óstyrk í hnjánum af ótta. Ekki halda áfram! Æskan ræður ríkjum þarna á brúnni og krakkarnir hvetja hana áfram eftir handriðinu; hlakka svo mikið til að fagna henni á hinum bakkanum að þau greina ekki óttann, jafnvel þótt hún fálmi með höndunum út frá sér eftir stuðningi og sé eiginlega hætt að nálgast endamarkið. Ekki halda áfram! Á þriðja skrefi héðan mun hún renna til.

100 orða örsaga

Nemendur í ritlist við Háskóla Íslands gáfu út *Jólabók Blekfjelagsins*, örlítið kver með einum texta fyrir hvern dag desembermánaðar, árið 2012. Hver texti varð að vera 100 orð, hvorki meira né minna, og hér er einn þeirra:

8. desember

Við erum nefnilega snjókorn, sagði hún, hvert orð gufuský sem liðaðist út á milli kaldra varanna. Við fæðumst einstök, ekkert okkar eins. Við svífum um í tómarúmi uns við föllum til jarðar og sameinumst, öll í eitt mannkyn. Þegar við bráðnum gufum við upp og hverfum aftur til himins, einungis til að frjósa sem allt önnur snjókorn en samt ennþá við, ennþá sama vatnið. Hringrás lífsins, skilurðu? Endurholdgun.

Hvað með þau sem lenda í sjónum? spurði hann efins. Eða bráðna áður en þau ná að tengjast öðrum?

Fóstureyðingar, svaraði hún og fangaði snjókorn með tungunni. Það bragðaðist eins og fjöður.

Æsa Strand Viðarsdóttir

7.

Dagatal bekkjarins

Nú skuluð þið gera dagatal bekkjarins þar sem hvert ykkar skrifar 100 orða texta.

Textunum er síðan safnað saman og einn texti lesinn upp á dag þar til þeir hafa allir verið lesnir.

Að skrifa sögu

Það er ekki til ein ákveðin uppskrift að góðri sögu. Þeir sem segja eða skrifa sögur hafa hver sína aðferð. Sumir undirbúa sig vel og leggjast í rannsóknir á málefnum sem tengjast söguefninu á meðan aðrir byrja einfaldlega að skrifa og skrifa og leyfa því að koma í ljós hvert penninn eða tölvan eða ritvélin leiðir söguna. Sumir sem skrifa sögu setja fyrst niður fyrir sér ákveðin atriði, s.s. hvernig aðalpersónan er, grófa atburðarás og jafnvel endalokin á sögunni.

Þeir sem rannsaka bókmenntir, kvikmyndir og sagnagerð hafa samt fyrir lifandis löngu komið auga á vissa þætti sem virðast fullkomna góða sögu. Andrew Stanton er virtur handritshöfundur teiknimynda sem skrifaði m.a. *Toy Story, A Bug's Life, Monsters, Inc., Finding Nemo* og *WALL-E*. Þetta hafði hann að segja um sagnagerð frá sjónarhóli áhorfandans:

Láttu mig finna til með þér

Sagan þarf að höfða til samúðar áhorfenda. Í upphafi er litla ljóta andarunganum hafnað af systkinum sínum og Dórótea er aðskilin frá fjölskyldu sinni í *Galdrakarlinum í Oz*.

Taktu mig með þér

Í kjarna hverrar sögu liggur loforð – vegferð, ráðgáta, vandamál – sem lokkar áhorfendur og gerir að verkum að það er þessi virði að hlusta á söguna. Litli ljóti andarunginn ákveður að hætta sér út í heiminn og í *Hringadróttinssögu* leggur Fróði af stað í leiðangur sinn.

Vertu fylgin(n) þér

Söguhetjur verða að búa yfir innri hvata sem dregur þá í átt að æðra takmarki sem þeir reyna stöðugt að nálgast. Litli ljóti andarunginn leitar að eigin sjálfsmynd og samþykki frá jafningjum sínum, á meðan Maximus í *Gladiator* leitar hefnda gagnvart þeim sem myrtu fjölskyldu hans.

Láttu mér líka vel við þig

Áhorfendur verða líka að tengja við og kunna að meta persónurnar til að þær verðskuldi athygli. Bæði litli ljóti andarunginn og Rocky þola skin og skúrir í leit sinni að takmarki sínu; áhorfendur finna til með þeim.

Heillaðu mig og veittu mér gleði

Heillaðu og gleddu áhorfendur. Láttu þá gleyma sjálfum sér, þótt það vari aðeins í skamma stund. Það er dásamlegt augnablik þegar litli ljóti andarunginn umbreytist í fallegan svan og fær samþykki jafningja sinna. Þegar Logi geimgengill eyðileggur Dauðastjörnuna í *Stjörnustríði* upplifa áhorfendur raunverulegan létti og tilfinningalegt uppgjör.



Skilaðu sjalinu, sem þú fannst í Grjótagötu nú þegar, til útg, þessa blaðs. Annars færðu bráðlega óþægilega heimsókn!

Auglýsarinn 9. mars 1902 bls. 9

8.

Smáauglýsing verður örsaga

Veldu eina af þessum smáauglýsingum og semdu örsögu (70–100 orð) út frá efni hennar.

Áflog. Tvær rosknar heiðurskonur urðu fyrir skömmu að sögn saupsáttar á Barðaströndinni; loks létu þær hendur skifta, og lauk svo þeirra viðskiftum, að sú sem hafði yfirhöndina viðbeinsbraut hina. Sú sem fyrir meiðslinu varð var um áttrætt.

Fjallkonan 16. árg. 1899, 9.tbl bls. 34

Fundnir munir

Undirritaður hefur fundið á síðastliðnu sumri, silfurbúna tönn á veginum frá Laxnesi að Helgafelli í Mosfellssveit. Einnig hef jeg hirt gamla regnkápu á grindunum við hús mitt. Rjettir eigendur geta vitjað þessara muna til

Jónasar Jónssonar,
Klapparstíg 3
Reykjavík.

Auglýsarinn 19. janúar 1902 bls. 7

Vottorð

Ég undirrituð, votta hér með að Auður Aðalsteinsdóttir vann hjá mér Föstudagskvöldið þann 10/9-43 á veitingasölunni »Svanurinn« til kl. 11,30.

Stefanía Sigfúsdóttir
Fróðasundi 4. Ak.

Alþýðumaðurinn 13. árg. 1943, 35.tbl bls. 4

9.

Hin fullkomna saga

- Hvernig er hin fullkomna saga að þínu mati?
- Hver er uppáhalds sagan þín?
- Hvað er það við söguna sem heillar þig?
- Hvaða persóna í sögunni höfðar mest til þín og hvers vegna?

10.

Smásaga eftir uppskrift

Nú skaltu skrifa eina smásögu og nota tillögurnar sem fjallað var um hér að framan.

11.

Smá smásaga

Svaraðu þessum spurningum – í nákvæmlega þessari röð – í heilum málsgreinum og í eins ítarlegu máli og þú getur. Gættu líka að samhenginu. Þegar þú hefur lokið við að svara öllum spurningunum ætti svo sem eins og ein smásaga að hafa litið dagsins ljós.

Dæmi: Þegar þú tókst þá ákvörðun að yfirgefa geimskipið þitt, hversu langt gekkstu? *Eftir að hafa setið í myrkrinu í að mér fannst heila viku, ákvað ég að yfirgefa geimskipið. Ég gekk þar til birti og þá hafði ég gengið framhjá þremur sofandi þorpum og jafnmörgum sveitabæjum.*

1. Hvað hefurðu verið lengi á þessari plánetu?
2. Af hverju fórstu þangað?
3. Lýstu þessum tveimur persónum sem eru með þér.
4. Af hverju er geimskipið þitt skemmt?
5. Þegar þú tókst þá ákvörðun að yfirgefa geimskipið þitt, hversu langt gekkstu?
6. Hverju varstu að leita eftir?
7. Hvenær áttaðir þú þig á því að einhver væri að elta þig?
8. Lýstu verunni.
9. Þegar þú varst að hlaupa frá henni, þá hrasaðir þú og féllst. Hvað gerðist?
10. Hver er hinn óvænti endir á þessari frásögn þinni?

12.

Útburðurinn

- Skráðu niður allar persónur sem eru kynntar til sögunnar.
- Hvaða upplýsingar færðu um persónurnar í textanum?
- Hvaða álit hefurðu á þessum ólíku sögupersónum? Hvað fær þig til að mynda þér þá skoðun?
- Haltu áfram með textann og skrifaðu tvær efnisgreinar (eða fleiri) til viðbótar.

Útburðurinn

Það kviknar ljós, eitt ljós fyrir miðju sviðinu. Í því stendur undurfögur ung kona, vafin slitnum og skítugum reifum.

Ég er orðin þreytt á að láta mig dreyma. Það er slítandi að fylgjast með lífinu.

Ég hefði getað orðið óskabarn. Ég hefði getað orðið hreppstjórafrú, prestfrú, jafnvel sýslumannsfrú. Sennilegast þó vinnukona.

Á sumrin þegar smaladrengurinn situr hér í selinu líður mér eins og ég sé hluti af heimilisfólkinu á bænum. Ég sé þau ljóslifandi fyrir mér; mömmu að mjólka, þvo og raka. Pabba að taka á móti gestum í stofunni, hella brennivíni út í kaffið, þeysa um sveitir á Grána. Vinnumennina slá, húsfreyjuna elta uppi vinnukonuna sem stelur úr búrinu. Trygg sem fylgir pabba hvert spor.

Smaladrengurinn er fallegur. Hann er rauðhærður og með stór græn augu, eins og ég. Hann líkist pabba mikið. Hann er oft þreyttur þegar hann kemur á vorin, fölur, magur og skítugur. Ég vildi að ég gæti verið föl, mögur og lúsug á vorin. Ég reyndi að segja þeim að ég léti lítið fyrir mér fara, að ég gæti legið í reifum með dúsu daglangt, sumarlangt. Sofið til fóta. Létt mömmu verkin. Passað litlu systkini mín, kennt þeim að vera hljóð og góð og að trufla ekki pabba.

Ég sagði þeim ekki að mig langaði að liggja í kjöltu mömmu, að mig langaði að brosa til hennar, segja henni sögur og syngja með henni, fá hana til að brosa. Ég hefði heldur aldrei sagt þeim að mig dreymdi um að kúra í hálsakoti pabba, finna tóbaksilminn og kitla hann. Verða litla fallega stúlkan hans. Færa honum heitt kaffi á morgnana og fá að launum bros og finna hlýja hönd hans strjúka mér um vanga; takk Rósa mín elskuleg.

Ég varð aldrei Rósa. Mamma hvíslaði nafninu að mér þegar húsfreyjan reif mig úr fangi hennar og setti mig í hendur Hreggviðs gamla. Hann vissi hvað hann átti að gera. Hann hefur síðan vitjað mín ár hvert. Situr við steininn, fellir tár og fer með bæn.

Ólík málsnið, ólíkar kynslóðir

Nýir miðlar kalla á nýjar raddir og nýjar nálganir. Tveir kornungir áhugamenn um bókmenntir og tölvutækni tóku sig til og splæstu saman þessum ólíku sviðum. Útkoman var Twitterature (blanda af orðunum ‚literature' og ‚Twitter') þar sem margar perlur heimsbókmenntanna eru „endursagðar" í knöppu formi Twitter-skilaboða með húmorinn að leiðarljósi. Reglan er sú að endursegja verður bókina í færri en tuttugu tístum. Verkefnið hófst sem gamansamt verkefni á netinu en endaði á því að hið virta útgáfufyrirtæki Penguin gaf afraksturinn út á bókarformi.

Hvað finnst þér um þessa nálgun? Er hún jákvæð eða neikvæð í garð bókmenntanna? Er hægt að meðhöndla íslenskar og þekktar skáldsögur með þessum hætti? En kvikmyndir?

13.

Stórar kvikmyndir eru litlar hugmyndir

Twitterature snýst um að sjóða sögur niður í samtals 140 stafi eða tákn en auðvitað er hægt að sjóða enn meira niður! Getur þú sett saman þínar eigin örstuttu útgáfur af skáldsögum eða bíómyndum sem þú þekkir vel? Prófaðu eins og gert er hér fyrir neðan – og berðu þig saman við bekkjarfélagana.

Stutta útgáfan af Titanic	Skip sekkur.
Stutta útgáfan af Íslendingasögunum	Bændur flugust á.
Stutta útgáfan af Hringadróttinssögu	Hobbiti fer með hring í ruslið.
Stysta draugasaga í heimi	Palli var einn í heiminum. Þá var bankað.

Að læra að hlusta á sig

Virkjaðu sköpunargáfuna. Kauptu litla stílabók sem passar í buxnavasa. Prófaðu að ganga um með hana í nokkra daga, hvert sem þú ferð, og skrifaðu niður allt sem þú tekur eftir og líka allar hugleiðingar sem vakna. **Skrifaðu ALLT** – ekkert er of ómerkilegt fyrir vasabókina, rétt eins og ef þú værir með myndavél og tækir myndir af öllu áhugaverðu á hverjum degi.

Málið er að jafnvel stærstu skáldsögur, sjónvarpsþáttaseríur, kvikmyndabálkar og ljóðabálkar hófust á því að einhver ein manneskja heyrði eina hugmynd, hlustaði á hana, skrifaði hana niður og lét hana svo verða að veruleika:

Hvernig væri að skrifa sögu um stelpu sem er með skæri í staðinn fyrir hendur? Og gera jafnvel kvikmynd um hana?

Hvernig væri að skrifa kvikmyndahandrit um strák sem býr til vél sem getur framleitt mat en óvart fer hún upp í himinhvolfið og það veldur því að allt í einu fer að rigna alls konar mat?

Er ekki bara málið að sama hversu biluð, klikkuð, langsótt, fríkuð, ómöguleg, ólíkleg eða ævintýraleg hugmyndin mín er þá get ég samt búið til magnað verk úr henni, ef ég bara hef trú á henni og held mig við efnið í mánuð eða hálft ár eða eitt ár eða tvö ár og skrifa og endurmet og skrifa og fæ yfirlestur og skrifa og laga og fullkomna?

Jú, það er einmitt málið.

Að lokum – þetta um smásögur

Að lesa og skrifa smásögur er ekki bara góð skemmtun heldur getur þú nýtt þér það sem leið til að verða enn betri í að lesa aðrar sögur og enn betri í eigin sköpun.

Því að lykilatriðið í smásögunni – að sýna smá en meina mikið – er líka mikilvægt í öllum öðrum bókmenntaformum.

Taktu stöðuna!





Neisti

Þúsund sögusvið og fleiri hugmyndir ...

Stundum er nóg að byrja á byrjuninni. Þessar myndir geta (ef þú leyfir) kallað fram fjölmörg ólík sögusvið og enn fleiri persónur úr sögunum.

Leyfðu þér að fara á flug og skrifaðu smásögu út frá einni myndanna þar sem myndin er lýsandi fyrir sögusviðið.

Hér eru fleiri hugmyndir að smásögum – kíktu á þær!

- Ímyndaðu þér að í einn dag byggir þú yfir ómældri dirfsku og hugrekki. Hvernig myndir þú eyða deginum?
- Ímyndaðu þér að heimurinn væri án rafmagns í heilan sólarhring. Hvernig myndir þú eyða deginum?
- Ímyndaðu þér að einu sinni á ári gætirðu breytt þér í hvaða lifandi veru sem er. Hvaða veru myndir þú velja og hvað myndir þú gera?
- Það besta í lífi mínu er …
- Það erfiðasta sem ég hef þurft að gera er …

7. kafli

Málfræði og gryfjur til að forðast

Markmið þessa kafla er að þú vitir enn betur hvernig ólíkir orðflokkar virka. Við lítum á sagnorð, beygingareinkenni þeirra og hvaða áhrif þau hafa á merkingu þess sem við segjum og skrifum. Í síðari hluta kaflans beinum við sjónum að málfari og ýmsum atriðum sem hjálpa okkur að vanda málið.



Fyrsta asíska Marsfarið

Hvað segir þessi blaðafyrirsögn okkur? Í sjálfu sér ekki svo mikið. Það er ekki fyrr en sagnorði er bætt í setninguna að merkingin verður skýr.

Hrapaði það?

Beygði það af leið?

Komst það á loft?

Sagnorðið skiptir miklu máli fyrir merkinguna!

Sagnorð

Hefurðu velt því fyrir þér hvað þú gegnir mörgum hlutverkum? Þú ert barn, barnabarn, bróðir eða systir, nú eða einkabarn, unglingur, nemandi, skólafélagi, bekkjarfélagi, vinur og kannski liðsfélagi eða félagi í samtökum og svona mætti lengi telja. Á hverjum degi gegnir þú fjölmörgum og oft ansi ólíkum hlutverkum, eða sýnir þú ekki ömmu þinni og afa aðra framkomu en t.d. besta vini? Þrátt fyrir þessi mörgu og misjöfnu hlutverk ertu samt alltaf þú.

Og veistu – þannig er það einmitt líka með sagnorð. Eitt og sama sagnorðið gegnir ótrúlega mörgum hlutverkum í málinu – en samt er það alltaf sama sagnorðið.

Sjáðu t.d. sögnina að **vera** og hvað hún getur tekið á sig margar myndir:

vera	er	erum	ert	eruð	eru
var	vorum	varst	voruð	sé	séum
sért	séuð	séu	væri	værum	værir
væruð	væru	vertu	verið	verandi	

Sagnorð eru kjarni hverrar setningar!

Þau lýsa því sem gerist (ég geng) eða gerðist (ég gekk), því sem er eða var og þau geta líka táknað ástand (ég er gangandi). Eins og nærri má geta eru nokkur atriði sem hafa þau áhrif á sagnorð að það getur birst í jafn mörgum myndum og dæmið sýnir. Við skulum skoða nokkur þeirra.

Hvað geturðu fundið margar myndir af sagnorðinu lesa?

Persóna og tala

Það er ekki nóg með að sagnorð beygist og breytist eftir því í hvaða tíð það stendur (hún fer/hún fór) heldur skiptir máli hvaða persónu það vísar til og hvort hún er ein eða þær fleiri. Sagnir sem breytast eftir því með hvaða persónu þær standa eða vísa til, kallast **persónulegar sagnir og þær taka með sér fallorð í nefnifalli**.

1. persóna: Ég fer – við förum.
2. persóna: Þú ferð – þið farið.
3. persóna: Hann/hún/það fer.
   Þeir/þær/þau fara.

Langflestar sagnir eru persónulegar og við notum þær rétt án þess að hugsa okkur um. Það eru hins vegar **ópersónulegu sagnirnar** sem kalla á að við gætum okkar. Eins og nafnið gefur til kynna virka ópersónulegar sagnir ólíkt þeim persónulegu, þær **breytast ekki eftir persónu og tölu, standa með fallorði í þolfalli eða þágufalli og eru alltaf í 3. persónu, eintölu:**

Með þolfalli

1. persóna: Mig vantar. Okkur vantar.

2. persóna: Þig vantar. Ykkur vantar.

3. persóna: Hann vantar. Þá vantar.

Með þágufalli

1. persóna: Mér finnst. Okkur finnst.

2. persóna: Þér finnst. Ykkur finnst.

3. persóna: Henni finnst. Þeim finnst

1.

Persóna sagna

Finndu persónu sagnorðanna í ljóðinu.

MÁTTUR MINNINGA

Sverðfiskur syndir
um í lófa mínum.

Ég legg egg hans
í mynd fortíðar.

Meðan ég sef skera
sverðfiskabörnin
holur í hörund mitt.

Andardráttur þeirra
varð klukka lífsins.

Myndin blóðlit.

Birgitta Jónsdóttir

2.

Hverjar eru ópersónulegu sagnirnar?

Finndu eins margar ópersónulegar sagnir og þú getur með því að fletta upp í málfræðihandbók eða á netinu. Þegar þú hefur skoðað listann, skrifaðu þá eina setningu með hverri sögn. Notar þú sagnirnar rétt – stendur fallorðið sem þú notar með sögninni í réttu falli? Í öllum tilfellum? Er einhver sögn sem þú þarft að gæta þín sérstaklega á? Ef svo er skaltu leggja hana á minnið og vera vakandi fyrir því hvernig þú notar hana þegar þú talar og skrifar.

3.

Ópersónulegt ljóð

Ópersónulegar sagnir tengjast oft löngun, þrá og skynjun (bæði andlegri og líkamlegri) eins og sést í listanum hér. Semdu nú hugleiðingu eða ljóð þar sem þú segir frá löngunum þínum og þrám í fyrstu persónu.

Dæmi: **Mig** dreymir að allir …

Mér finnst að sólin …

Hvaða sagnorð eiga við um veður?

Hjálpist að við að finna sem flest sagnorð og notið orðabækur til að ná sem mestum árangri. Hver þeirra eru ópersónuleg? Hvaða sagnorð finnst þér fallegast? En kuldalegast?

Mig		Mér	
langa	gruna	finnast	hlýna
dreyma	svíða (í sárið)	leiðast	kólna
syfja	vanta	líka	
þyrsta	verkja	þykja	
minna		sárna	

Sumar sagnir geta verið bæði persónulegar og ópersónulegar. Til að greina á milli þarf að skoða merkingu þeirra:

Ég minni þig á veisluna á morgun, ekki gleyma að kaupa gjöf.

Mig minnir að það sé veisla á morgun.

Í fyrra dæminu er verið að minna á veisluna en í því seinna minnir mig (en er ekki viss) að veislan sé á morgun. Og þar greinir á milli. Fyrri sögnin er persónuleg og sú seinni ópersónuleg.

Prófaðu að segja þessar setningar og skipta um persónu og tölu, hvaða mun finnurðu eða heyrir?

Áhrifssagnir og áhrifslausar sagnir

Það liggur í orðunum hvað átt er við, eða hvað? Áhrifssagnir hafa áhrif – en á hvað?

Jú, eins og forsetningar (sem fjallað var um í öðrum kafla) **stýra áhrifssagnir falli fallorðanna sem þær standa með**, þær hafa þau áhrif að fallorðin standa í aukafalli:

Kötturinn **veiðir** fisk (þf.).

Kötturinn **kyngir** fiskinum (þgf.).

Kötturinn **saknar** fisksins (ef.).

Áhrifslausar sagnir hafa ekki þessi áhrif, annað hvort standa þær án fylgiorðs (og segja fulla hugsun) eða þeim fylgir fallorð í nefnifalli:

Það **snjóar**.

Ég **heiti** Guðmundur (nf.).

Ég **er** málari (nf.).

Ég **verð** góður (nf.).

Fallorð sem stendur með áhrifssögn kallast andlag. Fallorð sem stendur á eftir áhrifslausri sögn er kallað sagnfylling.

4.

Áhrifslausar sagnir

Sagnirnar vera, verða, heita og þykja eru áhrifslausar. Semdu tvær ólíkar setningar um hverja þeirra og kannaðu hvort reglan um þær standist ekki í öllum tilfellum.

5.

Áhrifssagnir og áhrifslausar sagnir

Greindu sagnirnar í textanum í áhrifssagnir og áhrifslausar:

Mummi er tólf ára borgarbarn. Hann kynnist ævisagnaritara sem fær áhuga á að skrá sögu hans. Árangurinn af því samstarfi verður þessi óvenjulega „ævisaga“, bráðskemmtileg frásögn af Reykjavíkurpilti sem býr einn með móður sinni. Margt er hverfult í lífi hinna fullorðnu og erfitt fyrir ungan pilt að átta sig á þeim lögmálum sem þar ráða. En Mummi er svo heppinn að kynnast hestamanni sem fær mætur á honum. Hestamennskan verður honum ástríða og uppspretta ævintýra. Þar öðlast hann líka vináttu sem reynist honum afar dýrmæt.

Nokkrar áhrifssagnir geta haft áhrif á fall tveggja orða í einu:

Ég gef honum (þgf.) bók (þf.).

Þau bjóða gestunum (þgf.) fisk (þf.).

Hvað gerirðu þegar þú gleðst? Hvaða sagnorð nær að lýsa því best? Eru þau fleiri en eitt? Hvaða sagnorð lýsir best viðbrögðum þínum þegar þú missir af einhverju sem þig langar að taka þátt í, hvað gerirðu þá?

Hættir

Við notum sagnorð m.a. til að staðhæfa eitthvað, láta í ljós ósk, skipa fyrir og spyrja einhvers:

Viltu **fara** út með ruslið?

Þú **ferð** út með ruslið í leiðinni, er það ekki?

Þótt ég biðji þig fallega **ferðu** ekki út með ruslið, er það?

Ég **færi** út með ruslið fyrir þig fyrir eitt orð!

Bara að þú **farir** út með ruslið, þá er tiltektinni lokið.

Förum út með ruslið, þú einn poka og ég annan.

Farðu út með ruslið!

Af hverju **fórstu** ekki út með ruslið?

Þú **færir** ekki út með ruslið þótt líf þitt lægi við!

Ég **fer** þá bara út með ruslið!

Munurinn á sögninni að **fara** leynir sér ekki í þessum dæmum, bæði ritháttur og merking og það sem veldur þessum mun eru hættir sagna. Þeir eru sex og skiptast í tvo flokka, persónuhætti og fallhætti. En hvað eru þá þessir hættir og hvenær notum við hvern? Byrjum á að skoða persónuhættina.

Persónuhættir beygjast eftir persónum, þ.e. sagnirnar eru persónulegar og breytast eftir persónu, tölu og tíð.

Framsöguháttur (fh.) er algengastur og hann notum við þegar við:

- fullyrðum: Ég **sagði** þér það, þú **trúir** mér bara aldrei.
- spyrjum: Hvað **segir** þú? **Trúðir** þú þessu?

Boðháttur (bh.) hefur þá sérstöðu að hann er aðeins notaður í annarri persónu þegar við …

- biðjum um eitthvað: Afi, **viltu** standa hjá mér?
- skipum fyrir: **Standið** upp!

Viðtengingarhátt (vh.) er hægt að nota þegar við látum í ljós …

- viðurkenningu: Þótt hún **sé** gömul er hún góð.
- ósk: **Gæti** ég fengið meira?
- skoðun: Mér **þætti** það ekki verra.
- eitthvað skilyrðisbundið: Hann **færi** ef hann **gæti**.
- eitthvað mögulegt: Íslendingar **yrðu** hoppandi glaðir **ynnu** þeir leikinn.
- skýringu: Ég vissi að súpan **yrði** betri með meira salti.

Í sumum tilfellum eru sagnir í framsöguhætti og viðtengingarhætti eins en auðvitað er það merkingin sem ræður hvor hátturinn er í setningunni. Til að greina á milli er gott að nota hjálparorðið þótt eða skipta um tíð:

Hver er munurinn á merkingu þessara málsgreina?

Mér þykir hvítur ís góður.

Mér þætti ísinn betri væri hann hvítur.

Fengi ég hvítan ís væri ég sátt.

Framsöguháttur	Viðtengingarháttur
Ég **segi** satt!	Ég verð skömmuð þótt ég **segi** satt (nt.).
Ég **kallaði** í Svein en hann heyrði ekki	Sveinn heyrði ekki þó að ég **kallaði** í hann (þt.).
Ég **talaði** við hana	Þótt ég **talaði** við hana hafði það engin áhrif (þt.).

6.

Að bíta

Hér sérðu sögnina að bíta í framsöguhætti og viðtengingarhætti. Skrifaðu nú niður setningar með henni þar sem þú setur fram:

a. fullyrðingu

b. ósk

c. eitthvað mögulegt

d. vafaatriði

e. spurningu

f. eitthvað skilyrðisbundið.

Framsöguháttur				
Nútíð				
	et.		ft.	
1. p.	ég	**bít**	við	**bítum**
2. p.	þú	**bítur**	þið	**bítið**
3. p.	hann	**bítur**	þeir	**bíta**
	hún		þær	
	það		þau	

Þátíð				
	et.		ft.	
1. p.	ég	**beit**	við	**bitum**
2. p.	þú	**beist**	þið	**bituð**
3. p.	hann	**beit**	þeir	**bitu**
	hún		þær	
	það		þau	

Viðtengingarháttur				
Nútíð				
	et.		ft.	
1. p.	ég	**bíti**	við	**bítum**
2. p.	þú	**bítir**	þið	**bítið**
3. p.	hann	**biti**	þeir	**bíti**
	hún		þær	
	það		þau	

Þátíð				
	et.		ft.	
1. p.	ég	**biti**	við	**bitum**
2. p.	þú	**bitir**	þið	**bituð**
3. p.	hann	**biti**	þeir	**bitu**
	hún		þær	
	það		þau	

7.

Úr einum hætti yfir í annan

Breyttu sögnunum sem eru í viðtengingarhætti í framsöguhátt og skoðaðu hvaða áhrif sú breyting hefur á textann.

Okkur þykir leitt að tilkynna þér að vegna nauðsynlegra viðgerða á stiganum í sameign fjölbýlishússins Hamrabergi 6 gætir þú orðið fyrir þeim óþægindum að komast annaðhvort ekki heim til þín eða að heiman aðfaranótt 22. apríl.
– Við munum leggja okkur fram um lágmarks ónæði á þeim tíma sem viðgerðin stendur yfir en getum ekki ábyrgst að íbúar mæti fullhvíldir til vinnu þann 22. apríl.
– Við getum ekki ábyrgst skaða sem gæti hlotist af því ef íbúar reyna að stökkva á milli hæða meðan á viðgerð stendur.
– Við biðjumst velvirðingar á þeim truflunum sem viðgerðin kann að hafa á íbúa.

Af hverju ætli viðtengingarháttur sé svona algengur í veðurspám og stjörnuspám?

Það gæti skollið á með stórhríð …

Við vaxandi tungl ætti félagslíf þitt að aukast til muna …

Fallhættirnir beygjast ekki eftir persónu, tölu eða tíð og þeir standa í stað fallorða í setningum.

Nafnháttur (nh.) er nafn sagnarinnar. Hann er algengur í öllum texta og við notum hann …

- í fullyrðingum: Ég er að **fara** heim.
- í spurningum: Viltu **borða** meiri fisk?
- þegar við nefnum athafnir: Þetta heitir að **dansa**. Ég kann að **fara** heljarstökk.

Með sögn í nafnhætti fylgir oft smáorðið **að**: Ég er **að koma**, eigum við ekki **að drífa** okkur?

Það er þó ekki algilt, stundum er ekkert nafnháttarmerki: Viltu **koma** með? Til að vera viss hvort sögnin sé í nafnhætti má skipta út persónu og ef sögnin helst óbreytt er hún í nafnhætti:

- Viltu **koma** með – vilja þeir **koma** með?

Eru sagnirnar hér allar í nafnhætti?

Þeir koma á morgun. Þær ætla að fara annað kvöld. Standa þau ekki alltaf saman? Við viljum líka standa saman.

Lýsingarhátt nútíðar (lh.nt.) notum við iðulega í stað lýsingarorðs eða nafnorðs og hann endar alltaf á -andi:

Hér er *grátandi* barn. Barnið er *hlæjandi*.

Ef orð sem endar á -andi getur bætt við sig greini, þá er það nafnorð:

nemandi – nemandinn, eigandi – eigandinn.

Lýsingarhátt þátíðar (lh.þt.) notum við þegar við lýsum því sem einhver varð fyrir og stundum þegar við segjum frá því sem er lokið (þess vegna er hann lýsingarháttur **þátíðar**):

- Maturinn var **borðaður**.
- Hann var **skammaður**.
- Hún var **skömmuð**.

Tekurðu eftir einhverju sérstöku í þessum setningum? Eru fleiri en ein sögn í hverri þeirra?

Það er nefnilega eitt einkenni lh.þt., hann er myndaður með öðrum sögnum, svokölluðum hjálparsögnum: **hafa**, **vera** og **verða**, **geta**, **eiga** og **fá**.

Þær sagnir teljast ekki sem lh.þt. heldur sem framsöguháttur.

Ég hef (fh.) smakkað (lh.þt.) hákarl.

Hann gat (fh.) farið (lh.þt.) heim.

Hún hafði (fh.) lesið (lh.þt.) vel fyrir prófið.

Annað sem þú hefur kannski rekið augun í er að sagnorð í fallhætti breytast ekki eftir kyni gerandans, nema sagnorð í lh.þt., þau eru til í öllum kynjum, báðum tölum og hann má fallbeygja:

Hann var skoðaður, hún var skoðuð og það var skoðað.

Þeir voru mataðir, þær voru mataðar og þau voru mötuð.

Hér er fullt af vel byggðum húsum, hér er líka fjöldi illa byggðra húsa.

8.

Lýsingarháttur þátíðar

Nú skaltu búa til setningar með sögnunum **búa**, **flytja**, **ganga**, **sigla**, **semja** og **þora** í lýsingarhætti þátíðar. Notaðu hverja hjálparsögn að minnsta kosti einu sinni.

9.

Hefur þú ...

Hvað hefur þú gert eða upplifað, eitthvað – óvenjulegt eða ekki, sem enginn í bekknum veit af?

Skrifaðu það í einni málsgrein á miða og hafðu textann í þátíð.

Dæmi: Borgarstjórinn heilsaði mér.

Ég fór í flúðasiglingu.

Gættu þess að enginn sjái miðann (þú mátt líka reyna að breyta skriftinni þinni þannig að hún þekkist síður).

Miðunum er nú safnað saman og síðan dregur hver og einn miða (ef þú dregur þinn miða þarftu að skipta við einhvern).

Nú þarf að finna eiganda hvers miða.
Notaðu lýsingarhátt þátíðar þegar þú spyrð:

Ólafur, hefur þú *farið* í flúðasiglingu?
Nanna, var þér *heilsað* af borgarstjóranum?

Þú mátt spyrja tvisvar en hafirðu ekki fundið réttan eiganda þarftu að hvíla og leyfa næsta að taka við. Röðin kemur aftur að þér síðar. Þegar allir hafa fundið eiganda miðanna er leiknum lokið.

Ég fór ...

Borgarstjórinn ...

ÉG ...

Ég ...

Ég ...

10.

Lýsingarháttur þátíðar, hvað er nú það?

LÝSINGARHÁTTUR ÞÁTÍÐAR
HVAÐ ER NÚ ÞAÐ?

Beygingarfræði orðanna er, að mati Ásgerðar Jónsdóttur, meginstyrkur hvers tungumáls.

Í BARNASKÓLA, 10–12 ára, lærði ég að lýsingarháttur þátíðar væri tiltekin beygingarmynd sagnorðs mynduð af aðalsögn málsgreinar og hjálparsögnunum hafa, vera og verða (og einnig eiga, fá og geta). Ég hef kunnað þetta síðan eins og sjálfsagðan hlut enda heyrt það í daglegu tali og lesið af ritmáli. Ég hygg, að liðnar kynslóðir hafi varðveitt vel beygingarmátt íslenskrar tungu, einnig þennan þátt hennar.

Hin síðustu 10–12 ár hefur hallað undan fæti beygingarfræðinnar samkvæmt lögmáli fallhraðans og nú er lýsingarháttur þátíðar með hjálparsögninni að hafa nálega horfinn úr mæltu máli og stefnir á grafarbakkann í rituðu máli. Í stað þess að nota þessa fáorðu áferðargóðu sagnbeygingu eru menn „búnir að“ hinu og þessu. Búinn og búinn og búinn með runu af nafnháttum í kjölfarinu. „Búinn að búa“ hér eða þar. „Búinn að vera að gera“ og „búinn að vera að vera“ þetta eða hitt. Nýlega heyrði ég einn dálætis útvarpsmann segja orðrétt: „Við erum búin að vera að tala um að …“ Hér er svigrúm fyrir þriðja nafnháttinn í röð. Það er ekki fagnaðarefni fyrir íslenskt tungutak og ritstíl ef þessi nafnháttaruna nær að útrýma öðrum gagnorðari og agaðri beygingarmyndum sagnorða. Ég leyfi mér hér með að vekja athygli á þessu fyrirbæri svo og á fleiri atriðum, sem mér hafa þótt miður fara varðandi málfræði.

Morgunblaðið 11.05. 1997.

Sú sem hér skrifar er ekki ánægð með hvert íslenskan stefnir. Spreyttu þig á að lagfæra textann hér á eftir og notaðu lýsingarhátt þátíðar þar sem hann á við.

> Ég er sko búin að eiga góða helgi, búin að fara í bíó, búin að fara að kaupa mér sjúklegan síma, búin að fara í veislu til bestu frænku og bara búin að tjilla og hafa það næs.
>
> Já, vá, ég er líka búinn að gera fullt af skemmtilegum hlutum um helgina. Ég er búinn að hvíla mig í botn og búinn að hlusta á geggjaða tónlist.

11.

Nói

Finndu sagnirnar í þessari frétt *Baggalúts* og greindu þær í hætti.

Gamli Noah

Hananú!

Þá á loks að fara að sýna stórslysamyndina um arkarsmiðinn knáa Nóa Lameksson. Þessa sem var tekin hér á landi, því hér er alltaf ausandi rigning, hér má plata tökulið út á rúmsjó í snarvitlausu veðri og hér þrífast passlega fáar dýrategundir.

En hvað ætli þetta þrekvirki sé svo kallað?

NOAH.

Hugsið ykkur! Við sem umbárum titla á borð við *Logandi hræddir, Tveir á toppnum, Aftur til framtíðar, Ógnareðli, Beint á ská* og *Bilun í beinni útsendingu*. Eigum við nú að flykkjast á mynd um einhvern … Noah?

Fari það tólfbölvað í táfúla sokkaskúffu þess í neðra að maður láti bjóða sér þessa daunillu dellu.

Var ekki næg niðurlæging að horfa upp á sjálfan Ása-Thor og vini hans í Asgard? Sem Marvel veldið er búið að gúmhúða í höfundarverjur sínar – og þjösna sleipiefnalitlu upp bifröstina á okkur.

Á nú að afþýða Biflíusögurnar líka?

Og hvar endar þetta eiginlega? Ætlum við möglunarlaust að syngja um Gamla Noah sem keyrir beinskipta kassabíla, poppar (popp) og kyssir giftar konur?

Ég held nú síður.

Það var bara einn náungi sem hlustaði á veðurspána, fór á svig við öll heilbrigðis-, sóttvarnar- og dýraverndunarlög og stóðst það að fá sér feita nautasteik eftir að hafa bjargað mannkyninu frá glötun.

Og hann hét Nói.

Málsnið og málnotkun

Í daglegum samskiptum við vini og fjölskyldu viljum við vera frjáls og afslöppuð, við viljum að fólk heyri hvað við segjum en ekki endilega hvernig við segjum það. Ef okkur verður á að mismæla okkur, ruglast í fallbeygingu og nota slangur og slettur viljum við samt geta treyst því að fólk heyri og skilji það sem við meinum en hengi sig ekki í málfarið.

Það koma hins vegar oft upp aðstæður þar sem við verðum að vanda mál okkar, bæði í talmáli og ritmáli. Og þá þurfum við að gera greinarmun á réttu og röngu máli og á því sem kallast vandað og óvandað málsnið.

En hvað telst þá rétt mál og hvað ekki?

- Að fylgja málfræðireglum og málvenjum er rétt mál (og mundu að málfræðireglur eru ekkert annað en lýsingar á málvenjum).

Rétt mál:

- Ég fór og lék við vin minn.
- Ég er að fara til Jóns Þórs.
- Mig langar í pylsu! Mig langar í pulsu! Pylsa og pulsa er hvort tveggja rétt, það er aðeins mismunandi málvenja sem ræður því hvort orðið er notað.

Rangt mál:

- Ég fór og leikti við vin minn. Sterka sögnin að leika fær hér endingu veikrar sagnar.
- Ég er að fara til Jón Þórs. Hér hefur gleymst að fallbeygja Jón.

Öll kunnum við og beitum ólíkum málsniðum, allt eftir aðstæðum. Okkur kann að finnast sum málsnið betri en önnur eða einfaldlega flottari því málsnið geta verið smekksatriði. Að nota vandað mál felst fyrst og fremst í því að fylgja málfræðireglum og málvenjum og að nota orð við hæfi.

Við hvaða aðstæður þarftu að vanda mál þitt?

Í hinu kæruleysislega málsniði (sem við notum stundum í talmáli og rafmáli) getum við verið frjáls og afslöppuð en að sama skapi þurfum við að skilja að í samfélaginu koma mjög oft upp aðstæður þar sem þess er krafist að við notum vandað málsnið.

Málfræ sem falla í grýttan jarðveg

Allar kynslóðir eiga sínar ambögur og sínar útgáfur af misskilningi í tungumálinu. Þær eru misalvarlegar og sumar þeirra eru umdeilanlegar. Það eru ekki allir sammála um hvort þær séu rétt eða rangt mál, gott eða vont. En af því að þú hefur framtíð íslenskunnar í hendi þér er gott að þú veltir þeim fyrir þér. Ertu til í það?

Það var hrint mér!

„Það var hrint mér!“ sagði drengurinn og fór að gráta.

„Þú átt að segja mér var hrint,“ sagði kennarinn.

Og hvor hafði nú rétt fyrir sér, drengurinn eða kennarinn?

Í samfélagi sem er í sífelldri þróun breytist tungumálið óhjákvæmilega líka. Ný orð líta dagsins ljós sem og nýjar málvenjur. Um sumar breytingar næst samstaða á meðan aðrar eru aðeins viðurkenndar af ákveðnum hópum.

Er hægt að tala um málvenju ef orðanotkunin er umdeilanleg og hún er ekki samþykkt af öllum málnotendum? Getur orðanotkun orðið að málvenju ef meirihluti þeirra sem nota hana eru börn og unglingar?

Geturðu nefnt dæmi um orðanotkun sem unglingar nota og er viðurkennd málvenja?

Getur ein og sama orðanotkunin verið viðurkennd málvenja í talmáli en ekki í ritmáli?

Skoðaðu þetta – hvor orðanotkunin er þjálli? Hvor heldurðu að sé viðurkennd og af hverju?

Það var sagt mér.

Mér var sagt.

Það var kýlt mig.

Ég var kýldur.

12.

Án sagnorða

Semdu ljóð án sagnorða. Hafðu það að minnsta kosti fimm línur.

13.

Rangt verður rétt

Hvað er rangt í dæmunum hér? Skoðið feitletruðu orðin og finnið út hvernig textinn á að hljóma svo vel fari.

- Tölvan **frosnar** alltaf.
- Ísinn er **frosnaður**.
- Hún **hengur** alltaf í tölvunni.
- Flaskan er **óopin**.
- Blaðsíðan er **kössótt**.
- Ég var að spá í **þessu**.
- Ég var á gangi þegar **eitthver** sagði mér **einhvað** eða **eikkvað** …
- **Víst** að þú ert svona leiðinlegur við mig þá færðu engar ólífur.
- Ég þoli ekki þegar einhver **sé** leiðinlegur.
- Ef það **sé** í lagi.
- Farið **fyrir** bak við hús.

14.

Finnst þér mikilvægt eða ekki að vanda mál sitt? Rökstyddu svarið.

15.

Spurðu foreldra, afa eða ömmu hvaða breytingum í íslensku þau hafa tekið eftir í áranna rás.

Ertu að … ?

Ein tilhneiging í tungumálinu í dag er að flækja hlutina með því að nota sögnina **vera** fram úr öllu hófi. Kannastu við þetta?

- **Ertu** að sjá þetta? Ég **er** ekki að skilja neitt í þessu. Ég **er** ekki að fíla þig.
- Réttara (og skýrara og einfaldara) er að segja: **Sérðu þetta? Ég skil ekki neitt í þessu. Ég fíla þig ekki.**

Þessi tilhneiging er svo rík að árið 2013 birti ljóðskáldið Bjarki Karlsson heilt ljóð sem er í raun leikur með þessa málnotkun.

Ég er að elska þig

Ég er ekki að skilja hvað í mér ég finn
er þó að gruna þetta um sinn:
að þú sért að melda þig mjög hjá mér inn.
Mér er að lítast á þig.

Saman við erum að taka loks tal
að trúa því naumast ég vera að skal
en ég er að játa að ég á ei val:
ég er að kunna við þig.

Já, eitthvað er farið að fara af stað
að finna það er ég, en veit ekki hvað,
Þó er ég mikið að meina það
að mig sé að langa í þig.

ég er að vera að vera þér hjá
og vera að faðma þig, hjala og kjá.
er ég loks að fatta hvað ég er að spá:
ég er að elska þig.

Við erum að ganga um gæfunnar brú,
goðinn að vígja okkur saman er nú.
Við jarðarmen ertu að játast mér, frú,
og ég er að eiga þig.

Við erum að ganga um ævinnar braut
og erum að lifa í gleði og þraut.
Við erum að líða um aldanna skaut.
Ég er ekki að skilja – við þig.

Meira um málfræði og málnotkun

Ef gerð yrði skoðanakönnun á meðal landsmanna um það hvað telst gott og rétt mál fengist örugglega nokkurn veginn skýrt svar sem margir gætu tekið undir og sagt:

> **„Já, einmitt svona notum við íslensku, einmitt svona gerum við og einmitt svona gerum við alls ekki.“**

Eða hvað? Gallinn er sá að þetta er ekki svona einfalt.

Það eru sannarlega til formlegar og opinberar reglur um það hvað má og hvað má ekki. En jafnvel þegar við erum upp á okkar allra besta þverbrjótum við margar reglur þegar við tölum hvert við annað. Þetta er afar eðlilegt og líka allt í lagi. Það eru líka til viðurkenndar málvenjur sem falla ekki að málfræðireglunum. Og það er líka allt í lagi. Hins vegar er varasamt að láta þessa tilhneigingu leka inn í ritmálið okkar.

Sumir kenna samfélagsmiðlum og netspjalli um þessa þróun. Af hverju? Vegna þess að í spjalli ertu í rauninni að nota talmál, jafnvel þótt þú skrifir á lyklaborðið – þú „talar“ við vini þína með lyklaborðinu og „segir“ þeim alls konar skemmtilega hluti. Hefur ritmáli kannski farið hnignandi af þessum sökum? Það er ekki svo gott að segja – en þeim mun mikilvægara að vera meðvitaður um það.

Ensku áhrifin – af hverju að berjast gegn þeim?

Öll tungumál lúta lögmálum og þau hafa hvert um sig reglur og viðmið. Íslenskan er þar í engu öðruvísi. Eitt og annað smitast á milli tungumála, t.d. eru ótal tökuorð í íslensku fengin úr erlendum tungumálum. En svo er annað sem við viljum standa vörð um, við viljum ekki að sérkenni íslenskunnar tapist. Þess vegna þurfum við að vera vakandi og vanda okkur. Auk þess sem óvandvirkni getur skapað ferlegan misskilning.

Enskan er alltumlykjandi tungumálið á heimsvísu og hefur því langmestu áhrifin.

Við getum tekið nokkur dæmi:

Íslenska: **Hafðu það gott eða njóttu dagsins** (þetta er hefðbundin, íslensk tjáning).

Enska: **Have a nice day** – eigðu góðan dag, en þetta orðalag heyrist sífellt oftar.

Það er margt gott við enskuna – ef þú kannt hana vel hefurðu í raun aðgang að stórum hluta mannkyns. En það má alls ekki gerast á kostnað íslenskunnar, því hún geymir sjálfsmynd þína og tengsl við samfélagið, menningararfinn og allt nærumhverfið. Hér er málnotkun sem verður sífellt algengari og er bein þýðing úr ensku:

Íslenska: **Ég ætla í sturtu**.

Enska: **I’m gonna take a shower** – bókstafleg þýðing í sömu orðaröð: Ég ætla að taka sturtu (sá sem á sturtuna verður væntanlega ekki mjög sáttur og spyr örugglega af hverju þú ætlir að taka hana og hvert þú ætlir að fara með hana).

16.

Þýðingar til gamans

Enskan er nokkurs konar alheimstungumál. Á flestum stöðum í heiminum getum við gert okkur skiljanleg ef við aðeins kunnum eitthvert hrafl í ensku. Það er því ekki að undra að á flestum ferðamannastöðum reyni heimamenn að hafa matseðla, auglýsingar og leiðbeiningar á ensku. En þar sem kunnáttan er oftar en ekki heldur yfirborðskennd og málfræðiþekking lítil þá grípa menn til orðabóka og þýða beint, orð fyrir orð. Útkoman er oft og tíðum æði skrautleg. Lagfærið þessar þýðingar svo að þær verði bæði réttar og skiljanlegar og valdi engum misskilningi.

Heimili óskast fyrir vingjarnlegan Labradorhund. Borðar hvað sem er – elskar börn

Auglýsing í búðarglugga

Fólki er stranglega bannað að tína blóm af öðrum leiðum en sínum eigin

Tilmæli í kirkjugarði

Hvers vegna að fara inn í einhverja aðra búð og láta svindla á sér? Komdu hingað!

Skilti fyrir utan verslun

Pelsar fyrir konur búnir til úr þeirra eigin skinni

Skilti í pelsabúð

Erum að hætta, þökk sé viðskiptavinum okkar

Skilti í verslunarglugga

Það er leyfilegt að vera í sportjakka við kvöldverðarborðið en ekki í buxum

Skilti í veitingasal á hóteli

Sérfræðingur í konum og öðrum sjúkdómum

Spjald á læknastofu

Allt vatnið sem er á boðstólnum hér hefur farið í gegnum framkvæmdastjórann persónulega

Á veitingastað

Öll slökkvitæki verður að prófa í það minnsta tíu dögum fyrir bruna

Reglur á hóteli

Hér eru nokkur gullkorn úr bæklingum og af umbúðum sem fylgja tækjum og reyndar hvers konar vörum.

Passar á eitt höfuð

Leiðbeiningar á pakka utan um sundhettu

Strauið ekki fötin á líkama

Á umbúðum fyrir straujárn

Viðvörun: Getur valdið syfju

Á svefnmeðali

Notist aðeins innandyra eða utandyra

Á jólaseríu

Varúð: Inniheldur hnetur

Á hnetupakka

Akið ekki bíl eða stýrið þungavinnuvélum

Á hóstamixtúru fyrir börn

Leiðbeiningar: Opnið pakka, borðið hnetur

Á hnetupökkum

Að lokum – þetta um málfræði og málnotkun

Ef þú vilt að tekið sé mark á þér – taktu þá ákvörðun um að vanda þig og verða einfaldlega ennþá betri í íslensku!

Taktu stöðuna!





Neisti

Einmitt þannig er listin ...

– Þetta byrjaði sennilega allt þannig að ég tók vitlausan strætó. Ég var búinn með landsprófið og á leið niður í Menntaskólann í Reykjavík en hitti náunga sem var að fara í inntökupróf í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Og ég fór bara með honum.

Þannig að ég fór í vitlausan skóla. Og missti þess vegna af því að mennta mig.

En ég er hrifinn af svona villum. Eins og þegar ég fór við annan mann að hitta vin minn áður en ég fór í skólann úti í Hollandi. Við fórum með pramma. Það var vitlaus prammi. Stoppistöðin kom aldrei þannig að við vorum allt í einu komnir á endastöð. Þá fór prammastjórinn út en við sátum eftir og þurftum að finna leiðina til baka.

Einmitt þannig er listin.

Birgir Andrésson / Þröstur Helgason skrásetti

Sennilega mætti segja að einmitt þannig sé lífið, eitt hliðarspor og lífið fer á allt annan veg en ætlað var.

- Skrifaðu stutt viðtal við unga manneskju sem ber yfirskriftina: Ef ég hefði bara snúið við!
- Amma var að gefa út endurminningar sínar og þar kemur fram að hún átti tvo vonbiðla. Hvernig hefði lífið leikið hana hefði hún valið „hinn“ manninn?
- Ef þú tækir vitlausa lest á leið upp á hótel, hvað væri það skemmtilegasta sem gæti komið út úr því? En hvað myndi hræða þig mest? Hvað væri mest spennandi?

8. kafli

Ljóð eru óð og góð

Markmið kaflans er að dýpka enn frekar skilning þinn og þekkingu á ljóðum og á því hvað greinir ljóð frá öðrum bókmenntaformum. Þótt ljóð séu stundum falin í rykföllnum bókum er ljóðrænt tungumál að finna alls staðar í kringum þig.



mjög óáreiðanlegt vitni. Afar auðtrúa. Hver sem er gæti talið henni trú um eitthvað – en það merkilega er að þetta er hennar eigin hugmynd – engin hefur komið þessu inn hjá henni. Allir hinir hafna þessu. Aldrei þessu vant syndir hún á móti straumnum. Þetta er hugarfóstur hennar sjálfrar."

„Og því skyldi Rudi Scherz vilja myrða fröken Blacklock?"

„Það er einmitt það, herra. Ég veit það ekki. Fröken Blacklock veit það ekki – nema hún sé mun betri lygari en ég held. Enginn veit það. Svo sennilega er það ekki rétt."

Hann andvarpaði.

„Hertu upp hugann, Craddock," sagði lögreglustjórinn. „Ég ætla að fara með þig í hádegisverð ásamt Sir Henry. Þann besta sem Royal Spa hótelið í Medenham Wells býður upp á."

„Þakka þér fyrir, herra." Craddock var eilítið undrandi á svip.

„Sjáðu til, við fengum bréf –" Hann þagnaði um leið og Sir Henry Clithering kom inn í herbergið. „Nú, þarna ertu, Henry."

Sir Henry sagði, kumpánlega að þessu sinni, „Daginn, Dermot."

„Ég er með nokkuð handa þér, Henry," sagði lögreglustjórinn.

„Hvað er það?"

„Dæmigert bréf frá gamalli læðu. Hún býr á Royal Spa hótelinu. Það er eitthvað sem hún heldur að við hefðum áhuga á að vita í sambandi við atburðinn í Chipping Cleghorn."

„Gömlu læðurnar," sagði Sir Henry sigri hrósandi. „Hvað sagði ég ykkur? Þær heyra allt. Þær sjá allt. Og gagnstætt því sem segir í málshættinum, spá þær öllu illu. Hvaða upplýsingar hefur þessi náð sér í?"

Rydesdale ráðfærði sig við bréfið.

„Skrifar alveg eins og amma mín gamla," kvartaði hann. „Eins og könguló hafi komist í blekbyttuna. Og sífelldar undirstikanir. Heilmikið um að hún voni að hún sé ekki að eyða dýrmætum tíma okkar til einskis en gæti ef til vill veitt okkur smá aðstoð, o.s.frv. Hvað hún heitir? Jane – eitthvað – Murple – nei, Marple. Jane Marple."

„Miskunsami Guð," sagði sir Henry. „Getur það verið? George, þetta er mín einstaka, eina og sanna, fjögurra stjörnu læða. Afburðalæðan, sú sem ber af öllum gömlum læðum. Og einhvern veginn hefur henni tekist að vera í Medenham Wells í stað þess að sitja í kyrrð og ró heima í St. Mary Mead, nákvæm-

Hér í síðasta kafla bókarinnar skoðum við hvernig hægt er að nota afar knappar ljóðabrellur til að gefa margt í skyn. Í sjötta kafla var fjallað um það hvernig smásaga er stór og viðamikil heild eins og ísjaki sem er að stórum hluta undir yfirborðinu. Og ef við höldum áfram með líkingar úr náttúrunni má segja að ljóð sé eins og

> **loftbólurnar sem fljóta úr hval upp á yfirborðið.**

Ljóðið getur þannig verið stór hvalur (eins og efnismikil skáldsaga); aðeins lítill hluti hans er sýnilegur þegar hann kemur upp til að anda en þú skynjar samt alla návist hans.

1.

Myndljóð

Mundu að allt í heiminum er efniviður í sköpun. Stundum er gott að leika sér með efnivið annarra og endurvinna hann. Hér sérðu myndir af ljóðum eftir jafnaldra þína. Nú skaltu verða þér út um blaðsíðu úr bók og leika þennan leik eftir.



Hluti fyrir heild

Í bókmenntaumræðu er hugtakið „hluti fyrir heild“ mikið notað þegar fjallað er um ljóð en það kemur líka oft fyrir í daglegu tali. Þegar fólk gengur í hjónaband hefur annar aðilinn beðið um hönd hins. Fólkið er auðvitað ekki að biðja um ‚höndina‘ heldur biðja hinn aðilann um að giftast sér. Þegar ljóðskáldið spyr í frægu ljóði „hver veit nema ljósir lokkar, lítill kjóll og stuttir sokkar, hittist fyrir hinum megin“ er skáldið líka að tala um konu, án þess að nefna konuna eða segjast vera að tala um konu.

Finndu dæmi um hluti fyrir heild í einhverju sem þú hefur heyrt eða lesið.

Myndmál – Er hægt að verða sjóveikur af ljóðum og myndmáli?

Þó að myndmál sé ekki að finna í öllum ljóðum er óhætt að segja að einhvers konar myndmál einkenni langflest ljóð. Með því að nota myndmál gefst manni kostur á að segja eitt fyrir annað og gefa stundum það þriðja í skyn. Helstu tegundir myndmáls eru bein mynd, viðlíking, myndhverfing og persónugerving.

Bréfberinn eftir Antonio Skármeta frá Síle fjallar um samskipti og kynni sautján ára bréfbera, Mario Jiménez, við hið heimsfræga ljóðskáld Pablo Neruda. Í kaflanum hefur Mario, sem er einfaldur og bláeygður sjómannssonur, spurt Pablo um myndhverfingar. Og Pablo svarar, fremur pirraður:

„[…] Ef þú vilt verða skáld skaltu byrja á því að hugsa á meðan þú gengur. Eða ertu kannski eins og John Wayne sem ekki gat gengið og tuggið tyggigúmmí á sama tíma? Nú hjólar þú meðfram ströndinni og inn í þorp og á meðan þú fylgist með sjávarganginum skaltu búa til myndhverfingar.“

„Gefið mér dæmi.“

„Hlustaðu á þetta ljóð: Hér í Isla Negra. Sjórinn, og hvílíkur sjór. Gengur inn í sjálfan sig sí og æ. Hann segir já, segir nei, segir nei. Segir já, bláleitur, freyðandi, stökkvandi. Segir nei, segir nei. Getur ei numið staðar. Ég er sjórinn, kallar hann sí og æ og lemur klöppina án þess að sannfæra hana. Þá beitir hann sjö grænum tungum, sjö grænum tígrum, sjö grænum hundum, sjö grænum höfum. Leikur um hana, kyssir hana og vætir, ber sér á brjóst og endurtekur nafn sitt.“ Sáttur gerði hann hlé á máli sínu. „Hvernig fannst þér?“

„Skrýtið.“

„Skrýtið? Þú ert aldeilis harður gagnrýnandi!“

„Nei, don Pablo, það er ekki ljóðið sem er skrýtið. Það sem er skrýtið var hvernig mér leið á meðan þér fluttuð það.“

„Minn kæri Mario, reyndu nú að koma reiðu á hugsanir þínar. Ég get ekki eytt öllum morgninum í þetta spjall okkar.“

„Hvernig get ég útskýrt þetta? Þegar þér fluttuð ljóðið fóru orðin hingað og þangað.“

„Eins og hafið!“

„Já, þau hreyfðust alveg eins og hafið.“

„Það er hrynjandin.“

„Og það var skrýtið, því mig fór að sundla af allri hreyfingunni.“

„Þig sundlaði.“

„Já! Ég var eins og bátur sem rak um í orðum yðar.“

Augu skáldsins lukust varlega upp.

„Eins og bátur sem rak um í orðum mínum.“

„Já!“

„Veistu hvað þú varst að enda við að búa til, Mario?“

„Hvað?“

„Myndhverfingu.“

„En það er ekki að marka hana, hún kom bara óvart.“

„Það er ekki til sú mynd sem ekki verður til óvart, sonur sæll.“

Spurningin var: Getur maður orðið sjóveikur af myndmáli og ljóðum? Og svarið er: Já, svo sannarlega. Einföld orð sem er rétt raðað saman geta kallað fram í okkur óteljandi tilfinningar, kenndir og hugsanir. Einmitt þess vegna beitum við alls kyns brögðum í málnotkun okkar, bæði þegar við skrifum ljóð og spjöllum saman um daginn og veginn.

Myndmál, eins og öll stílbrögð, eru leið okkar til að þétta mál okkar, skýra það og gera það enn áhrifaríkara.

2.
Bréfberinn

- Hver er John Wayne og af hverju segir Neruda þetta um hann?
- Hvað er áhrifamest í feitletraða textanum?
- Hefur þig sundlað af texta eða upplestri?
- Af hverju ljúkast augu skáldsins skyndilega upp?
- „Það er ekki til sú mynd sem ekki verður til óvart, sonur sæll.“ Hvað á skáldið við með þessu? Skilurðu skáldið og ertu sammála þessari fullyrðingu?
- Veljið annað hvort:
  - Setjið spjall þeirra Pablos og Marios upp í leikritaformi.
  - Flytjið ljóðrænan texta Pablos (feitletraða textann) sem ræðu með ljóðrænum og dramatískum tilþrifum.

Viðlíkingar eru þegar einum hlut er líkt við annan með orðunum eins og, líkt og eða sem. Dæmi: Augu þín eru eins og stjörnur sem glitra og ég er frjáls eins og fuglinn.

3.
Viðlíkingar

Finnið upp á fleiri viðlíkingum um lestur eða upplestur, t.d.:

„Þegar ég les ljóð líður mér eins og …“

„Þegar ég les ritgerð líður mér eins og …“

„Þegar ég les teiknimyndabók líður mér eins og …“

4.
Sveimur

sveimur

eins og eldflugur í ljósinu
utan við gluggann

íslensk
snjókorn

á aprílvori

Þorgerður Mattía

Geturðu komið auga á það hvernig þetta ljóð er viðlíking? Rökstyddu mál þitt.

5.

Myndmálun

Skilurðu hugtökin bein mynd, persónugerving, viðlíking, myndhverfing? Besta leiðin til að skilja og ná tökum á þeim er að prófa að nota þessi stílbrögð.

Semdu ljóð og æfðu þig í að beita fjölbreyttu myndmáli. Láttu síðan bekkjarfélaga þinn greina myndmálið í ljóðinu þínu, þannig færðu að vita hvernig þér tókst til.

Myndhverfing felst í samanburði tveggja ólíkra hluta án þess að nota hjálparorð á borð við, eins og, líkt og, sem og fleiri af því taginu.

Myndhverfing er algeng í daglegu tali því hún getur bæði verið

eitt orð: kattþrifinn, stólfótur, asnaprik, fjallabak

heil setning: nútíminn er trunta með tóman grautarhaus

eða **jafnvel heilt ljóð:**

Ásthildur

hárið stormsveipur öræfanna
augun stjörnuhrap vetrarins
nefið fjall sjóndeildarhringsins
varirnar mánasigð sólarlagsins
brosið sólskin jökulheimsins
hendurnar jafndægri haustsins
mjaðmirnar hvel heimskautsins
fæturnir veðrátta árstíðanna

Jónas E. Svafár

6.

„Góða kvöldið, er þetta hjá lögreglunni?“

Þessi stytta af ljóðskáldinu Tómasi Guðmundssyni eftir Höllu Gunnarsdóttur stendur við Tjörnina í Reykjavík (eða situr, öllu heldur). Hún vekur að vonum mikla athygli en hún kallar líka á annars konar viðbrögð. Sagan segir að fljótlega eftir að styttan var afhjúpuð hafi lögreglan farið að fá símtöl frá áhyggjufullum nágrönnum og bílstjórum:

„Já, er þetta hjá lögreglunni? Það situr maður á bekk við Tjörnina, þarna norðvestanmegin, og hann er að snjóa í kaf … þið þurfið að drífa ykkur á staðinn!“

Skrifið út frá þessari sögu:

a. ljóð
b. sögu
c. framhaldið á þessu símtali
d. samtal tveggja Íslendinga við erlendan ferðamann sem hefur miklar áhyggjur af manninum undir snjónum.

Ljóðin auglýsa merkingu – og auglýsa eftir lesanda

Eftirfarandi fjögur ljóð byggja á orðræðu auglýsinga, einkum smáauglýsinga.
Slík orðræða lýtur ákveðnum lögmálum – geturðu komið auga á þau?

Einkamálaauglýsing/sniðugar tækifærisgjafir

Karlmenn óskast
– helst einn á dag

(já og snjóbretti
– má vera notað)

hjarta

– þarfnast viðgerða
þó enn barmafullt
af trú, von og kærleika

fæst gefins á sama stað
gegn því að verða sótt

Heiða Dögg Liljudóttir

SMÁ – auglýsing

Framtíð tapaðist
í ferð til tunglsins.
Finnandi vinsamlegast
skili henni í næsta
kjarnorkuver.
Fundarlaun.

Sigurbjörg G. Friðriksdóttir

Smáauglýsing

Keypt og selt.

Maður án andlits óskar eftir andliti til kaups til að geta haldið fési.

Nafnleynd heitið ef þess er óskað.

Enginn Allslausson.
(síminn minn er týndur)

Hjörtur Sólrúnarson

Smáauglýsing II

Til sölu.

Nafnlaus hestur til sölu.
Hefur riðið í gegnum eyðimörk.

Tilboð óskast.

Hjörtur Sólrúnarson

7.

Ljóð breytast í sögur

Taktu eitthvert ljóðanna hér að framan og breyttu efni þess í stutta sögu, brandara eða frásögn úr daglegu lífi.

8.

Ljóðagreining

Ljóðgreining snýst fyrst og fremst um að taka vel eftir – ekki síst því sem leynist örlítið undir yfirborðinu. Hafðu þessar vangaveltur í huga við lesturinn á ljóðunum tveimur og skrifaðu svo greiningu á hvoru ljóði fyrir sig.

- Hver er ljóðmælandi (sá sem mælir fram ljóðið?)
- Hver er sagan í ljóðinu? Um hvað er ljóðið?
- Er ljóðið hefðbundið eða frjálst?
- Leitaðu að ljóðstöfum, rími og hrynjandi
- Hvaða andstæður eða hliðstæður kemurðu auga á í ljóðinu?
- Hvaða tegundir myndmáls notast ljóðskáldið við?

Huggun

Litla barn með lokkinn bjarta,
leggðu þig að mömmu hjarta,
hún skal þerra þína brá.
Seinna verður sorgin stærri
og sárari – en tárin færri.
Gott væri að mega gráta þá.

Halldóra B. Björnsson

Ævintýri á fjöllum

Fjallkonan spennir á sig hamrabeltið
og hendist niður hlíðina
dýfir könnu leiftursnöggt í lækinn
og þambar á hlaupum

Hún má engan tíma missa

Frést hefur að þýskur ferðamaður
reiki rammvilltur um sveitina
Hún ætlar að ná honum
áður en björgunarsveitin birtist

Það tekst henni líka,
bregður fyrir hann fæti
og fleygir í lyngið

Um kvöldið renna hundarnir
á lyktina
finna manninn
bundinn og blóði drifinn

Fagurhvítar fjallasóleyjar
balderaðar í hvíta bringuna

Gerður Kristný



Meiri myndljóð

Vegna þess að tungumálið er líka myndrænt og þar með eins konar myndlist (mundu að bókstafir eru í raun línuteikningar) hafa listamenn oft leikið sér með blöndu af þessu tvennu. Útkoman getur verið ótrúlega skemmtileg. Strangt til tekið er eina skilyrði ljóðs að það þurfi að innihalda orð. En samt er það ekki alltaf svo. Sjáið til dæmis þessi ólíku ljóð eftir Óskar Árna Óskarsson og Björk Þorgrímsdóttur:



Ólafur Árni Óskarsson



Björk Þorgrímsdóttir

9.

Bekkjarmyndin

(ljóð í anda upplýsingastefnunnar)



Anton Helgi Jónsson

- Hvaða áhrif hafa svona myndljóð á þig?
- Geturðu litið á þau sem ljóð eða finnst þér það skrýtin skilgreining? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
- Hvað eiga myndljóðin þrjú á opnunni sameiginlegt?
- Semdu myndljóð úr bókstafnum i eða öðrum bókstaf sem þér finnst henta fyrir þitt ljóð.

10.

Óorðuð jarðarför

Vinnið í hópum og setjið upp stuttan spunaleikþátt sem gerist í jarðarför. Þið megið ekki nota nein orð í spunanum – aðeins annars konar hljóð og líkamstjáningu.

Vandið uppsetningu og frágang bókarinnar, notið sem fjölbreyttastan efnivið og leyfið hugmyndafluginu að njóta sín.



11.

Útgáfa ljóðabókar

Vinnið þrjú til fjögur saman í hóp, semjið ljóð og gefið út ykkar eigin ljóðabók. Semjið átta ljóð eftir þessum hugmyndum:

- Í anda og orðræðu smáauglýsingar.
- Eldheitt ástarljóð.
- Með siðaboðskap fyrir unglinga.
- Með þremur línum, fimm atkvæðum í 1. línu og sjö atkvæðum í 2. og 3. línu.
- Klippa sundur eitt ljóð og raða því upp á nýtt.
- Frjálst.
- Með öðrum orðum en sömu ljóðstöfum og eru í ljóðinu „Haust“ eftir Elínu Eiríksdóttur.

Jörðin leggst í langan vetrardvala.
Lífið sefur rótt um myrka stund.
En seinna kemur sumarrós á bala
og sólin kyssir lautir, hæðir, sund.

Þannig lífið einlægt áfram heldur
og ávallt sigrar myrkur dauðaþraut.
Í sálu manns er óslökkvandi eldur
og er í leit að nýrri þroskabraut.

- Með öðrum orðum en sama endarími (kvenrím, karlrím) eins og í ljóði Elínar hér að ofan.
- Undir áhrifum myndanna hér til hliðar.

Ljóð er listrænt viðbragð

Eitt kallar á annað í heiminum, þurrkur kallar á raka, af hugmynd sprettur önnur hugmynd og þannig ganga tengsl á milli fólks og innan menningar og lista. Hefurðu heyrt um hið þunga mannshöfuð? Það er úr frægum ljóðlínum Sigfúsar Daðasonar sem hljóða svona:

> Mannshöfuð er nokkuð þungt / en samt skulum við standa uppréttir / og sumarið bætir fyrir flestar syndir okkar.

12.

Er mannshöfuð þungt?

Veltið fyrir ykkur hvað ljóðskáldið á við með þessum línum og finnið hvernig ótal spurningar vakna af þessum örfáu orðum:

> Af hverju er mannshöfuð nokkuð þungt? Og af hverju bara „nokkuð“ þungt? Hvað merkir orðið „samt“ í annarri hendingunni? Af hverju bætir sumarið fyrir syndir okkar? „Flestar syndir okkar“ segir ljóðskáldið – hvaða syndir bætir sumarið ekki fyrir?

Síðar steig Ingibjörg Haraldsdóttir fram sem ung skáldkona með ljóð sitt „Höfuð konunnar“ og þar kvað svo sannarlega við annan tón:

Höfuð konunnar (brot)

Höfuð konunnar er ekki þungt
Höfuð konunnar er
    mjallhvítur
    dúnmjúkur
    hnoðri

Höfuð konunnar siglir
á skærbláum sunnudagshimni
og hlær

***

Þótt höfuð konunnar
sé ekki þungt
getur oft verið erfitt
að halda því

svo ekki sé minnst
á andlitið

***

Höfuð konunnar dansar
á Klambratúni í kvöld
undir blindfullu tungli
og hálfnöktum trjám
við undirleik
tónsmiða haustsins

kjagandi
kroppandi
gargandi
tónsmiða haustsins

Ef við skiljum að menningin – og allt sem er í henni – er eins konar risastórt spjall á milli manneskja og hugmynda þá skiljum við líka að þarna fer fram samtal á milli tveggja ljóða.

Ljóðin kallast á.

Ljóðlínur Sigfúsar bera með sér ákveðna stemmningu og jafnvel þótt hann tali ekki endilega um *karlmannshöfuð* velur Ingibjörg að skrifa eins konar kvenlegt andsvar.

Svona sprettur eitt af öðru, sífellt, innan menningarinnar. Og það er afar mikilvægt að vera meðvitaður um það. Listamenn og skáld eiga sífellt í svona samtali, hvort sem þeir eru „alvarlegir“ og „djúpir“ eða „fyndnir“ og „flippaðir“.

Hvaða orðaleikur með orðtak fer fram í miðjuerindinu úr ljóði Ingibjargar?

13.

Botnaðu, botnaðu

Þetta er upphafssíðan í ljóðabálkinum *Frostfiðrildin* eftir Lindu Vilhjálmsdóttur. Botnaðu byrjunina með eigin orðum. Berðu saman við útgáfur bekkjarfélaganna. Fáðu svo kennarann til að sýna þér upprunalegu útgáfuna (þá „réttu“). Varstu nálægt því að klára þetta ljóð á svipaðan hátt og Linda?

nú veit ég það loksins
elskan mín

veit að hamingjan
er eins og æðardúnn

sem _____
í _____ _ _____ _____

Ljóðaheitur pottur – Rokk og sýnd og reynd og sitthvað fleira

Nú flettum við upp örmunum … eða brettum upp ermarnar og kíkjum á ljóð úr ýmsum áttum, bæði rokktexta og líka krefjandi ljóð sem vilja alls ekki láta skilja sig. Popptextar og rokktextar eru líka ljóð sem hægt er að lesa á blaði, án nokkurrar tónlistar. Þetta er texti við lag með hljómsveitinni Skepnu en höfundur textans er Hallur Ingólfsson.

Einn núll einn

Eðlishvöt
Heilbrigð þrá
Eða árátta
Fljótum löt
Straumþung á
Þreyja af dagsins vana og leiða

En hérna úti á gráum götum
Þar sem ást og ótti sína hildi há
Við líðum hvert hjá öðru eins og skeytingarlausir skuggar
Setjum svamp í eyrun þykjumst ekkert sjá

Nema eitt
Einn núll einn
Einn og ekki neinn
Einn og einn

Holdið hér
Heilinn þar
Tætt sú sál
Sprungum við
Innanfrá
Litrík augnlok svefninn leiða

Hefur þú heyrt að, hefur þú frétt að
Þessi borg sé nú að verða draugabær
Þó að enginn hafi dáið erum við öll orðin svo sérstök
Að við eigum ekkert lengur sameiginlegt

Nema eitt
Einn núll einn
Einn og ekki neinn
Einn og einn
Þetta brim ber mig innan frá
Blautt og kalt, sýrt og salt
Og hæsta talan er einn

- Hvernig skilur þú þennan texta?
- Hvað merkir þetta einn núll einn? En setningin „hæsta talan er einn“? Getur ljóðið haft fleiri en eina merkingu?

Að lokum – þetta um ljóð

Ekki láta plata þig til að halda að ljóð líti út á tiltekinn hátt. Staðreyndin er sú að orðið „ljóð“ er í dag eins og opinn flokkur. Strangt til tekið getur hver sem er ákveðið að hvað sem er sé ljóð – en því þarf gjarnan að fylgja einhver pæling eða rökstuðningur. Mundu þetta með loftbólurnar og hvalinn – ljóð er hvalur, jafnvel þótt þú sjáir aðeins glitta í hreyfingar hans undir yfirborðinu.

Taktu stöðuna!





Neisti

Línur á kjölum, ljóð í hillum

Ljóð er alls staðar að finna – ef þú leitar að þeim. Skrifaðu bókarkjalaljóð með því að nota:

- kili á námsbókum í kennslustofunni
- kili á bókum á skólabókasafninu
- kili úr bókahillunni heima hjá þér



Að lokum, með kveðjum

Hvernig lærðir þú að tala? Þurftir þú að setjast á skólabekk og fara í gegnum þykkar bækur og stranga þjálfun til að læra það? Nei, þú lærðir það með því að skynja, hlusta og prófa; með því að taka inn tungumálið í umhverfi þínu. Við tökum ekki meðvitaða ákvörðun um að læra grunn tungumálsins – það er meðfæddur hæfileiki þar sem við nýtum öll okkar skynfæri.

Við hvetjum þig til að lesa í allt umhverfi þitt, að sjá smáatriðin sem er að finna alls staðar, að æfa þig í að nota íslensku til að tjá þig og skapa, að leika þér með tungumálið eins og þú eigir það og á sama tíma bæta færni þína og tækni í t.d. stafsetningu og málfræði – því þetta hangir allt á sömu spýtunni. Sá eða sú sem hefur tekið ákvörðun um að skapa verður sjálfkrafa betri hlustandi og greinandi.

Markmiðið er að þú skiljir það sem þú lest eða heyrir, að þú getir notað orð með ólíkum blæbrigðum sem hæfa hverju tilefni, að þú hafir sjálfsöryggi til að láta í þér heyra, að þú þorir að láta rödd þína hljóma í ræðu og riti.

Íslenskan er miklu meira en einfalt verkfæri. Íslenskan ert þú og þú ert íslenskan.

Gangi þér vel og góða skemmtun!

Textatilvísanir

bls. 16 Kristín Jónsdóttir. 2010. *Bréf til næturinnar*, Félag ljóðaunnenda á Austurlandi.

bls. 17 Þú fullkomnar mig – Sálin hans Jóns míns (Guðmundur Jónsson), af plötunni *Pottþétt ást*, Skífan, 2002.

Hvolpaást – Emmsjé Gauti (Gauti Þeyr Másson), af plötunni *Þeyr*, EB Musiic, 2013.

bls. 27 Samtal úr útvarpsþættinum Vaktin: *Undarlegir megrunarkúrar, borðaðu bandorm og þú grennist*. Sótt 18.09. 2014 af http://vefutvarp.visir.is

Iðunn Steinsdóttir. 2007. *Mánudagar – bara einu sinni í viku*. Salka, Reykjavík.

bls. 28 Silja Björk Huldudóttir. 2010. „Fleiri unglingar vilja helst flytja út." *Morgunblaðið*, 82. tbl. 10.04.2010 bls. 14

Stöð 2, Söfnunin Líf, viðtal Eddu Andrésdóttur við Vigdísi Finnbogadóttur. 6. mars 2011. Sótt 18.09. 2014 af http://www.visir.is

bls. 30 Magnús Þór Jónsson (Megas) 2013. *Megas: textar 1966–2011*, JPV, Reykjavík.

bls. 33 Óttarr Proppé, þingmaður Bjartar framtíðar, 143. löggjafarþing – 58. fundur, 28. janúar 2014.

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, 143. löggjafarþing – 59. fundur, 29. jan. 2014.

bls. 36 Enid Blyton. 1982. *Ævintýraskipið*, Draupnisútgáfan, Reykjavík.

Gerður Kristný. 2008.*Garðurinn*, Mál og menning, Reykjavík.

bls. 42 Þórður Helgason. 1999. *Einn fyrir alla*, Mál og menning, Reykjavík.

bls. 45 „feitt", Aðalsteinn Eyþórsson, pistill á Árnastofnun.is. Sótt 18.09.2014 af http://www.arnastofnun.is

bls. 59 „Kryddjurtaræktun í stofuglugga." Gísli Marteinn Baldursson. Sótt 18.09. 2014 af http://www.gislimarteinn.is/?p=648

Trunt, trunt og tröllin: íslenskar þjóðsögur og ævintýri. 2009. Edda H. Svanhildardóttir safnaði sögunum. Námsgagnastofnun, Kópavogur.

bls. 62 „Viðurkenndu þrjú innbrot", Morgunblaðið, 24. janúar 2001. Sótt 18.09. 2014 af http://timarit.is/

bls. 64 Músíktilraunir og hálffull glös, Heiða Eiríksdóttir, 22. mars 2013. Sótt 18.09. 2014 af http://skemmtilegt.blogspot.com/

Lag dagsins: Marianne Faithfull- Why'd Ya Do It? Birgir Örn Steinarsson, 9. desember 2010. Sótt 18.09. 2014 af http://vasadisko.bloggar.is

bls. 69 Lesendabréf *Morgunblaðið* 09.11.1993. Sótt 18.09. 2014 af http://timarit.is

bls. 71 *Á jóladaginn þrettánda*. Hinrik Bjarnason. Sótt 18.09. 2014 af http://notendur.snerpa.is/systaoggaui/trettan-dagar-jola.htm

bls. 75 Olga Guðrún Árnadóttir. 1995. *Það á plánetunni jörð*. Mál og menning, Reykjavík.

bls. 76 Árni Bergmann. 2005. *Listin að lesa*, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

bls. 78 Halldór Kiljan Laxness. 2006. *Barn náttúrunnar*. Vaka–Helgafell, Reykjavík.

bls. 80 Ásgeir Jakobsson, „Grátur, rassskelling og þrælavinna." *Morgunblaðið*, 25. ágúst 1985. Sótt 18.09. 2014 af http://timarit.is

bls. 84 Guðni Gíslason. „Leiðarinn." *Fjarðarpósturinn*, 29.09.2011. Sótt 18.09.2014 af http://www.fjardarposturinn.is/ (brot)

„Skemmdarverk eða list?" *Fréttablaðið*, 18.07. 2005, bls. 20. Sótt 18.09. 2014 af http://timarit.is/

bls. 85 Elías Jón Guðjónsson. „Þetta er gjaldþrota stefna." *24 stundir*, 06.12.2007. Sótt 18.09.2014 af http://www.mbl.is

bls. 86 „Fimm á dag ekki nóg." Mbl.is 07.04. 2014. Sótt 18.09. 2014 af http://m.mbl.is

bls. 87 Sigurlín Bjarney Gísladóttir, *Fjallvegir í Reykjavík*, Nykur, Reykjavík.2007.

bls. 89 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html

bls. 90 Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir. 2010. *Kynungabók: upplýsingar fyrir ungt fólk um jafnrétti kynja*, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík. Sótt 18.09. 2014 af http://www.menntamalaraduneyti.is

bls. 92 Álfgeir Logi Kristjánsson, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Hrefna Pálsdóttir. 2012. Ungt fólk 2012: Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla, Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Reykjavík. Sótt 18.09. 2014 af http://www.rannsoknir.is

bls. 102 Ylfa Ósk Áskelsdóttir og Ösp Kristjánsdóttir, „Stígðu á stokk stúlka! Greinargerð með kennsluefni" Sótt 18.09. 2014 af http://skemman.is

bls. 105 Garðar Gíslason. 2008. *Félagsfræði. Einstaklingur og samfélag*. Mál og menning, Reykjavík.

bls. 116 Jón Gunnar Þorsteinsson, „Hvað merkir hugtakið smásaga?". Vísindavefurinn, 18.02.2009. Sótt 18.09.2014 af http://www.visindavefur.is/svar.php?id=50254

bls. 118 Andrea Dagbjört Pálsdóttir, *Handan hæðanna, við enda regnbogans* (óútgefin smásaga).

bls. 120 Diljá Guðmundsdóttir, *Eina stjörnubjarta nótt* (óútgefin smásaga).

bls. 124 Jónas Reynir Gunnarsson. 2013. „Hversdagshetja" úr *Hvísl*, Blekfjelagið, Reykjavík.

bls. 126 Guðmundur Óskarsson. 2007. *Vaxandi nánd: orðhvíður*, Nykur, Reykjavík.

bls. 127 Æsa Strand Viðarsdóttir. 2012. „8. desember", úr *Jólabók Blekfjelagsins* (ritstj.: Björk Þorgrímsdóttir, Dagur Hjartarson, Helga Ágústsdóttir, Kristian Guttesen), Blekfjelagið, Reykjavík.

bls. 129 Gamlar auglýsingar sóttar 18.09.2014 af http://timarit.is/

Alþýðumaðurinn, 21. september 1943, Auglýsarinn, 19. janúar 1902 og 9. mars 1902.

Alþýðublaðið, 4. nóvember 1943.

bls. 131 Sigrún Valdimarsdóttir, „Útburðurinn", óútgefið.

bls. 138 Birgitta Jónsdóttir. 1989. *Frostdinglar*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

bls. 149 „Gamli Noah" Baggalútur. 25.03.2014 Sótt 18.09.2014 af http://www.baggalutur.is/skrif.php?id=1837

bls. 153 Bjarki Karlsson. 2013. *Árleysi alda*, Uppheimar, Akranes.

bls. 158 og 159 Myndljóð eftir nemendur í 10. bekk veturinn 2013–2014.

bls. 160 Antonio Skármeta. 2013. *Bréfberinn*, Sögur, Reykjavík.

bls. 162 Þorgerður Mattía. 2008. *Uppsveifla/Niðursveifla*, Nykur , Reykjavík.

bls. 163 Jónas E. Svafár. 1986. *Sjöstjarnan í meyjarmerkinu – myndljóð*. Vaka–Helgafell, Reykjavík.

bls. 164 Heiða Dögg Liljudóttir, „ Einkamálaauglýsing/sniðugar tækifærisgjafir", birt á http://www.ljod.is

Sigurbjörg G. Friðriksdóttir, „SMÁ – auglýsing", birt á http://www.ljod.is

Hjörtur Sólrúnarson, „Smáauglýsing", birt á http://www.ljod.is

Hjörtur Sólrúnarson, „Smáauglýsing II", birt á http://www.ljod.is

bls. 165 *Stúlka: Ljóð eftir íslenskar konur*. 1997. Helga Kress valdi efnið. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Gerður Kristný. 2007. *Höggstaður*, Mál og menning, Reykjavík.

bls. 166 Óskar Árni Óskarsson. 1997. *Ljóð án orða*, Bjartur og frú Emilía, nr. 25.

Björk Þorgrímsdóttir. 2014. *Neindarkennd*, Meðgönguljóð, Reykjavík.

bls. 167 Anton Helgi Jónsson.2009. „Bekkjarmyndin", tekið úr safnritinu *Af steypu*, Nýhil, Reykjavík.

bls. 168 Elín Eiríksdóttir. 1955. *Söngur í sefi*, Reykjavík.

bls. 169 Ingibjörg Haraldsdóttir. 1995. *Höfuð konunnar*, Mál og menning, Reykjavík.

bls. 170 Linda Vilhjálmsdóttir. 2006. *Frostfiðrildin*, Mál og menning, Reykjavík.

bls. 171 Hallur Ingólfsson. 2013 „Einn núll einn", af plötunni *Skepna*, Reykjavík.

Annað ítar- og stuðningsefni:

Blichfeldt, Kathinka, Heggem, Tor Gunnar og Larsen, Ellen. 2006. *Kontekst 8-10, basisbok*. Oslo, Gyldendal.

Carter, Ronald o.fl. 2001. *Working With Texts: A core intro-duction to language analysis*. London og New York, Routledge.

Baldur Sigurðsson. 2004. "Hvernig á að kenna atviksorð?" *Hrafnaþing, ársrit íslenskukennara í KHÍ*. 1. árg. 2004 bls. 41–56.

Baldur Sigurðsson. 2006. "Forsetningar í markmiðum málfræðinnar." *Hrafnaþing, ársrit íslenskukennara í KHÍ*. 3. árg. 2006 bls. 81–103.

Eríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands: http://uni.hi.is/eirikur/http://uni.hi.is/eirikur/

Skrá yfir rétthafa © ljósmynda og annars myndefnis

Myndverk á forsíðu: Ragnhildur Jóhannsdóttir, „hjarta hennar"

bls. 5	Ragnhildur Jóhannsdóttir, án titils
bls. 14	Aaron Aman/Shutterstock.com
bls. 22	Aaron Aman/Shutterstock.com
bls. 25	Maya Kruchankova/Shutterstock.com
bls. 31	Leerobin/Dreamstime.com
bls. 32	Námsgagnastofnun
bls. 37	Kostenko Maxim/Shutterstock.com
bls. 53	Finnur Torfi Gunnarsson og Jónas Reynir Gunnarsson
bls. 55	Kiselev Andrey Valervich/Shutterstock.com
bls. 57	Royik Yevgen/Shutterstock.com
bls. 58	Lára Garðarsdóttir
bls. 60 og 61	donatas1205/Shutterstock.com
bls. 64	Myimagine/Shutterstock.com
bls. 70	efri Atli Vigfússon/Mbl.is, neðri t.v. Árni Sæberg/Mbl.is, neðri t.h. Ómar Óskarsson/Mbl.is
bls. 69	Lightspring/Shutterstock.com
bls. 72	efsta Golli/Kjartan Þorbjörnsson/Mbl.is, miðja t.v. Gunnlaugur Júlíusson, miðja t.h. Ernst Daniel Scheffer/Dreamstime.com, neðsta Eyþór Árnason
bls.73	umferðarskilti eru fengin af vef Samgöngustofu, önnur skilti eru frá Shutterstock.com
bls. 77	Sergey Nivens/Shutterstock.com
bls. 82	Voronin 76/Shutterstock.com
bls. 84	ljósmyndari ótilgreindur
bls. 85	Námsgangstofnun
bls. 100	Lára Garðarsdóttir
bls. 104	Andrzej Fryda/Shutterstock.com
bls. 110	Lertsakwiman/Shutterstock.com
bls. 115	exopixel/Shutterstock.com
bls. 117	Sergei Nivens/Shutterstock.com
bls. 123	Calvste/Shutterstock.com
bls. 133	pakornkrit/Shutterstock.com
bls. 135	t.v. Sveinn Þormóðsson/Ljósmyndasafn Reykjavíkur, efsta t.h. Worldshots/Dreamstime.com, miðja t.h. Martin Molcan/Dreamstime.com, neðsta t.h. Scattoselvaggio/Dreamstime.com
bls. 140	Eric Isselee/Shutterstock.com
bls. 142	ostill/Shutterstock.com
bls. 149	Vladislav Gajic/Shutterstock.com
bls. 153	bernashafo/Shutterstock.com
bls. 159	Petr Student/Shutterstock.com
bls. 163	Námsgagnastofnun af höggmyndinni „Tómas Guðmundsson" eftir Höllu Gunnarsdóttur (2010), birt með leyfi Listasafns Reykjavíkur
bls. 168	efri Cvandyke/Shutterstock.com, neðri Madrabothair/Dreamstime.com
bls. 173	Sigrún Valdimarsdóttir
bls. 176	Eskemar/Shuterstock.com

TIL NEMANDA

Þessi bók er eign skólans þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.

Skóli			Bók nr. Tekin í notkun	
Nemandi/bekkur	Útlán: dags.	Ástand	Skil: dags.	Ástand

1) Nafn nemanda skal greinilega skrifað í línurnar hér að ofan.
2) Ástandi bókar við útlán og skil skal lýst þannig:
   N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.

Neistar

Texta- og verkefnabók í íslensku

Langar þig að leika þér með íslenskuna um leið og þú lærir hana? Finnst þér spennandi að rannsaka tungumálið og nota það á skapandi hátt? Þá eru *Neistar* námsefni fyrir þig.

Í *Neistum* færðu meðal annars tækifæri til að æfa framsögn, ritun og lestur, taka þátt í umræðum og spá í málfræði og málnotkun.

Neistar fylgja í kjölfarið á *Kveikjum* sem tilheyra sama flokki íslenskuefnis fyrir unglingastig.

Höfundar eru Davíð A. Stefánsson og Sigrún Valdimarsdóttir.

Lára Garðarsdóttir teiknaði myndir.

NÁMSGAGNASTOFNUN
07106

ISBN 978-9979-0-1893-3
9 789979 018933